

STEFÁN MÁNI SIGPÓRSSON
Segir sjósund vera
allra meina bót
• heilsa
ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



FORVARNIR
Reglubundin fræðsla,
stuðningur og þjónusta
Sérblað um forvarnir
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR
Heimilislaus
í London
Borin út af fögeta vegna vanskila leigusálans
FÓLK 26



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

14. október 2008 – 281. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Syngur Bubbalag

Hárgreiðslumaðurinn
Skjöldur Eyfjörð hefur
endurgert Bubbalagið
Fjöllin
hafa
vakað.
FÓLK 26



Hagsmunir Evrópu

„Við hinar þjóðirnar í Evrópu
viljum sjá fulla þátttöku Íslands
nú tímanum í Evrópusamstarfinu,“
skrifar Carl B. Hamilton, sænskur
þingmaður.

UMRÆÐAN 14




Krafa um sigur


Ólafur Jóhannesson
landsliðsþjálfari
gerir þá kröfu
að Ísland leggi
Makedóníu að
velli á morgun.
ÍÞRÓTTIR 22

Bleika slaufan

–árvekinásítak um brjóstakrabbamein
Söfnunarmarkmið 40.000 slaufur



VEÐRIÐ Í DAG



VÆTA Á LEIÐINI Í dag verður
heldur vaxandi suðaustanátt, 3-10
m/s hvassast syðst. Rigning sunnan
til og vestan þegar liður á daginn,
annars yfirleitt bjart með köflum.
Hiti 3-9 stig, mildast suðvestan til.

VEÐUR 4

Aðstoð gjaldeyrissjóðsins byggð á íslenskri áætlun

Stjórnvöld vinna að efnahagsáætlun sem verður lögð til grundvallar í viðræðum við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Það ræðst í vikunni hvort óskað verður eftir aðstoð. Sjóðurinn íhugar peningamálastefnuna.

EFNAHAGSMÁL Íslensk stjórnvöld vinna að því að semja áætlun um aðgerðir í efnahagsmálum. Sú áætlun verður lögð fyrir Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst. Þá ræða menn í framhaldinu þá áætlun og það sem sjóðurinn sjálfur hefur fram að færa áður en ákveðið verður hvort sjóðurinn veitir Íslendingum efnahagsaðstoð.

„Reiknað er með því að aðkoma sjóðsins verði öðruvísi en verið hefur undanfarna áratugi,“ sagði Árni M. Mathiesen fjármálaráðherra í samtali við Fréttastofu Stöðvar tvö í gærkvöldi. Hann skýrði þetta ekki nánar.

Hingað til hefur ein meginforsenda fyrir verulegri efnahagsaðstoð Alþjóðagjaldeyrissjóðsins verið sú að sendinefndir hans hafa í

raun tekið við stjórn efnahagsmála, eða ekki veitt aðstoðina nema að uppfylltum ströngum skilyrðum, yfirleitt um mikla markaðsvæðingu hjá innviðum samfélagsins.

Sendinefnd frá sjóðnum er stödd hér á landi. Eftir því sem næst verður komist sendir hún reglulega upplýsingar utan um stöðu mála hér.

Í skýrslu sjóðsins um íslensk efnahagsmál frá í sumar, var meðal annars lögð mikil áhersla á markaðsvæðingu Íbúðalánasjóðs og samdrátt opinberra útgjalda. Enn fremur að Seðlabankinn héldi fast við peningamálastefnuna. Hún mun vera eitt af því sem sendinefndin veltir fyrir sér nú. Aðstæður hér hafa raunar tekið nokkrum breytingum frá í sumar.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yrði aðstoðin veitt í formi láns. Engar upplýsingar fást um fjárhæð lánsins.

Hvorki forsætis- né viðskiptaráðherra hafa útilokað efnahagsaðstoð frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Geir H. Haarde sagði seinast í gær að engin ákvörðun hefði verið tekin.

Árni M. Mathiesen er á ársfundi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans. Hann er væntanlegur heim á miðvikudag. Ákvörðunar um hvort óskað verði aðstoðar verður tekin eftir það, líklegast í þessari viku.

Sendinefnd undir forystu alþjóðasviðs Seðlabankans flaug til Rússlands í gær. Viðræður um 4.000 milljóna evra lán hefjast í Moskvu í dag.

- ikh



ÓHAPPAPRENNNA Þessir fyrrverandi starfsmenn í fjármálagæiranum, sem nú eru atvinnulausir, léku listir sínar fyrir gesti og gangandi við kauphöllina í New York í gær. Hlutabréfavisitalan Dow Jones hækkaði um rúmlega ellefu prósent í gærkvöldi, sem er mesta prósentuhækkun síðan 1933.

NORDICPHOTOS/AFP

Ísland er rúið lánstrausti í alþjóðaviðskiptum:

Gjaldeyrsviðskipti enn í ólestri

EFNAHAGSMÁL Verulegir hnókrar hafa verið á gjaldeyrsviðskiptum Íslendinga frá því á fimmtudag. Geir H. Haarde forsætisráðherra hafði bundið vonir við að þau viðskipti kæmst í eðlilegt horf í gær. Sú varð ekki raunin.

Fjölmargir heildsalar fengu ekki gjaldeyri til að greiða birgjum sínum, útflytjendur gátu ekki tekið við greiðslum og námsmenn erlendis gátu ekki tekið út gjaldyri. Þar að auki hamlar það fjölmörgum fyrirtækjum að algjört

vantraust ríkir gagnvart íslenskum fyrirtækjum.

„Ástandið er meira að segja þannig að næststærsti matvælaframleiðandi í heimi getur ekki selt fyrirtæki, sem er rekið af íslenska ríkinu, vörur því lánstraust er ekki til staðar,“ segir Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu. „Þetta er ekki algilt en mjög víða er það þannig að fyrirtæki krefjist staðgreiðslu.“ Seðlabankinn hefur gripið til

tímabundinnar temprunar á útlæði gjaldeyris en í því felst meðal annars að fyrirtæki þurfa að sækja um gjaldeyri sem síðan er skammtað.

Knútur Sigmarsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra kaupmanna, segir heildsala vitanlega afar ósáttá. „Menn spyrja: hvar er þessi gjaldeyrissvarasjóður okkar sem átti að duga í átta til níu mánuði? Hvar eru þessar lánaflínur við Skandinavíu?“

- jse

Greiðsluafgangur nýttur: Ekki stórfelldur niðurskurður

EFNAHAGSMÁL Össur Skarphéðinson iðnaðarráðherra segir ríkið vera vel undir það búíð að taka á sig byrðar. Stórar og miklar innistæður vegna greiðsluafgangs ríkissjóðs síðustu ára séu í Seðlabankanum sem gripið verði til.

„Það er alveg ljóst að tekjur hins opinbera munu dragast saman. Við ætlum hins vegar ekki að skera niður framkvæmdir í stórum stíl og munum gripa til innistæðna okkar í Seðlabankanum. Þá er ljóst að ýmsa þjónustu verður að efla, svo sem til liðsinnis og bóta fyrir þá sem koma illa út,“ segir Össur.

Hann segir ríkisbankana verða notaða til að smyrja hjól atvinnulífsins. „Þeir munu gegna lykilhlutverki í því endurreisnarsarfi sem fram undan er og við ætlum að leiða til lykta fyrir en margur hyggur.“



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON

- kóp

Vinnuálastofnun:

Vel tekið á móti atvinnulausum

ATVINNA Ýmis úrræði eru í boði fyrir þá sem missa vinnuna í þeim efnahagsþrengingum sem nú ganga yfir þjóðina.

Hugrún Jóhannesdóttir, forstöðumaður Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins, segir Vinnuálastofnun tryggja þeim aðstoð sem til hennar leita. „Við reynum að flýta þessu ferli eins og hægt er svo menn fái sem fyrst þær bætur sem þeir eiga rétt á,“ segir hún og bendir á að fjöldi leiða sé í boði til að hjálpa fólki að fóta sig í lífinu að nýju.

- hs / sjá Allt í miðju blaðsins

Fréttablaðið er með 116%
meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...
...alla daga

Meðallestur á tölublað m.v. höfuðborgarsvæðið
18-49 ára. Könnun Capacent í maí-júlí 2008.

SPURNING DAGSINS

Dóra, eruð þið að súpa seyðið af kreppunni?

„Ja, betra er að borða súpu en að sitja í henni.“

Veitingahúsið Á næstu grösom bauð gestum og gangandi upp á súpu og brauð í gær. Dóra Svavarsdóttir er einn af eigendum staðarins.

Ráðherrarnir hafa ólíka sýn á framtíðarkosti landsins:

Geir ósammála Ingibjörgu

UTANRÍKISMÁL Geir H. Haarde forsætisráðherra er ekki sammála Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur utanríkisráðherra um að nú sé um tvennt að velja fyrir Íslendinga: annaðhvort að ganga í Evrópusambandið eða hverfa aftur til fortíðar.

Ingibjörg lýsti þessari skoðun sinni í grein sem birtist í Morgunblaðinu í gær. Kristinn H. Gunnarsson, þingmaður Frjálslyndra, spurði Geir í óundirbúnum fyrirspurnartíma á Alþingi í gær hvort hann teldi það málefnalegt að stilla umræðunni þannig upp að þeir sem ekki aðhylltust inngöngu í Evrópusambandið umsvifalaust

væru talsmenn þess að hverfa aftur til fortíðar.

Geir kvaðst sammála Kristni um að andstaða við inngöngu í Evrópusambandið jafngilti ekki því að vilja hverfa aftur til fortíðar. En hann tjáði sig ekki um málið að öðru leyti.

Kristinn gagnrýndi utanríkisráðherra sérstaklega fyrir ómálefnalegt innlegg á svo viðsjárverðum tímum.

- jse

INGIBJÖRG SÓLRÚN OG GEIR Þegar kemur að Evrópumræðunni ganga þau tvö ekki í takt en Geir og Kristinn H. Gunnarsson fundu þar nokkurn samhljóm í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



Forseti Íslands um útrásina:

Auðæfi skiluðu sér í þjóðarbúið

FORSETI „Það má vel vera að í hugum einhverra hafi það skaðað embættið,“ sagði Ólafur Ragnar Grímsson þegar hann var spurður hvort hann hafi skaðað embættið með því að lofsyngja útrásina og að hafa verið oft í slagtoppi með þeim sem fremstir fóru í henni.

Hann sagði enn fremur að eflaust hafi hann kveðið of hart að þegar hann talaði um útrásina en hann minnti einnig á að útrásin væri ekki aðeins verkefni sem fáir útvaldir stunduðu. Útrás banka og fjármálafyrirtækja hefði skilað miklum auðæfum í þjóðarbúið sem flestir hefðu notið góðs af í árafjöld.

- jse



ÓGMUNDUR JÓNASSON Formaður þingflokks Vinstri grænna.

Þingflokkur Vinstri grænna:

Vill rannsókn á bankamönnum

STJÓRN MÁL Þingflokkur Vinstri grænna krefst rannsóknar á öllum viðskiptum stærstu eigenda Glitnis, Landsbanka Íslands og Kaupþings, bankaráðsmanna, bankastjóra og æðstu stjórnenda síðustu tólf mánuði. „Sérstaklega verði skoðaðar hugsanlegar millifærslur til erlendra banka og annarra fjármálafyrirtækja. Einnig verði rannsókuð gjaldeyriskaup bankanna síðastliðna tólf mánuði, hvernig að þeim var staðið og þau fjármögnuð. Loks fari fram sérstök athugun á því hvernig bankarnir hafa staðið að eignastýringu, ráðgjöf og flutningi peninga almennra viðskiptavina af bankareikningum yfir í sjóði, hlutabréfasöfn, peningamarkaðsreikninga og aðra ótryggari fjárvörslu og ávöxtun á umræddu tímabili.“

- gar



TÓNLISTARHÚS Í SMÍÐUM Byggingu verður haldið áfram.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Forvígismenn tónlistarhúss:

Ætla hvergi að slaka á kröfum

BORGARMÁL Í yfirlýsingu frá helstu forvígismönnum tónlistarhússins, sem er að rísa við höfnina í Reykjavík, segir að hvergi verði slakað á ítrustu kröfum um byggingu hússins, þrátt fyrir erfiðleika í efnahagslífinu um þessar mundir.

„Við höfum ekki í hyggju að hætta við – eins og aðrir hafa gert,“ segir í yfirlýsingu frá Vladimir Ashkenazy, sem mun leiða verkefnaval hússins fyrstu árin, Ólafi Eliassyni hönnuði, Peer Teggaard Jeppesen arkitekt og Jasper Parrott ráðgjafa.

„Íslendingar eiga þetta mikla hús skilið og við munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að ljúka megi byggingu þess með farsælum hætti,“ segir í yfirlýsingu.

- gb

Lífeyrissjóðir skoða kaup á Kaupþingi

Viðræður eru komnar á skrið milli fimm lífeyrissjóða og stjórnvalda um kaup sjóðanna á Kaupþingi. Rætt er um að sjóðirnir eignist nauman meirihluta. Ákvörðun verður tekin í dag um hvort formlegt tilboð verður lagt fram.

EFNAHAGSMÁL Viðræður hafa átt sér stað milli fulltrúa fimm lífeyrissjóða og stjórnvalda um kaup sjóðanna á hluta eigna og reksturs Kaupþing. Verði af kaupunum munu sjóðirnir eiga 51 prósent, en ótilgreindir fjárfestar afganginn.

Sjóðirnir sem um ræðir eru: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins,

Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Sameinandi lífeyrissjóðurinn, Gildi og Stafir. Fulltrúi þeirra hitu forsætis-, menntamála-, viðskipta- og iðnaðarráðherra á fundi á sunnudagskvöld. Stjórnvöld taka vel í aðkomu sjóðanna.

„Við höfum verið að vinna að þessu undanfarna daga, að skoða hvort við getum komið að þessu með einhverjum hætti og náð aftur einhverju af þeim verðmætum sem glötuðust,“ segir Þorgeir Eyjólfsson, forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Hann segir viðræður við stjórnvöld hafa verið óformlegar en vel hafi verið tekið í hugmyndir um aðkomu sjóðanna. „Við fundum mikinn velvilja gagnvart hugmyndinni.“

Þorgeir vill ekki upplýsa hvaða fjárfestar kæmu að kaupunum ef



KAUPÞING Fimm lífeyrissjóðir eru nú í viðræðum við ríkisvaldið um að kaupa 51 prósent hlut í Kaupþingi. Fjárfestar myndu kaupa afganginn. Ákvörðun verður tekin í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

af þeim yrði. „Við stefnum að því að eignast 51 prósent. Hryggjarkykkið yrði starfsemi hér innanlands. Það yrði mjög takmarkað hvað yrði af erlendri starfsemi.“

Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra segist lítast ákaflega vel á hugmyndir lífeyrissjóðanna. „Það yrði djarft útspil hjá lífeyrissjóðunum til að verja eigin sínar. Ljóst er að þeir eiga mikið í húfi og þetta yrði djarfmannlega og vel teft. Ég tel það miklu hugnanlegra, í þeirri stöðu sem Íslendingar hafa ratað í, ef hér er starfandi einn einkabanki til mótvægis við ríkisbankana sem ljóst er að munu starfa hér um nokkurt skeið.“

Össur segist telja lífeyrissjóðina munu gegna mikilvægu hlutverki í endurreisnarstarfi. „Ég held að Ísland verði mun fljórtari til að hrísta af sér doðann og rísa úr öskustónni en menn gera sér í hugarlund. Það að lífeyrissjóðirnir, með sín félagslegu markmið að leiðarljósi, verði öflug tæki í endurreisninni hugnast mér vel. Slíkur banki myndi vaxa vel og kynni að gefa sjóðunum góða ávöxtun á sitt fé.“

Málið var kynnt stjórnnum einstakra lífeyrissjóða í gærkvöldi og í dag verður tekin ákvörðun um hvort formlegt tilboð verður lagt fram í Kaupþing.

kolbeinn@frettabladid.is

Forseti Íslands hóf vinnustaðaheimsóknir sínar í Reykjavík í gær:

Stappar stálinu í þjóðina

EFNAHAGSMÁL Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, mun á næstu dögum heimsækja vinnustaði, skóla, samfélagsstofnanir, byggðarlög og hjálparmiðstöðvar og ræða við fólk. Forsetinn fór í fyrstu heimsóknirnar í gær en þá heimsótti hann HB Granda og tölvuleikjafyrirtækið CCP og ræddi við starfsfólk þessara fyrirtækja.

Í fréttatilkynningu frá forsetaembættinu segir að í heimsóknunum verði lögð áhersla á samræður um hvernig Íslendingar geti treyst undirstöður efnahagslífs og samfélags, sótt fram til nýrri og betri tíma, nýtt margvíslegar auðindir landsins og fjölþættan mannaúð sem þjóðin býr yfir. Mikilvægt sé að efla samstöðu og gagnkvæman stuðning

landsmanna, bjartsýni og sóknarhug.

Forsetinn hóf heimsókn sína í HB Granda í gær með því að ræða við Eggert B. Guðmundsson forstjóra og Árna Vilhjálmsson, stjórnarformann HB Granda, og ræða svo við starfsfólk fyrirtækisins á íslensku og ensku í matsalnum. Starfsfólkið ræddi áhyggjur sínar og annað sem brennur á fólk.

Forsetinn og fylgdarlið hans héldu svo áfram för og heimsóttu CCP þar sem meðal annars kom fram að fyrirtækið hefði ekki verið byggt upp fyrir peninga heldur hugvit og samstöðu og sameiginlegt átak starfsfólksins. Þar hefðu menn eitt sinn verið launalausir í þrjá mánuði.

- ghs



RÆDDI BRENNANDI SPURNINGAR Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, heimsótti HB Granda og tölvuleikjafyrirtækið CCP í gær. Starfsfólkið ræddi það sem brennur á því þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



FRÉSTUN Þór Sigfússon á ekki von á stórfelldum uppsögnum hjá Sjóvá-Almennum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Sjóvá-Almennar:

Fresta hluta launagreiðslna lykilstjórnenda

VIÐSKIPTI „Félagið stendur traustum fótum. Hins vegar eru hagræðingartímar fram undan og við vildum ganga á undan og sýna gott fordæmi,“ segir Þór Sigfússon, forstjóri Sjóvá-Almennra. Í vikulegum tölvupósti sem starfsfólki barst í gær kemur fram að sem nemur tíu prósentum af launagreiðslum fimmtán lykilstjórnenda hafi verið frestað um óákveðinn tíma.

Aðspurður segist Þór ekki eiga von á stórfelldum uppsögnum hjá félaginu. „Við munum leita allra leiða til að hagræða í rekstrinum, og höfum þegar náð fram gríðarlegri hagræðingu,“ segir Þór.

- kg



ÓVISSA Engin framleiðsla á sér stað á byggingarsvæði bíóhúss í Egilshöll.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


Bygging bíóhúss í Egilshöll:

Framkvæmdir nánast stöpp

FRAMKVÆMDIR „Augljóslega ríkir óvissa um framhald verkefnisins. Við höfum nánast stöðvað framkvæmdir meðan fjármagn er ótrygt,“ segir Gylfi Gíslason, framkvæmdastjóri byggingarfyrirtækisins Jáverk ehf. Um 150 starfsmenn hafa undanfarið unnið að byggingu bíóhúss í Egilshöll fyrir Nýsi hf.

Gylfi segir enga framleiðslu eiga sér stað á byggingarsvæðinu eins og er. „Við erum að verja bygginguna, taka til á svæðinu og svo framvegis. Það er enginn að hamast við að framleiða meðan enginn veit hvernig þetta endar. Fjármögnunaraðilinn, Landsbankinn, er ekki til lengur,“ segir Gylfi.

- kg



Horfðu á sjónvarpið í Veröld Nova!

Veröld Nova er einkaskemmtistaður viðskiptavina Nova. Þar getur þú fylgst með fréttunum á mbl.is, Stöð 2, RÚV og CNN. Þú getur einnig horft á myndskaið úr Ríkinu, Dagvaktinni, Næturvaktinni og öllum þessum vöktum. Upplifðu Veröld Nova!
Símatilboð Nova gilda í áskrift og frelsi. **Skiptu núna!**



VERÖLD NOVA *Nýtt!*

**Netið í símann
frítt til 1. jan!**

Sony Ericsson G502

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.



Nokia 5320 ExpressMusic

útborgun

0 kr.

Afborgun 2.000 kr. á mán.
2.000 kr. notkun fylgir!

Fullt verð 24.000 kr.

**0 kr. Nova
í Nova!**

**Stærsti
skemmtistaður
í heimi!**

Verslanir Kringlunni, Smáralind og Lág múla | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

NOVA

GAJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	110,36	110,88
Sterlingspund	190,2	191,12
Evra	149,79	150,63
Dönsk króna	20,095	20,213
Norsk króna	17,776	17,88
Sænsk króna	15,549	15,641
Japanskt jen	1,0969	1,1033
SDR	168,46	169,46

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
199,9911
HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Samið um Icesave undir brugðnu sverði Breta, segir starfandi utanríkisráðherra:

Bretar lána 100 milljónir punda

EFNAHAGSMÁL Fjármálaráðherra Bretlands skýrði frá því í gær að ríkissjóður landsins hefði lánað Landsbankanum 100 milljónir punda, jafnvirði um 20 milljarða króna, til að standa straum af greiðslum til innistæðueigenda í Icesave.



LANDSBANKINN Starfandi utanríkisráðherra er ekki viss um að samningar náist á næstu dögum við Breta um Icesave-reikninga Landsbankans. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Lánið sem kynnt var í gær er ekki hluti af samningum um ábyrgðargreiðslur Íslendinga vegna Icesave í Bretlandi. Það mál er enn ófárgengið. Sagt er að ábyrgð Íslendinga nemi um 400 milljörðum króna en að eignir séu fyrir því að mestu. „Það stendur að okkur brugðni sverð á annað borðið og fallbyssukjauftur á hitt. Það tekur tíma að

ráðherra, sem kveðst ekki viss um að samningarnir við Breta verði leiddir til lykta á allra næstu dögum.

Össur segir mikilvægt að búið sé „að leiða málið í jörð“ í ýmsum öðrum löndum þar sem íslenskættuð fyrirtæki hafi stundað fjármála- viðskipti af þessum toga. Það eigi til dæmis við um Noreg, Finnland og Svíþjóð.

„Það er ýmist verið að ganga frá málum með praktískum hætti, eða íslensk stjórnvöld hafa haft frumkvæði að því að hafa samband við stjórnvöld í viðkomandi löndum. Viðskiptaráðherra hefur verið að þessu síðustu daga.“ - kóp, gar

Álver á Bakka:

Þing á ekki að flækjast fyrir

UMHVERFISMÁL Ekki kemur til greina að draga til baka ákvörðun um heildstætt umhverfismat vegna fyrirhugaðs álvers á Bakka,



segir Þórunn Sveinbjarnardóttir umhverfissráðherra. Jón Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokks, spurði hana hvort það kæmi til greina að endurskoða þessa ákvörðun í ljósi þeirra þrenginga sem nú er við að etja í íslensku efnahagslífi. Sagði hann ekki stætt á því að þingið væri að flækjast fyrir með reglum sem væru til þess fallnar að tefja fyrir. Þórunn undraðist orð þingmannsins og spurði hvort hann væri að mælast til þess að Íslendingar hundsuðu EES-samninginn og skuldbindingar sem Íslendingar hafa tekið á sig. - jse

ALÞINGI

Sérstakar efnahagsmætur

Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, greindi frá því í gær að sérstakar umræður yrðu á Alþingi um stöðuna í efnahags- og bankamálum í vikunni, líklega á morgun.

Ný á þingi

Sigríður Andersen, fyrsti varaþingmaður Sjálfstæðisflokksins í Reykjavíkarkjördæmi norður, tók sæti á þingi í fyrsta sinn í gær.

ÁRÉTTING

Vegna fréttar á blaðsíðu 34 á laugardag um Kaupmannahafnarferð starfsmanna Kaupþings vill Benedikt Sigurðsson, upplýsingafulltrúi fyrirtækisins, áréttar að það voru starfsmenn eins útíbús sem ákváðu í vor að fara til Kaupmannahafnar með haustinu. Þeir greiddu sjálfir fyrir sína ferð.

Gráta uppsagnir og innhaldslaus loforð

Tæplega þúsund fleiri eru atvinnulausir nú en í síðasta mánuði. Fólk grætur sína stöðu, að sögn framkvæmdastjóra Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja. Misvísandi skilaboð og innistæðulaus loforð ráðamanna ekki til bóta.

ATVINNUMÁL „Það er samt ósköp einfalt frá því að segja að margir þeirra sem eru að missa vinnuna hreinlega gráta sína stöðu,“ segir Friðbert Traustason, formaður Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Atvinnulausum hefur fjölgað um tæplega þúsund manns frá því í síðasta mánuði. Þetta kom fram á vef Vinnumálastofnunar í gær.

Að meðaltali voru atvinnulausir 2.229 í síðasta mánuði en eru nú 3.143. Í fyrra voru atvinnulausir í september 1.336 talsins.

Friðbert segir að talið sé að alls eigi 300 starfsmenn Landsbankans og um 100 starfsmenn Glitnis eftir að missa vinnuna. Ekki sé vitað um hvernig málum verði háttað hjá Kaupþingi.

Friðbert segir fólk taka atvinnu- missinn mjög nærri sér. Oft sé um að ræða fólk með ung börn með skuldir á bakinu vegna húsnæðiskaupa og námslána. Staða þess nú reyni mjög á og sárnar mörgum að ráðamenn standi ekki við orð sín, þá til dæmis Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra sem hafi margoft gefið frá sér misvísandi skilaboð. Í viðtali við 24 stundir hinn 10. október var til dæmis haft eftir honum: „Ríkið yfirtekur ekki starfsemina erlendis og því miður er þar hópur sem verður eftir. Okkur þykir það gríðarlega leit en eins og við lýstum yfir þá halda allir þeir starfsmenn sem vinna við íslensku starfsemina, útíbuð og netið vinnu sinni, sem betur fer.“ Þá segir Friðbert Björgvin hafa



LANDSBANKANUM Uppsagnir hafa fyrst og fremst verið á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum. Hjá Vinnumálastofnun er talið að atvinnuleysið fari að aukast annars staðar, til dæmis á Norðurlandi eystra og Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR



FRÍÐBERT TRAUSTASON

hafi komið í ljós að það var ekki víst þar sem ákvæði um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum voru numin úr gildi þegar ríkisstjórnin setti neyðarlögin. „Nú hafa nýir stjórn-

endur innan bankanna þó sagt að þeir sem missi starfið muni halda kjörum samkvæmt kjarasamningum. Við trúum því,“ segir hann.

Karl Sigurðsson, starfsmaður Vinnumálastofnunar, segir að ráðningum sé að fækka og nýskráningum atvinnulausra fjölgi mjög.

Uppsagnir hafa hingað til fyrst og fremst verið á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum en Karl segir viðbúið að atvinnuleysið fari að aukast annars staðar, til dæmis á Norðurlandi eystra og Suðurlandi. karen@frettabladid.is ghs@frettabladid.is

Uppsagnir í bönkum:

Bankamenn flýja land

VINNUMARKAÐUR Friðbert Traustason, framkvæmdastjóri Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja, SSF, telur að margir af þeim bankamönnum sem hafa verið að fá uppsagnarbréf síðustu daga og mánuði flýi land og útvegi sér vinnu í útlöndum ef ekki rættist hratt úr atvinnuástandinu.

Friðbert bendir á að margt af þessu fólki tali tungumál nágrannaþjóðanna, hafi „miklar og góðar háskólagráður.“

„Ég er sannfærður um að eitthvað af þessu fólki á heiman- gengt og hluti af því mun skoða það að flytja utan ef ekki rættist úr hér heima,“ segir hann. - ghs



KIM JONG-IL Leiðtogi N-Kóreu sást í sjónvarpi um helgina í fyrsta sinn eftir alvarleg veikindi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bandaríkin gefa eftir:

Norður-Kórea leyfir eftirlit

NORÐUR-KÓREA, AP Stjórnvöld í Norður-Kóreu hafa á ný leyft erlendum kjarnorkueftirlitsmönnum að skoða aðalkjarnorkuver landsins.

Um miðjan ágúst lokuðu stjórnvöld á allt kjarnorkueftirlit og sögðust ætla að gangsetja kjarnorkubúnað sinn á ný, vegna þess að Bandaríkin höfðu ekki staðið við sinn hluta samkomulags, sem fólst meðal annars í því að Bandaríkin tækju Norður-Kóreu af lista yfir ríki, sem styðja hryðjuverkastarfsemi, gegn því að Norður-Kórea hætti við kjarnorkuáætlun sína og leyfði kjarnorkueftirlit.

Bandaríkin tóku Norður-Kóreu af listanum nú í byrjun vikunnar og í beinu framhaldi af því tóku Norður-Kóreumenn til við að efna sinn hluta samningsins. - gb

EFNAHAGSMÁL

Bretar leita til Gestis

Bresk yfirvöld hafa leitað til Gestis Jónssonar hæstaréttarlögmanns um lögræðingjónustu vegna deilunnar við íslensk stjórnvöld. Vísir.is greindi frá þessu í gær.

Imodium®


Við bráðum niðurgangi



Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Imodium® (loperamið) 2 mg töflur. Imodium er fáanlegt án lyfseðils og er notað við bráðum niðurgangi (skammtimæðiferð). Langvarandi alvarlegur niðurgangur, þ.m.t. niðurgangur vegna of hraðrar tæmingar. Skammtar og lyfjagjöf: Bráður niðurgangur: Byrja skal meðferðina með 2 töflum, en skömmtun er síðan 1 tafla eftir hverja hægðalausn með niðurgangi, þó ekki betur en 2-3 hlst. frest. Sóðhruggsamtíttur á ekki að fara yfir 8 töflur. Langvarandi niðurgangur: Skömmtun er upphafi 2 töflur. Skömmtun er síðan einstaklingsbundin á bilinu 1-8 töflur á sólarhring. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 12 ára. Varnarorð: Við langvarna bólgusjúkdöma í þörmum getur lyfið óhliðvæmni um skyndlega vensun. Lyfið hefur einungis áhrif á sjúkðömsinkenni. Ef sjúkdalur hefur hafa hita eða blóð, hægðum og ef meðferð á að vera langvarandi, þarf að finna og meðhöndla undirliggjandi orsök eins og kostur er. Imodium meðferð skal stöðva við merki um óflugaþjálfandi þarmahreyfingar. Sjáist bati ekki innan tveggja sólarhringa við bráðum niðurgangi, á að hætta gjöf Imodium og huga aðra meðferð. Hjú alnæmissjúklingum á meðferð með Imodium á að stöðva meðferð við fyrstu merki um þannig kvíð. Tilkynnt hefur verið um einstaka tilvik etrunarstörsils hjá alnæmissjúklingum með ristilbólgu. Imodium á að nota með varúð hjá sjúklingum með skerta lífarsarfsemi. Leitið til læknis eða lyfjaraðgangs ef þú ert á frekari upplýsingum um lyfið. Leitið fylgiseðlinn vandlega áður en þú byrjar að nota lyfið. Handhafi markabreyfis: Janssen-Cilag AB. Umbod á Íslandi: Vistor hf., Hórgatun 2, 210 Gardabær.


VEÐURSPÁ



Sigurður P. Ragnarsson
Veðurfræðingur

UMHLEYPINGAR
Nú rekur hver lægðin aðra. Ein í dag og önnur á fimmtudag. Hann sveiflast því á milli suðlægra og norðlægra átta. Þetta þýðir að um eða eftir hádegi í dag og á fimmtudag verður væta sunnan og vestan til og á morgun norðan til. Á föstudag verður víða væta og síðan snjóeða slydduél nyrðra á laugardag.

Á MORGUN
8-13 m/s austast, annars 3-8 m/s.



FIMMTUDAGUR
8-13 m/s vestan til, annars 3-8 m/s.

HEIMURINN

Kaupmannahöfn	14°
Billund	14°
Ósló	13°
Stokkhólmur	12°
Gautaborg	14°
London	18°
Paris	19°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	19°
Berlín	17°
Alicante	24°
Mallorca	20°
Basel	21°
Eindhoven	19°
Las Palmas	26°
New York	21°
Orlando	30°
San Francisco	23°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

Leitaðu nýrra leiða í dag

6 námsleiðir að hefjast

Aukið námsframboð í öllum deildum

Háskólinn á Bifröst stóreykur nú námsframboð sitt. Ákveðið hefur verið að taka nú þegar inn nýja nemendur í fjarnámi í frumgreinadeild og í allar háskóladeildir í grunnnámi. Einnig verður boðið upp á hið geysivinsæla námskeið Máttur kvenna I. Um áramót verða teknir inn nemendur í meistaranám í alþjóðlegum viðskiptum og menningarstjórnun í staðnámi. Fjarnám til MS gráðu í stjórnun heilbrigðisþjónustu og ML gráðu í skattarétti hefst einnig um áramót.

Það er stefna Háskólans á Bifröst að námsleiðir hans veiti nemendum yfirburðastöðu á vinnumarkaði þegar námi lýkur. Gríptu því einstakt tækifæri til aukinnar menntunar sem skapar þér forskot.

Byrjaðu námið strax í næstu viku!

- **FJARNÁM Í FRUMGREINAEILD**
– hefst 20. okt
- **FJARNÁM TIL BS/BA GRÁÐU**
– hefst 24. okt. Um áramót geta nemendur valið að hefja staðnám í viðskiptafræði, viðskiptalögfræði, HHS (heimspeki, hagfræði og stjórn málafræði) eða haldið áfram fjarnámi við viðskiptadeild
- **ML NÁM Í SKATTARÉTTI**
– hefst um áramót í fjarnámi
- **MA NÁM Í ALÞJÓÐLEGUM VIÐSKIPTUM**
– hefst um áramót í staðnámi
- **MA NÁM Í MENNINGARSTJÓRNUN**
– hefst um áramót í staðnámi
- **MS NÁM Í STJÓRNUN HEILBRIGÐISÞJÓNUSTU**
– hefst um áramót í fjarnámi
- **MÁTTUR KVENNA I**

WWW.BIFROST.IS

Allar nánari upplýsingar má nálgast á bifrost.is eða í síma 433 3000.

FRUMGREINAEILD

VIÐSKIPTAEILD

LAGAEILD

FÉLAGSVÍSINDEILD


HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

**KJÖRKASSINN**

Óttast þú matvæðaskort á landinu?

Já	18,7%
Nei	81,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú eða einhver sem þú þekkir misst vinnuna vegna kreppunnar?

Segðu skoðun þína á Visir.is



Stoðir áttu eftir að greiða tíu milljóna framlag til Sinfóníuhljómsveitar Íslands:

Samstarf við skóla í uppnámi

MENNING Tíu milljóna króna framlag Stoða til Sinfóníuhljómsveitar Íslands hafði ekki verið greitt þegar félagið fór í þrot. Stoðir voru annar stærsti bakhjarl hljómsveitarinnar. Stærsti bakhjarlinn, Landsbankinn, hafði greitt sinn hluta áður en ríkið tók hann yfir.

Framlag Stoða var eyrnamerkt starfi í grunnskólum. Hljóðfæra-leikarar hafa unnið með grunnskólabörnum í viku og þeim boðið á tónleika í lok samstarfsins. „Peningarnir frá Stoðum voru hugsaðir í þetta verkefni, svo það er í ákveðnu uppnámi,“ segir Þröstur Ólafsson, framkvæmdastjóri Sinfóníunnar.

Fleira mun þvingja róðurinn hjá Sinfóníunni þetta árið. Hætt er við því að aðsókn minnki með versnandi fjárhag. Þá er nokkuð stór hluti útgjalda hljómsveitarinnar í erlendri mynt. Þrátt fyrir það gerir Þröstur ekki ráð fyrir að rask verði á dagskrá Sinfóníunnar hér á landi á þessu starfsári. Allar líkur séu hins vegar á að svo verði næsta starfsár. Í lok þessa mánaðar fer Sinfóníuhljómsveitin til Japans í boði japansks velunnara.

Hætt hefur verið við aðrar ferðir sem fyrirhugaðar voru á starfsárinu, annars vegar til Spánar og hins vegar til landa í Mið-Evrópu.

- hhs



SKÓLABÖRN OG SINFÓ Tíu milljóna króna framlag Stoða til Sinfóníuhljómsveitarinnar átti að standa undir starfi hennar með grunnskólabörnum.

Kaupping selur í Storebrand: Salan þvinguð

VIÐSKIPTI Kaupping í Noregi seldi í gær tíu prósent hlut sinn í norska tryggingarfyrtækni Storebrand í áskriftasölu í gær. Söluandvirði nemur 988 milljónum norskra króna, jafnvirði sautján milljarða íslenskra.

Salan var þvinguð eftir veðkall frá Royal Bank of Scotland sem kom bréfunum í verð með áskriftasölu í gegnum hollenska risabankann ABN Amro.

Kaupping á enn tíu prósent hlut í Storebrand. Exista átti þar til á fimmtudag í síðustu viku tæpan níu prósent hlut í Storebrand. Félagið seldi hann í lok vikunnar ásamt öðrum eignum.

- jab

FJÓRHJÓLAFERDIR

ESKIMOS | Sími 822 0033 - www.eskimos.is
Ævintýrasmíða - Ferðasmíða - Viðburðasmíða



ÚTIBÚ KAUPPINGA VIÐ HLEMM Bankarnir þrír, Landsbankinn, Kaupping og Glitnir, sem nú hafa verið þjóðnýttir stóðu ekki í skilum við Tryggingasjóðinn innstæðueigenda.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Standa ekki í skilum við Tryggingasjóðinn

Bankarnir hafa ekki sett eitt prósent af innlánunum sínum í Tryggingasjóð. Þeir voru í milljarða mínus gagnvart sjóðnum í fyrra. Prettán milljarðar króna eru í sjóðnum. Ætla má að þar ættu nú að vera að minnsta kosti fjórutíu milljarðar.

VIÐSKIPTI Tryggingasjóður innstæðueigenda á samlagt um þrettán milljarða króna. Auk þess eru sex milljarðar króna í ábyrgðum frá bönkum.

Samkvæmt lögum er lágmarksstærð hans eitt prósent af innlánunum. Bankar greiða til sjóðsins.

Samanlögð innlán stóru íslensku bankanna þriggja námu hátt í 4.500 milljörðum íslenskra króna um mitt árið, miðað við gengi krónunnar þá. Megnið af þessu fé hefur verið á innlánsreikningum erlendis. Sumt var í dótturfélögum. Innstæður hjá dótturfélögum falla ekki á Tryggingasjóðinn.

Innlán í Landsbanka námu 1.600 milljörðum króna um mitt árið, miðað við þáverandi gengi. Þau falla að líkindum öll undir ábyrgð Tryggingasjóðsins. Þyngst vega innlán á svonefndum Icesave-reikningum.

Innlán í Kauppingi námu 1.848 milljörðum króna á sama tíma, á sama gengi. Nokkur hluti þess, að

minnsta kosti innlán í Bretlandi, voru í höndum dótturfélaga þar og falla undir þarlendrar tryggingar. Eftir standa 1.099 milljarðar króna.

Hjá Glitni var staðan þannig um mitt árið að 1.021 milljarðar króna voru í innlánunum. Um þriðjungur af því var í dótturfélögum í Noregi og Finnlandi. Eftir stóðu um mitt árið 681 milljarðar króna.

Samanlagt virðist mega ætla að innlán í bönkunum þremur, sem Tryggingasjóður innstæðueigenda þarf að ábyrgjast, nemi 3.380 milljörðum króna.

Miðað við skráð gengi evrunnar hjá Seðlabankanum nú nemur þessi upphæð 4.050 milljörðum króna.

Með öðrum orðum vantar allmikið í Tryggingasjóðinn innstæðueigenda. Þar er innan við helmingur af því sem þar ætti að vera. Sjóðurinn tryggir upphæðir hjá hverjum innstæðueiganda, að

lágmarki riflega tuttugu þúsundir evra.

Einn viðmælandi innan „gamla“ bankakerfisins orðaði það svo að sennilega hefðu menn ekki leitt hugann að innstæðutryggingum, gagnvart erlendum innstæðueigendum.

Eins prósent skilyrðið stóðst ekki í árslok 2007. Þá vantaði riflega tvo og hálfan milljarð króna í sjóðinn, fyrir árið 2007. Auk þess settu bankarnir ábyrgðir fyrir riflega sex milljörðum króna til viðbótar.

Engin viðurlög eru við brotum á lögum um Tryggingasjóðinn eftir því sem næst verður komist.

Jónas Þórðarson, framkvæmdastjóri sjóðsins, upplýsti um það í Markaðnum síðasta miðvikudag að sjóðnum væri heimilt að taka lán til að mæta skuldbindingum sem falla á hann. Ekki náðist í Jónas við vinnslu fréttarinnar.


ingimar@markadurinn.is

Mikil eftirsókn er nú í peningaskápa og þjónustu lífvarða og öryggisvarða:

Uppgangur í öryggisþjónustu

VIÐSKIPTI Mikil eftirsókn er nú eftir peningaskápum og þjónustu öryggisvarða og lífvarða. Ragnar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvar Íslands, telur að ekki megi nota orð eins og vertíð um það ástand sem nú ríkir í landinu. „Það hefur verið býsna mikið að gera svo ekki sé meira sagt,“ segir hann um stöðuna.

„Peningaskápar seljast nú grimmt, salan er gríðarleg,“ segir Ragnar en eftir nýliðna atburði í íslensku samfélagi ríkir vantraust á bankakerfinu og fólk kys frekar að geyma fé heima en í banka. Hann segir það valda fyrirtæki sínu þónokkrum vandkvæðum að ekki sé hægt að kaupa fleiri skápa inn til landsins vegna



FRAMKVÆMDASTJÓRINN Ragnar Þór Jónsson, framkvæmdastjóri Öryggismiðstöðvar Íslands, og starfsfólk hans hefur í mörgu að snúast þessa dagana.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

stöðunnar en þó sé einhver lager til.

Ástandið hafi einnig skapað aukna þörf á öryggisvörðum, svo sem á blaðamannafundum og í

fjármálastofnunum. Auk þess hafi nú sést hve mikilvægt sé að hafa sérþjálfaða lífverði í röðum öryggisvarða. Ragnar segist þó ekki vilja gefa upp nákvæmar tölur og upplýsingar um sérþjálfaða starfsmenn sína. Spurður hvort virkilega sé orðin raunveruleg þörf fyrir þjónustu lífvarða segir hann svo vera og bætir við að auk þess þá vilji fólk ekki bíða og sjá hve mikil hún sé nákvæmlega. „Okkar starf snýst jú fyrst og fremst um forvarnir.“ Hann segir að enn sé ekki búð að taka ákvörðun um hvort raunveruleg þörf sé til starfa. Rykið þurfi að setjast í samfélaginu áður en hægt sé að huga að því.

- kdk

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki

VEISTU SVARIÐ?



- 1 Hvað heitir viðskiptaráðherra?
- 2 Hvaða íslenska hljómsveit var nýlega í Nashville?
- 3 Hver var valinn besti leikmaður sumarsins í efstu deild karla í knattspyrnu?

SVÖRIN ERU Á Síðu 26

Mikið álag á fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu:

Sjö menn í gæsluvarðhaldi

LÖGREGLUMÁL Mikið álag er nú á fíkniefnadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, að sögn Karls Steinars Valssonar, yfirmanns deildarinnar. Sjö manns sitja nú í gæsluvarðhaldi vegna rannsókna á þremur fíkniefnamálum, þar af tveimur mjög stórum. Um er að ræða tvö stór smyglmál, þar sem reynt var að smygla miklu magni af fíkniefnum með ferjunni Norrænu, annars vegar í húsbíl og hins vegar í fólksbífreid. Þá rannsakar lögregla mál er varðar fíkniefnasendingu sem tollgæslan tók.

„Við erum í kapphlaupi við tímunn þegar við erum með menn í

svona stórum málum í gæsluvarðhaldi,“ útskýrir Karl Steinar. „Við höfum metnað til að klára málin hratt og vel, þannig að það er þokkalegt álag sem fylgir því. Þessu til viðbótar erum við að taka smásalana.“

Það nýjasta í þeim efnum er að fjórir karlmenn milli tvítugs og þrítugs voru handteknir síðdegis á föstudag. Við leit fundust allt að fimmtíu grömm af amfetamíni og smáræði af kannabísefnum sem lögreglan telur að hafi verið ætlað til sölu og dreifingar. Mönnunum var öllum sleppt að lokinni yfirheyrslu. Þeir hafa allir áður komið við sögu í fíkniefnamálum. - jss



KARL STEINAR VALSSON Fíkniefnadeildin í kapphlaupi við tímunn.

Fannst með höfuðáverka:

Yfirheyrslur ekki mögulegar

LÖGREGLAN Enn hefur lögreglu ekki reynt unnt að yfirheyrja ungan mann, Össur Pétur Össurarson, sem fannst með lífshættulega áverka á höfði í byrjun september. Hann er kominn til meðvitundar.

Össur Pétur fannst með lífshættulega áverka 6. september síðastliðinn á mótum Laugavegs, Skúlagötu og Höfðatúns. Hlaut hann mar á heila auk þess sem hann tvíhöfuðkúpubrotnaði. Lögregla rannsakar enn með hvaða hloti þessi maðurinn kunni að hafa hlotið þessa alvarlegu áverka.

- jss

Samkomulag í uppnámi:

Mbeki stýrir neyðarfundum

SIMBABVE, AP Thabo Mbeki, fyrrverandi forseti Suður-Afríku, ætlar að stýra neyðarviðræðum í Simbabve milli andstæðra fylkinga eftir að samkomulag þeirra um að deila með sér völdum var komið í uppnám.



ROBERT MUGABE

Morgan Tsvangirai, leiðtogi stjórnarandstöðunnar, hafði fallist á að Robert Mugabe yrði áfram forseti gegn því að hann yrði forsætisráðherra. Eftir að Mugabe hafði skipað sína menn í helstu ráðherraembætti, þvert ofan í vilja Tsvangirais, virtist samkomulagið fallið um sjálft sig. Evrópusambandið fordæmir ráðstöfun Mugabes. - gb

Fréttir af efnahagshruni:

Aldrei meiri sókn í fréttir

FJÖLMIDLAR Í kjölfar mestu áfalla í sögu íslensks efnahagslífs náði umferðin á íslensku fréttavefina nýjum hæðum í nýliðinni viku. Þetta kom fram í gær á síðunni modernus.is, sem sér um mælingar á netnotkun.

Einnig kemur fram að mbl.is setti nýtt met yfir flestar heimsóknir og síðuflettingar í vikunni, en aðeins eve-online.com hefur státað af fleiri notendum í einni viku. Mikil skoðun er einnig á visir.is, dv.is og ruv.is. - kdk

DÓMSTÓLAR

Skilorð eftir slagsmál

Karlmaður hefur verið dæmdur í tveggja mánaða fangelsi, skilorðsbundið, eftir að hafa lent í slagsmálum við annan mann á Reyðarfirði á síðasta ári. Sá síðarnefndi fékk einn mánuð á skilorði.

Reglur um flutning íbúðalána í mótun

Ljóst er að bankarnir verða að óska eftir flutningi íbúðalána í erlendri mynt til Íbúðalánasjóds. Að öðru leyti er óljóst hvernig og hvenær verður að því staðið. Fólk hringir mikið í bankana til að spyrjast fyrir. Von er á svörum í vikunni.

HÚSNÆÐISMÁL Óljóst er hvenær, hvernig og þá hvaða íbúðalán í erlendri mynt verða flutt frá bönkunum til Íbúðalánasjóds. Einar Örn Stefánsson, umsjónarmaður kynningar- og markaðsmála hjá Íbúðalánasjóði, segir að bankarnir verði sjálfir að óska eftir því að Íbúðalánasjóður kaupði íbúðalán bankanna í erlendri mynt. Einstaklingarnir eigi ekki að gera það.

Einstaklingar hafa verið í sambandi við bankana upp á síðkastið til að óska eftir upplýsingum um það hvort, hvernig og hvenær íbúðalánin verða flutt yfir til Íbúðalánasjóds. Einar Örn segir að verið sé að móta fyrirkomulagið og væntanlega muni félagsmálaráðherra kynna það fljótlega, jafnvel nú í vikunni. Einstaklingarnir sjálfir geti ekki beðið um þetta heldur sé ætlast til að bankarnir geri það.

„Það eru ekki einstaklingarnir sjálfir sem geta beðið um þetta og það er heldur ekki Íbúðalánasjóður sem biður um þetta heldur eru það viðkomandi fjármálastofnanir sem biðja um að flytja lánin til Íbúðalánasjóds,“ segir hann. „Væntanlega verða lánin yfirtekin á þeim kjörum og forsendum sem samið var um í upphafi, það er það eina sem við vitum í augnablikinu því ekki er búið að ganga frá þessu.“

Einar Örn segir að séu lánin hærri en hámarkslánin hjá Íbúðalánasjóði þá verði að breyta reglum en ekki hafi verið gengið frá því. Þó sé búið að ákveða að reglur Íbúðalánasjóds um greiðsluferðleika gildi um þessi lán eins og



REGLUNUM VERÐUR AÐ BREYTA Gert er ráð fyrir að það séu ekki einstaklingar sjálfir sem biðja um flutning íbúðalána í erlendri mynt til Íbúðalánasjóds heldur bankarnir. Ef íbúðalánin eru hærri en hámarkslán sjóðsins verður að breyta reglum. Vonast er til að hægt verði að kynna flutningsfyrirkomulagið í vikunni.

önnur lán sjóðsins og því verði hægt að semja um skuldbreytingu, frestun á greiðslum, frestun vegna sölutregðu og lengingu lána og svo framvegis. „Þetta mun allt gilda um þessi lán eins og þau lán sem fyrir eru,“ segir hann.

Már Másson, upplýsingafulltrúi Glitnis, segir að viðskiptavinir bankans hafi mikið samband við bankann til að ræða stöðu sína

almennt, leita sér ráðgjafar og kynna sér hvernig verði með íbúðalánin. Fyrir liggja yfirlýsing frá yfirvöldum þar sem gert sé ráð fyrir að íbúðalánin flytjist yfir til Íbúðalánasjóds en að öðru leyti sé ekkert vitað. Þetta sé væntanlega eitthvað sem stjórnvöld vinni í samstarfi við bankana og Íbúðalánasjóð.

ghs@frettabladid.is

Risatap lánardrottna og viðskiptavina í stóru bönkunum þremur:

Hluthafar eiga ekki að borga

EFNAHAGSMÁL „Hlutafélag merkir í lögum þessum félag þar sem enginn félagsmanni ber persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins“, segir í lögum um hlutafélög frá árinu 1995.

Ofangreint þýðir að engin leið er fyrir lánardrottna eða viðskiptavini bankanna þriggja, Glitnis, Landsbankans og Kaupþings, að gera kröfu á sjálfa eiginendur bankanna, hluthafana, vegna þess taps sem þeir verða fyrir vegna viðskipta sinna við bankana. Þá gildir einu hvort menn vilja gera kröfu á stóra eða smáa hluthafa; enginn þeirra ber ábyrgð á skuldbindingum bankans, hvorki auðmenn né efnalítir. Engu skiptir heldur þótt hluthafi hafi setið í stjórn banka.

Hins vegar eiga lánardrottnar kröfu á eignir bankana og skipta



BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON OG KJARTAN GUNNARSSON Hvorki fyrrverandi formaður né varaformaður Landsbankans bera persónulega ábyrgð á skuldum bankans fremur en aðrir hluthafar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

þeim á milli sín eftir forgangi og í þeim hlutföllum sem víðurkenndar kröfur hljóða upp á. Verði

afgangur eftir uppgjörið er honum skipt á milli hluthafa eftir stærð hlutar þeirra.

- gar

Kraków

październik

od **24.900** kr. w jedną stronęod **39.900** kr. w dwie strony

Oferta specjalna dla Polaków w Islandii

Biuro turystyczne Heimsferðir przygotowało wyjątkową promocję dla Polaków mieszkających w Islandii. Bezpośrednie loty z Islandii do Krakowa w październiku po okazynie niskiej cenie. Przelot w jedną lub dwie strony. Liczba miejsc ograniczona.

24.900

Cena biletu dla 1 osoby w jedną stronę przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

39.900

Cena biletu dla 1 osoby w dwie strony przy zakupie w Internecie. Cena zawiera już podatek. (Uwaga! Cena obowiązuje tylko w określonych terminach)

Keflavík-Kraków

23 października

26 października (tylko w jedną stronę)

Kraków-Keflavík

23 października



Heimsferðir



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskjala sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Boot cAMP

HJÁLPAR ÞÉR!

**NÚNA ER RÉTTI TÍMINN TIL AÐ
RÆKTA SÁL OG LÍKAMA.**

**Boot Camp býður upp á frábært
9 VIKNA HAUST-TILBOÐ
(20. OKT- 20. DES).**



**Hauستilboð - verð: 25.000 kr
með skólaafslætti: 21.500 kr**

**Skráðu þig í dag á
www.bootcamp.is**

ENGAR AFSAKANIR! - ENGIN UPPGJÖF! - HÁMARKS ÁRANGUR!

Suðurlandsbraut 6b | bootcamp@bootcamp.is | Sími: 517 6070

Boot cAMP



HLÚÐ AÐ ERNI Þessi örn, sem kúrir undir handklæði, varð fyrir skoti frá veiðþjófum í Búlgaríu. Honum var þó komið til bjargar af samtökum sem hjálpa villtum dýrum að komast aftur út í náttúruna eftir ýmiss konar áföll.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Pingkosningar í Kanada í dag virðast ekki ætla að breyta miklu:

Vonir Harpers hafa dvínað

KANADA Stephen Harper, leiðtogi Íhaldsflokksins í Kanada, gerði sér góðar vonir um að styrkja stöðu flokksins á þingi þegar hann snemma í september boðaði óvænt til kosninga, löngu áður en kjörtímabilið átti að renna út.

Í dag, rúmum fjórum vikum síðar, verður svo gengið til kosninga, en litlar líkur virðast á að Harper verði að ósk sinni um að kjósendur muni fylkja sér um íhaldsmenn.

Harper hefur verið í forystu minnihlutastjórnar íhaldsmanna á þingi síðan árið 2006, og naut til þess stuðnings frá Frjálslynda flokknum, sem er miðjuflokkur



STEPHEN HARPER Forsætisráðherra Kanada hefur fylgt harðri stefnu frjálslyggju á stjórnartíð sinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sem virðist heldur ekki ætla að ná sér mikið á strík í þessum kosningum.

Sósíaldemókratar í NDP-flokknum virðast ekki heldur ætla að

vinna mikla sigra í þessum kosningum, þannig að flest bendir til að Harper muni áfram stjórna minnihlutastjórn með stuðningi frjálslyndra næsta kjörtímabil.

Efnahagsvandræðin í heiminum hafa fælt einhverja kjósendur frá stjórnarflokki Harpers, sem hefur fylgt stefnu harðrar frjálslyggju á stjórnartíð sinni.

Harper eyðilagði einnig möguleika sína á að auka fylgi íhaldsmanna í hinu frönskumælandi Quebec-fylki með yfirlýsingum sínum um að draga eigi úr styrkjum til lista og refsna eigi afbrotamönnum á aldrinum 14-16 ára með sama hætti og fullorðnum brotamönnum. - gb

Prítugur karlmaður dæmdur: Sekt fyrir hass

DÓMSMÁL Karlmaður um þrítugt hefur verið dæmdur í 83 þúsunda króna sekt fyrir að hafa í tvígang verið með hass þegar lögregla leitaði á honum.

Í fyrra skiptið var maðurinn staddur á Laugavegi þegar á honum fundust tæp tíu grömm af hassi. Í síðara skiptið var hann á skemmtistaðnum Mónakó, þegar lögreglan tók hann með lítilræði af hassi.

Maðurinn á nokkurn sakaferil að baki. Síðast hlaut hann dóm á árinu 2005 fyrir þjófnað og tilraun til fjársvika. Var honum þá gert að sæta fangelsi í átján mánuði, dómurinn var skilorðsbundinn í fimm ár.

- jss

Stjórnmöld í ímyndarvinnu:

Reynt að bæta ímynd Íslands út á við

STJÓRNSÝSLA „Ríkisstjórnin hefur myndað samstarfshóp ýmissa fjölmiðlafulltrúa ráðherra og fleiri góðra manna. Við fylgjumst með því hvernig fjallað er um Ísland í erlendum fjölmiðlum og hvernig rétt sé að bregðast við því,“ segir Þorfinnur Ómarsson.

Þorfinnur var nýverið ráðinn upplýsingafulltrúi viðskiptaráðuneytisins, en hefur lengi starfað í fjölmiðlum.

Hann segir mikið álag á starfsmönnum ráðuneyta þessa dagana, bæði frá innlendum sem og erlendum blaðamönnum.

Almenningur hringi einnig mikið til að leita sér upplýsinga vegna efnahagsástandsins.

- kóp

Neytendur: Hefur kúnninn ekki alltaf rétt fyrir sér?

Dónaskapur í verzlun Debenhams í Smáralind



DR. GUNNI neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Enn er verzlunarfólk sofandi fyrir þeirri skyldu að verðmerkja hlutina rétt. Það mottó að kúnninn hafi alltaf rétt fyrir sér er heldur ekki mikils metið hjá starfsfólki.

Kaupandi sem vildi ekki láta nafns sín getið skrifar: „Ég fór í Debenhams og keypti eina vöru í húsgagnadeildinni. Sá á miðanum að hún kostaði 3.990 kr. Fór á kassa að borga og þegar ég kiki á miðann sá ég að ég hef verið rukkuð um 4.990 kr. Ég aftur inn í búð til að athuga hvort ég hafi ekki örugglega séð 3.990 kr. á vörinni. Þá sá ég að sumar eru verðmerktar 4.990 en aðrar á 3.990 – sama varan. Ég spurði afgreiðslukonuna hvort sé eiginlega rétt. Hún segir að kúnnar stundi að skipta um verðmerkingarnar. Í stað þess að viðurkenna mistök sín þá kennir hún kúnnanum sum sé um. Mér fannst varan alveg nógu dýr áður en ég



DÓNASKAPUR OG LÉLEGAR VERÐMERKINGAR Frá Debenhams.

keypti hana á 3.990, svo ég ákvað bara að skila henni, langaði ekkert í þetta lengur. Við kassann tók það þónokkra stund að koma því inn í hausinn á kassakonunni um hvað málið snerist, en loksins borgaði hún mér til baka. Hún sagði: „Vanalega borgum við ekki til baka nema fólk greiði með kreditkort.“ Ég svaraði henni að það væri þá lágmark af starfsfólkinu að verðmerkja vörurnar rétt og labbaði út.

Fer ekki inn í þessa okurbúllu aftur í bráð. Á meðan ég var á kassanum að fá vöruna endurgreidda var mamma mín enn inni í búðinni. Hún heyrði tvær afgreiðslukonur baktala mig fyrir að vera að spá í svona smáaura.“

Ætli verslanir að lifa kreppuna af, er þá ekki lágmarkskrafa að þær fari eftir lögum og beri virðingu fyrir viðskiptavinunum? Hinir auðmýkstu og sanngjörnustu munu lifa af.

Leiðrétting: Vitlaust verð birtist í gær á slátri hjá Sláturmarkaði Hagkaupa í Skeifunni. Rétt verð er: Þrjú slátur: 2.897 kr., fimm slátur: 4.397 kr. og þrjú lúxus-slátur (brytjað mör, saumaðar vambir): 4.797 kr. Þá var kílóverð á fiskfarsi hjá Fiskisögu (125 krónur) bara tilboð sem stóð í tvo daga í síðustu viku. Það kostar núna 830 kr. kílóið.

www.toyota.is

ÞÚ FÆRÐ MEIRA FYRIR KRÓNUNA Í SUMUM BÍLUM



Toyota Land Cruiser 120 VX
Dráttarbeisli, filmur, motta í skotti
4000 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 06.07 Ekinn: 18.000 km
Verð: 6.350.000 kr. Skr.nr. AL-848
Tilboð: 5.790.000 kr.



Toyota Corolla S/D Terra Diesel
18" felgur, samlit vindskeið, filmur og Xenon-ljós í stuðara
1400 Dísel 5 girá
Á götuna: 02.08 Ekinn: 4.000 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. HZK74
Tilboð: 2.690.000 kr.



Toyota Auris Luxury MM
1600 Bensín 5 girá MM
Á götuna: 10.08 Ekinn: 0 km
Verð: 2.990.000 kr. Skr.nr. SXS97



Toyota Avensis
1800 Bensín sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 43.000 km
Verð: 2.920.000 kr. Skr.nr. OI-904



Toyota Yaris
1000 Bensín 5 girá
Á götuna: 05.07 Ekinn: 19.000 km
Verð: 1.550.000 kr. Skr.nr. MU-743



Toyota Yaris Sol
1300 Bensín 5 girá
Á götuna: 06.07 Ekinn: 37.000 km
Verð: 1.760.000 kr. Skr.nr. UO-425

BNB-sölugreining

Bílnar ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.

Núna bjóðum við 6 betri notaða bíla með 12 mánaða viðbótarábyrgð.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

ÚRVALSBÍLL

GÆÐABÍLL

Alþjóðahafrannsóknarráðið:
Ráðleggja aukningu á síld

SJÁVARÚTVEGUR Alþjóðahafrannsóknarráðið hefur lagt til að veiðar úr norsk-íslenska síldarstofninum verði auknar í 1.643 lestin á næsta ári. Þetta kemur fram í frétt á heimasíðu Landsambands íslenskra útvegsmanna. Í fréttinni segir að um sé að ræða ríflega átta prósentu aukningu frá síðustu ráðgjöf. Tillögur um kolmunna gera hins vegar ráð fyrir samdrætti í veiðum. Leyft verði að veiða 408.000 tonn á næsta ári. Fjallað verður um málið á fundi strandríkja í næstu viku og á ársfundi Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar innan skamms. - kg

Halldór Ásgrímsson fyrrverandi forsætisráðherra og formaður Framsóknarflokksins:
Árétting vegna viðtals í Fréttablaðinu

Í Fréttablaðinu sl. laugardag er stutt viðtal við mig um þá stöðu sem komin er upp í efnahagsmálum þjóðarinnar. Þar er meðal annars eftirfarandi haft eftir mér: „Halldór segir einnig að íslensk stjórnvöld ættu að hefja viðræður við Evrópusambandið um aðild, í það minnsta um myntsamstarf.“ Þetta sagði ég ekki og hér hefur eitthvað skolast til. Það hefur að mínu mati lengi verið ljóst að ef Íslendingar vildu taka upp evru þýddi það inngöngu í Evrópusambandið. Meðan ég var utanríkisráðherra talaði ég fyrir endurskoðun samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Var það

vegna þess að engu hefur verið breytt í þeim samningi, en á sama tíma orðið grundvallarbreytingar á Evrópusambandinu, meðal annars myntsamstarfið með upptöku evru. Eðlilegt hefði verið að breyta samningnum með tilliti til þessa, meðal annars með því að gefa EES-löndunum möguleika á að taka þátt í myntsamstarfinu, sem að mínu mati er mikilvægur hluti af samstarfinu um innri markaðinn. Ekkert varð af þessu af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi var ESB ekki sérlega áhugasamt um málið, í öðru lagi voru Norðmenn andvígir endurskoðun og í þriðja lagi töldu margir stjórnámamenn á

Íslandi að samningurinn væri svo góður að ekki væri ástæða til að breyta honum. Á þessum tíma kom það jafnframt fram í viðræðum þáverandi forsætisráðherra Noregs við formann framkvæmdastjórnarinnar að útilokað væri fyrir Norðmenn að taka þátt í myntsamstarfinu án aðildar. Það hefur því verið ljóst í mörg ár að ef Ísland vill taka þátt í þessu samstarfi gerist það aðeins með aðild. Það er leitt til þess að vita að verið sé að eyða kröftum í mál sem þetta. Kostnaðurinn við það að standa utan myntsamstarfsins verður

stöðugt augljósari. Í Danmörku hækka nú vextir og eru verulega hærrí en í löndunum sem nota evru. Á Íslandi er þessi munur enn meiri og verður sífellt þungbærari fyrir heimili og fyrirtæki. Við núverandi aðstæður er því enn brýnni ástæða til að taka stefnu á nánari samstarfi við Evrópu til að leysa þau brýnu mál sem nú blasa við. Það mun vissulega taka nokkurn tíma, en ekkert er mikilvægara nú en að hafa skýra stefnu til framtíðar og vissu um á hvaða mið skal sækja. Þetta vildi ég taka fram til að forðast misskilning. Halldór Ásgrímsson.



MIÐBÆJARSKÓLINN Áttatíu erlendir blaðamenn hafa nýtt sér aðstöðu í Miðbæjarskólanum.

Blaðamenn streyma enn að:
Miðstöðin opin fram eftir viku

FJÖLMÍDLAR Blaðamannamiðstöð í Miðbæjarskólanum, sem til stóð að loka á sunnudag, verður í það minnsta opin fram á miðvikudag. Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu, sem sér um miðstöðina, var lokun frestað þar sem fréttist af nýjum hópum blaðamanna á leiðinni til landsins. Í miðstöðinni komast erlendir blaðamenn á netið, hafa aðgang að prentara og geta fengið ýmsa aðstoð, meðal annars við að finna viðmælendur. Þá er heitt á könnunni og kex á boðstólum. Alls hafa um áttatíu blaðamenn víðs vegar að nýtt sér aðstöðuna. - hhs

Þingkosningar í Litháen:
Vinstristjórnin fær stóran skell

LITHÁEN, AP Vinstristjórnin í Litháen fékk mikinn skell í fyrri umferð þingkosninga um helgina. Samkvæmt úrslitum sem birt voru í gær unnu stjórnarandstöðuflokkar íhaldsmanna mjög á. Popúlistar andsnúnir vinstristjórninni fengu líka óvænt mikið fylgi. Þessi úrslit eru talin munu leiða til stjórnarmyndunarviðræðna miðju-hægri flokka. Andrius Kubilius, formaður íhaldsflokksins Föðurlandsbandalagsins, sagðist vera reiðubúinn að mynda stjórn. Hann fékk tæpan fimmtung atkvæða sem dugir honum til að vera stærsti flokkurinn á þingi. Jafnaðarmannaflokkurinn, sem hefur farið fyrir ríkisstjórnnum landsins síðan árið 2001, fékk nú 11,7 prósent atkvæða. Kjörsókn var aðeins 47,8 prósent. - aa

HVÍTA-RÚSSLAND

Slakað á ferðabanni Greint var frá því í Brussel í gær að ákveðið hefði verið að aflétta tímabundið ferðabanni til landa Evrópusambandsins, sem Alexander Lúkasjenko forseti og fleiri ráðamenn Hvíta-Rússlands höfðu sætt. Með þessu er Evrópusambandið að verðlauna hvít-rússnesk stjórnvöld fyrir þau skref sem þau hafa stigið að umbótum í lýðræðis- og réttarríkisátt.



Sinumum því sem mestu máli skiptir

Fyrirlestur Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, sálfræðings

Starfsfólk TM hefur yfir 50 ára reynslu af því að styðja fólk í gegnum áföll og erfiðleika.

Þeir erfiðleikar sem nú steðja að eru óvenjulegir að mörgu leyti. Við höfum því fengið Þórkötlu Aðalsteinsdóttur, sálfræðing, til liðs við okkur og mun hún halda fyrirlestur fyrir viðskiptavinum félagsins þar sem m.a. er farið yfir:

- // áföll og viðbrögð við áföllum
- // viðhorf sem gagnast á erfiðum tímum
- // hagnýtar ábendingar um viðbrögð og leiðir til að verja heilsu sína

Fyrirlesturinn verður haldinn miðvikudagskvöldið 15. október næstkomandi kl. 20:00, í húsaýnum TM, Aðalstræti 6, jarðhæð. Áætlað er að fyrirlesturinn taki um klukkustund.

Vinsamlegast athugið að sætarými er takmarkað. Við biðjum ykkur því að tilkynna þátttöku í síma 515 2000 en einnig má senda þátttökutilkynningu á skraning@tm.is.

Kær kveðja,
starfsfólk TM.

TM



KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

OMX ÍSLAND 15
3.005 +0,00%Fjöldi viðskipta: 0
Velta: 0 milljónir

MESTA HÆKKUN



MESTA LÆKKUN



GENGISVÍSITALA KRÖNNUNAR:

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Alfesca 5,45 +0,00% ... Atorka 3,35 +0,00% ... Bakkavör 9,79 +0,00% ... Eimskipafélagið 1,50 +0,00% ... Exista 4,62 +0,00% ... Glitnir 3,91 +0,00% ... Icelandair Group 15,50 +0,00% ... Kaupþing 654,00 +0,00% ... Landsbankinn 19,10 +0,00% ... Marel Food Systems 71,70 +0,00% ... SPRON 1,90 +0,00% ... Straumur-Burðarás 7,08 +0,00% ... Össur 82,80 +0,00%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN

nánar á visir.is

Peningaskápurinn ...

Forsetaheimsókn í sparisjóðina

Herra Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sækir í dag heim Samband íslenskra sparisjóða og ávarpar starfsfólk sparisjóðanna um allt land. Vettvangsheimsókn forsetans er sögð liður í að treysta undirstöður landsins og efla samstöðu og gagnkvæman stuðning landsmanna allra.

Heimsóknin hefst í hádeginu, klukkan hálf eitt, í mótuneyti Icebank og Sambands íslenskra sparisjóða við Rauðarárstíg. Þar snæðir forsetinn hádegisverð með starfsmönnum. „Því næst ávarpar hann starfsfólk sparisjóðanna í gegnum fjárfundarbúnað en með slíkum búnaði má senda til fjórtán staða víðs vegar á landinu. Ávarpið hefst klukkan 13 stundvíslega,“ segir í tilkynningu.

Forsetaheimsókn í sparisjóðina

„Með ávarpi sínu vill forsetinn leggja áherslu á samræður um hvernig Íslendingar geti þróað fyrir hina miklu erfiðleika sem nú blasa við treyst undirstöður efnahagslífs og samfélags og nýtt margvíslegar auðlindir landsins og fjölbættan mannauð sem þjóðin býr yfir. Þá svarar hann að lokum spurningum starfsmanna sparisjóðanna, bæði í sal og úti á landi,“ segir jafnframt í tilkynningunni, en áætlað er að heimsókninni ljúki klukkan hálf tvö.

Spurning er hvort lesa megi úr þessari heimsókn að nú sé horft til sparisjóðanna sem hreyfiafls til framtíðar á íslenskum bankamarkaði, eftir hrakfarir hinna stærri stofnana þar sem hagræðingar stærðarinnar naut við.



Atorka vill úr Kauphöllinni

Atorka Group hefur farið fram á það við Kauphöllina að félagið verði afskráð.

Félagið segir í tilkynningu að í ljósi markaðsaðstæðna séu skilyrði fyrir rekstri skipulegs verðbréfamarkaðar á Íslandi naumast fyrir hendi og við þær forsendur geti eðlileg verðmyndun ekki átt sér stað með hlutabréf í félaginu þar sem enn ríki algjör óvissa á markaði. Viðskipti með hlutabréf hafa verið stöðvuð í Kauphöllinni í þrjá daga.

Boðað verður til hluthafafundar fljótlega þar sem lagt verður til að félagið verði tekið af markaði eins fljótt og unnt er, líkt og segir í tilkynningunni.

- jab

Novator selur hlut sinn í finnsku Elísu

„Ástæður sölunnar voru fyrst og fremst umsviptingar og óveður það sem er á alþjóðamörkuðum,“ segir Ásgeir Friðgeirsson, talsmaður Björgólfs Thors, um sölu Novator, fjárfestingarfélags Björgólfs á 10,4 prósentu hlut í finnska símafélaginu Elísa til finnska lífeyris- og fjárfestingarsjóðsins Varma. Ásgeir bætir við að þá hafi það komið skýrt fram að efnahagsástandið á Íslandi geri öllum íslenskum fyrirtækjum erfiðara fyrir.

„Það sem vakir fyrir okkur er að styrkja stöðu Novator og gera félaginu kleift að styðja betur við þau félög sem eftir eru í safninu,“ en Ásgeir bætir við að „eins og staðan er í

augnablikinu erum við ekki í viðræðum við neina um sölu á öðrum eignum“.

Kaupverðið er um 194 milljónir evra, en Ásgeir segist ánægður með söluverðið, sem miðaðist við markaðsverð, og tekur fram að miðað við heildarútreikninga hafi Novator hagnað eitthvað á fjárfestingu sinni í Elísu. Það er ekki frágengið hvað verður um þau tæpu fimm prósent sem önnur félög tengd Björgólfi eiga.

Sænska viðskiptablaðið Dagens Industri staðhæfir að sala Novator sé „þvinguð sala“ og talar um að Björgólfur neyðist nú til þess að selja allar erlendar eignir sínar.

- msh

Veita 1.500 milljörðum evra til banka í Evrópu

Mikill viðsnúningur varð á mörkuðum víðast hvar um heiminn í gær eftir hrun í kauphöllum fyrir helgi. Bretar tilkynntu að þeir ætli að veita 37 milljörðum punda í að koma í veg fyrir hrun bankakerfisins þar í landi. Þjóðverjar hafa þegar gripið til aðgerða.



FJÁRMÁLARÁÐHERRAR BRETLANDS OG BANDARÍKIJANNA Alistair Darling og Henry Paulson búa sig undir blaðamannafund.

MARKAÐURINN/AFP

PRÓUN KAUPHALLA Í GÆR*

Kauphöll/vísitala	Hlutfallsbreyting
DAX (Frankfurt)	+11,40%
CAC 40 (Paris)	+11,18%
Dow Jones (New York)	+11,08%
Hang Seng (Hong Kong)	+10,24%
OMX Copenhagen 20	+9,96%
OMX Stockholm 30	+8,49%
OMX Helsinki 25	+8,40%
FTSE 100 (London)	+8,26%
Straits Times (Singapúr)	+6,57%

*Kauphöll Íslands var lokað í gær.

Bretar tilkynntu að þeir ætluðu að verja 37 milljörðum punda í að koma í veg fyrir hrun bankakerfisins þar í landi. Bróðurparturinn, 20 milljarðar, fara í þjóðnýtingu stærsta banka landsins, Royal Bank of Scotland, en ríkið tekur 60 prósentu hlut í honum. Þá mun ríkið eignast 43,5 prósent í þeim banka sem verður til við sameiningu tveggja fjórða og fimmtu stærstu banka Bretlands, HBOS og Lloyds. Ekki er talið útilokað að ríkið þurfi líka að koma Barclays til hjálpar.

Þýska ríkisstjórnin mun verja 400 milljörðum evra í að ábyrgjast bankastofnanir, 70 milljörðum í að endurfjármagna banka þar í landi,

að auki eru 30 milljarðar settir til hliðar til að mæta óvæntum áföllum í fjármálakerfinu. Í síðustu viku hét ríkisstjórnin 50 milljörðum til að bjarga fasteignalánafyrirtækinu Hypo Real Estate. Talið er að Frakkar og Ítalir muni tilkynna sambærilegar aðgerðir á næstu dögum. Bandarísk stjórnvöld tilkynntu um helgina að þau hyggðust einnig kaupa hlutabréf í bönkum sem standa „traustum fótum“.

Undanfarna viku hafa ríkisstjórnir Evrópu heitið nærri einni og hálfri billjón, eða 1.500 milljörðum evra, til að styðja við bakið á bönkum í álfunni. Meðal aðgerða sem kynntar hafa verið eru ríkisábyrgðir á millibankalán, en millibankamarkaðir hafa verið frosnir undanfarna vikur.

Frakkvæmdastjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, Dominique Strauss Khan, sagðist í viðtali við franska útvarpsstöð á mánudag vonast til þess að stjórnvöld hefðu loks náð að stöðva hrun hins alþjóðlega fjármálakerfis.

Hlutabréfamarkaðir hafa tekið þessum aðgerðum vel, þó að markaðirnir eigi enn langt í land með að vinna aftur hrun síðustu viku.

msh@markadurinn.is

Krugman hlýtur Nóbelsverðlaunin



PAUL KRUGMAN Bandaríski hagfræðingurinn Paul Krugman hlýtur Nóbelsverðlaunin í hagfræði 2008.

MARKAÐURINN/AFP

Paul Krugman mun hljóta Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár. Krugman, sem er prófessor við Princeton, er þekktur álitsgjafi um efnahagsmál í bandarískum fjölmiðlum, auk þess sem hann er dálkahöfundur fyrir New York Times og heldur úti vinsælli bloggsíðu sem ber heitið „Samviska jafnaðarmanns“. Verðlaunin fær Krugman fyrir kenningar sínar um hnattvæðingu, alþjóðaviðskipti og skýringar á því af hverju fá iðnríki hafa ráðandi stöðu í þeim.

Krugman hefur nokkrum sinnum fjallað um Ísland í pistlum sínum, en í vor tók hann undir hugmyndir um að vögunarsjóðir stæðu að baki veikingu krónunnar. Í kjölfar þjóðnýtingar Glitnis staðhæfði hann einnig að bandarísk stjórnvöld ættu að fara að fordæmi Íslendinga og þjóðnýta bankastofnanir í vanda frekar en að kaupa af þeim eitruð verðbréf.

Krugman hefur verið eindreginn andstæðingur efnahagsstefnu George W. Bush, sem hann hefur kennt um undirmálsánakrísuna og yfirstandandi kreppu. Margir töldu að Eugene Fama, sem setti fram kenninguna um skilvirkin eignamarkaða, hlýti verðlaunin.

- msh

Líklega ekki við fyrirtækin að sakast

Viðskiptaráð Íslands óttast að það flosni upp úr viðskiptasamböndum fyrirtækja verði ekki brugðist við gjaldeyrisskortri og hnökrum á greiðslumiðlun milli landa.

„Staðan sem nú er upp komin, að skuldbindingar einkafyrirtækja falla á skattborgara, er auðvitað afar óheppileg og segir okkur að eitthvað hafi verið að því regluverki eða þeim ramma sem fyrirtækin störfuðu innan. Þar er líklega ekki við fyrirtækin sjálf að sakast,“ segir Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands.

Finnur segir óheppilegt ef umræðan um ástæður núverandi krísuástands snúist gegn viðskiptalífi almennt. „Því þrátt fyrir hamfarir undanfarna daga eigum við enn fjölda öflugra og framsækinn fyrirtækja sem við nú treystum enn frekar á en áður til að styðja



FINNUR ODDSSON

fólks sem þarf starfaði og starfar reyndar enn er ekki líklegt til annars en skaða.“

Núna þurfa stjórnvöld, að mati Viðskiptaráðs, að tryggja fyrirtækjum stöðugt rekstrarumhverfi

íslenskt efnahagslíf til framtíðar,“ segir hann og bendir á að fyrirtækin „sem ríkisvædd voru í síðustu viku“ hafi starfað innan ramma laga, íslenskra og evrópskra. „Og það að áfella stóran hluta þess ágæta fólks sem þarf starfaði og starfar reyndar enn er ekki líklegt til annars en skaða.“

og að núverandi ástand verði ekki til þess að upp úr viðskiptasamböndum flosni. „Íslensk fyrirtæki hafa sum hver, en sem betur fer ekki nándar nærri öll, lent í erfiðleikum með að ganga frá greiðslum við erlenda aðila, bæði vegna skerts aðgangs að gjaldeyri og vegna hnökra á greiðslumiðlun milli landa,“ segir Finnur og kveður sumu jafnvel hafa lent í því að greiðslufrestir hafi verið felldir niður og krafist fyrirframgreiðslu. „Þetta setur töluverðar álgöður á fyrirtæki hvað varðar lausafjárstöðu, sem getur haft verulega vöndar afleiðingar nú þegar aðgengi að lánsfé er einnig af skornum skammti.“

- óká



Í Markaðnum á morgun

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ ER ANNAÐ Í DAG EN FYRIR RÉTT RÚMRI VIKU. JÓNAS FR. JÓNSSON, FORSTJÓRI FJÁRMÁLAEFTIRLITSINS, SITUR FYRIR SVÖRUM.

HVERT FÓRU ALLIR PENINGARNIR? FARIÐ ER YFIR EIGNABRUNA SÍÐUSTU MISSERA.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

Merrion úr höndum Landsbankans

Stjórn írsku verðbréfafyrirtækisins Merrion Capital hefur keypt hlut Landsbankans í fyrirtækinu. Kaupverð er ekki gefið upp, að sögn írsku dagblaðsins Independent. Merrion sérhæfir sig í eignastýringu fyrir efnameiri einstaklinga.

Landsbankinn flaggaði helmingshlut í Merrion Capital síðla árs 2005 og greiddi fyrir 27 milljónir evra. Samkomulag var þá gert um að bankinn myndi kaupa fyrirtækið allt á þremur árum.

Í síðustu viku nam hlutur Lands-

bankans í Merrion 84 prósentum. Irish Independent reiknast til að Landsbankinn hafi greitt 90 milljónir evra fyrir hann.

Nýir eigendur Merrion munu kaupa eftirstandandi sextán prósent verðbréfafyrirtækisins fyrir lok mars á næsta ári.

Til stóð að Straumur keypti erlenda starfsemi Landsbankans í Bretlandi og Frakklandi um síðustu mánaðamót. Þeim samningi var rift á föstudag eftir að skilafnefnd Landsbankans tók yfir stjórn bankans.

- jab



BANKASTJÓRARNIR Halldór J. Kristjánsson og Sigurjón Þ. Arnason, fyrrum bankastjórar, fagna skömmu eftir kaup á helmingshlut í Merrion Capital.

Látum ekki kreppuna bitna á heilsunni

2.000 kr. afsláttur af öllum námskeiðum sem hefjast 20. október.

Árskort í tækjasal á aðeins **3.333 kr.** á mánuði

Afró

Egilshöll

Kraftmiklir danstímar fyrir fólk á öllum aldri. Frábær útrás fyrir hið daglega amstur.

Nýtt!

Herþjálfun

Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.

Ein árangursríkasta og skemmtilegasta þjálfun sem völ er á. Eini sérútbúni herþjálfunarvöllur landsins.

Lífsstílnámskeið

Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.

Fjölbreytt og persónuleg þjálfun fyrir konur. Góð fræðsla og mikið aðhald.

Karlapúl

Egilshöll

Fjölbreytt þjálfun fyrir karla á öllum aldri.

Fit-Pilates

Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.

Enginn hamagangur en virkilega vel tekið á, gefur langa og fallega vöðva.

Gymstick

Egilshöll

Gymstick er fjölnota líkamsræktartæki, þar æfir þú þol og styrk og kemur brennslunni á fullt.

Nýtt!

Pole Fitness

Egilshöll

Í fyrsta sinn á Íslandi. Alþjóðlegt líkamsræktarkerfi. Frábær líkamsrækt þar sem dansi, styrk og úthaldi er blandað saman.

Nordic Walking

Egilshöll

Gymstick Nordic Walking - Áhrifaríkt stafagöngunámskeið. Ganga, þol og styrktaræfingar undir berum himni.

Mömmuprek

Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.

Í form eftir barnsburð. Fjölbreyttar æfingar í góðum félagsskap.

Rope Yoga

Egilshöll

Heildrænt heilsuræktarkerfi sem sameinar hug, líkama og sál.

Sundskóli 2-5 ára

Lágafellslaug - Mosfellsbæ

Sundkennsla fyrir 2-5 ára börn. Frábær undirbúningur fyrir skólasundið.

Tarzan fyrir börnin

Egilshöll

Tími fyrir börnin á hinum eina sanna Tarzanvelli þar sem krakkar geta hangið, klifrað og hoppað undir leiðsögn þjálfara.

Dansskóli Bimu Björns

Egilshöll / Lækjarskóla Hfj.

Freestyle, Jazzballet, Hip Hop og söngleikjadan fyrir börn og unglinga.

Breakdans

Egilshöll

Natasha kennir breakdans frá götum New York borgar. „The Basic Break moves.“

Nudd & snyrtistofa

Egilshöll

Heilsuakademían í Egilshöll býður nú upp á nudd og snyrtistofu þar sem boðið er upp á úrval meðferða.

Afþreying

Hópefli, gæsanir/steggjanir, barnaafmæli í Tarzansal, og fyrirtækjaskemmtanir. Auk þess verða ýmsar uppákomur í sumar s.s. göngur, hlaupahópar og útilegur.

sími: 594 9666 - www.heilsuakademian.is

Heilsuakademían býður upp á frábæran tækjasal, opna tíma, einkaþjálfun og landsins mesta úrval námskeiða.

Næstu námskeið hefjast 20. október í Egilshöll og Íþróttahúsi Lækjarskóla Hafnarfirði.



Næstu námskeið hefjast 20. okt.



heilsuakademían

Hreyfing, heilbrigði, skemmtun

www.heilsuakademian.is - sími: 594 9666

* Miðað við 12 mánaða skuldbindingu

Hvert er förinni heitið?

Nýja Ísland

PORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Hremmingar síðustu daga hafa vissulega sigið yfir þjóðina eins og svartnætti. Það gæfulega er að á sama tíma er að spretta fram málefnaleg umræða um þá nýju framtíð sem við göngum til móts við. Ekki er við því að búast að umræða af því tagi framkalli einfaldar skyndilausnir. Það mikilvægasta er að þjóðin glöggvi sig sem best á þeim markmiðum og gildum sem hún vill leggja til grundvallar í nýju efnahagsumhverfi.

Réttlát reiði hlýtur að brjótast fram með einhverjum hætti eftir það sem á undan er gengið. Á hinn bóginn er mikilvægt að hún leiði menn ekki til ákvarðana sem veikja efnahagslegar undirstöður þjóðarbúsins til frambúðar.

Eðlilega vilja menn gera upp sakir við forystumenn í stjórnmálum og atvinnulífi. Hin hliðin á þeim peningi er að draga ekki upp dekkri mynd af þjóðinni en ástæða er til. Þrátt fyrir allt hafa íslenskir bankar ekki unnið sér meira til óhelgi en fjármálastofnanir vítt og breitt um heiminn. Við eigum ekki að láta forsætisráðherra Breta komast upp með að mála þá ímynd á Íslendinga að þeir séu meiri skúrkar en aðrar þjóðir. Til þess standa engin rök.

Mikilvægt er að verja sparifé í bönkum og sparisjóðum. Þar eru miklir hagsmunir í húfi fyrir alla alþýðu manna í landinu. Hitt skiptir þó enn meira máli að verja þessar innstæður og þar með talda peningamarkaðsreikninga svo sem föng eru á til þess að komandi kynslóðir missi ekki trúna á að spara. Það væru verstu aðstæður sem nýtt Ísland gæti staðið frammi fyrir. Án sparnaðar í framtíðinni verður lítið byggt upp. Það traust má ekki fjara út inn í nýja framtíð.

Á sama hátt skiptir máli að koma í veg fyrir meiri eignabruna en orðið er. Það er mikilvægt til að draga úr efnahagslegum skaða í augnablikinu. Hitt skiptir þó meira máli að draga ekki úr trú framtíðarinnar á fjárfestingum og eignamyndun. Án hennar verður lítið um framfarir í nýju efnahagslegu umhverfi. Þess vegna þarf að virða grundvallarreglur eignaréttarins í því uppgjöri sem nú á sér stað. Ný framtíð byggist á trausti á slíkum grundvallarþáttum.

Eins er mikilvægt að móta þá stefnu í peningamálum að Íslendingar framtíðarinnar geti notað mynt sem þeir sjálfir bera traust til. Enn mikilvægara er þó að við gerum erlendum fyrirtækjum auðveldara en áður að eiga við okkur viðskipti á grundvelli myntar sem þau treysta. Hætt er við að framfarir verði hægar ef ekki ríkir gagnkvæmt traust á gjaldmiðlinum, milliliði allra milliliða.

Engum blöðum er um það að fletta að fjármálakreppan í heiminum á að einhverju leyti rætur að rekja til þess að síðferðileg grundvallargildi festu ekki rætur í alþjóðavæðingunni með sama hætti og í flestum þjóðríkjum. Alþjóðavæðing fjármálanna sýnist hafa farið með einhverjum hætti fram úr þessum gildum.

Ný framtíð felst hins vegar ekki í því að hverfa frá alþjóðavæðingunni. Hún felst heldur ekki í því að hverfa frá markaðslögmálunum. En hún veltur á því að menn finni leiðir til þess að láta þau lögmál lúta þeim síðferðilegu gildum sem eru grundvöllur mannlægs samfélags.

Að sumu leyti byggist ný framtíð á varðstöðu um grundvallarhugmyndir markaðarins og velferðarinnar. En hún er líka komin undir skarpari sýn á síðferðileg gildi á markaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365

FRÉTTABLAÐIÐ: Jón Kaldal jk@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í viðdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

STOÐ KENNARINN.IS

• ÍSLENSKA
• ENSKA
• STÆRÐFRÆÐI
• TÖLVUNAM

Einföld leið fyrir 14 - 17 ára unglunga sem vilja bæta námsárangur sinn.

Skemmtileg og gagnvirk námskeið á netinu!

„Sonur minn hangir í tölvunni langt fram eftir nóttu og er úfinn og viðskotsillur á morgnana. Og fyrir þetta borga ég aðeins 1.000 kr. Á MÁNUÐI!“

www.stodkennarinn.is

Pakklaft móðir í Vesturbænum

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fyrirbyggjandi aðgerð

Kjartan Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins og varaformaður bankaráðs Landsbankans, skrifaði grein í Morgunblaðið í gær þar sem hann áréttar að hann hafi átt við einhvern annan en Davíð Oddsson þegar hann sagðist á flokksráðsfundi ekki mundu sitja undir því að vera kallaður óreiðumaður. Ekki er vitað hvern Kjartan getur þá hafa átt við; fyrir utan Davíð Oddsson hafði enginn málsmetandi maður vakið athygli fyrir að kalla forsvarsmenn íslensku banka „óreiðumenn“. Því verða ummæli Kjartans ekki skilin öðruvísi en sem fyrirbyggjandi aðgerð, það er að segja: Ef einhver skyldi kalla Kjartan Gunnarsson óreiðumann í

framtíðinni, má sá sami vita að Kjartan mun ekki sitja þegjandi undir því.

Óskýrt mannamál

Forystusauðum Sjálfstæðisflokksins er gjarnan hrósað fyrir að „tala mannamál“, segja hlutina umbúðalaust þannig að enginn þurfi að fara í grafögur með við hvað var átt. Upp á síðkastið hafa þeir þó itrekað þurft að gefa eftirráskýringar til að hrekja „miskilning“ og skýra mál sitt. Hvernig væri nú að hætta að tala „mannamál“ og byrja að tala skýrt?

Hvað lærði Jóhannes?

Þrátt fyrir netið eru þjóðmálin enn skeggrædd í heitu pottunum. Í Vesturbæjarlauginni á laugardagskvöld



barst talið meðal annars að Jóhannes Nordal og hve myndarlega hann hélt á málum í tíð sinni sem seðlabankastjóri. Þar kom að einn spjallarinn sagði að Jóhannes væri félagsfræðingur að mennt. Því var samstundis mótmælt af manni sem sagði hann hagfræðing. Þriðji maðurinn hafnaði því alfarið; Jóhannes væri sko stjórnmálafræðingur. Hið sanna er að Jóhannes er hagfræðingur – og raunar doktor í hagfræði – frá London School of Economics. Sköllótti kallinn í pottinum fæur því eitt stig.

bergsteinn@frettabladid.is



Nýir tímar

Þörn eru undursamlega vitur B áður en þeim er kennt hvernig á að hugsa og bregðast við umhverfinu. Mig minnir að hún hafi verið þriggja ára, dóttir vinkonu minnar, þegar hún fékk eitt sinn brunasár á hendi. Hún grét auðvitað um stund en fór svo að leika sér eins og ekkert hefði í skorist. Móður hennar varð nokkuð um þegar hún sá skömmu síðar að stór blaðra þakti handarbak barnsins og spurði hvort þetta væri ekki sárt. Telpan gaf lítið út á það og hélt ótrufluð áfram sínu sýsli. Móður hennar var ekki rótt, hafði auga með henni og furðaði sig á því hvað barnið var ótrufluð af þessu meini. Síðar um daginn kom hún að dóttur sinni þar sem hún sat í eigin heimi á gólfinu og lék sér. Brunabláðran á hendinni blasti við og hún spurði hvort hana kenndi virkilega ekki til. Nei, nei, ansaði barnið án þess að líta upp. Þetta hlýtur að vera vont! sagði vinkona mín með áherslu. Stúlkan leit upp til móður sinnar og brosti. „Já, já, þetta er vont, en það er miklu verra þegar ég hugsa um að það sé vont. Þess vegna er ég ekkert að hugsa um það,“ sagði hún glaðlega og hélt áfram að leika sér.

Nýtt landnám

Í gjörningaveðrinu sem nú skekur hvern kima samfélagsins kviknar víða í tilfinningum sem að jafnaði er haldið í skefjum. Ótti, reiði og lamandi vanmáttur koma upp á yfirborðið, eins og við séum í ókunnunni landi þar sem tungumálið er framaði og vegakerfið óskiljanlegt. Um leið er þetta spennandi ögrun. Nánast eins og nýtt landnám. Óvissan er yfirþyrmandi, þótt vel sé staðið



JÓNÍNA MICHAELSDÓTTIR
Í DAG | Kreppan

ad upplýsingamiðlun og hvers kyns stuðningi heitið, en í óvissunni geta líka falist óvænt tækifæri til vaxtar og sköpunar ef maður hræðist hana ekki. Tilfinningalegt öryggi er eitt af því mikilvægasta í lífi hvers manns frá fyrstu til síðustu stundar, en öryggi á öllum sviðum getur hins vegar orðið að ósýnilegu virki, sem einangrar okkur frá hinu lifandi lífi, án þess að við veitum því athygli. Við ráðum engu um þessa atburðarás, en við ráðum hvernig við bregðumst við henni.

Við tengjum stundum reiði við réttlæti og hrífumst jafnvel þegar menn missa vald á sér opinberlega í því sem okkur finnst réttlát reiði. En virðinguna fær sá sem ráðist er á en heldur ró sinni og dómgreind óskertri í óbærilegri stöðu.

Góðar gjarfir

Ráðamenn þjóðarinnar hvetja fólk til að snúa bókum saman. Geyma uppgjör og reiði til betri tíma. Loforðin um að styrkja atvinnulífið og standa vörð um hagsmuni almennings ganga væntanlega eftir og daglegt líf og líðan manna fer smám saman í fastar skorður, en það verður ekki endilega eins og það var. Umtalsverð gengishækkun

verður á fjölskyldulífi og vinafundum. Gjafir verða mun óvæntari og áhugaverðari. Kannski afmælskort með kveðju þar sem fram kemur að gjöfin er pössun fyrir hjónin á laugardagskvöldi eða tiltekt í bílskúrnum, boð í fiskibollur á föstudegi fyrir fjölskyldu afmælisbarnsins, jólakaka, bökuð af gefandanum eða ljóð eftir fimm ára barnið á heimilinu. Hugmyndafluginu verða ekki settar neinar skorður og allir gleðjast.

Nú er tími umhyggju og samstöðu, segir biskupinn okkar, og við skulum taka það alvarlega. Í samveru og samstöðu lærum við hvert af öðru. Eiginlega ætti þjóðin að fá hana Margréti Pálu, höfund og leiðtoga Hjallastefnunnar, sem fararstjóra inn í persónulega farsældartíð. Konuna sem hefur úthýst neikvæðum orðum og umtali í umhverfi sínu og færir börnum og fullorðnum þann hugarlétti sem því fylgir. Missi einhver út úr sér önuget orð eða illkvæðið, er bara brosað og sagt: „Æ, æ, hann ruglaðist!“ Við erum semsæð ruglast þegar við erum með ávirðingar, upphrópanir, yfirlýsingar og heitingar um ástandið og annað fólk.

Enginn getur kennt Margréti Pálu við mærd eða óraunsæi. Þvert á móti. Og stefnan hennar er til vitnis um hvernig hægt er að gera daglegt líf sitt glaðara, streituminna og auðgura.

Það er allt annað en þægilegt að brenna sig illa á tilboðum tilverunnar. En rétt eins og þriggja ára barnið benti á um árið, þá er það sýnu erfiðara ef við getum ekki slitið hugann frá því hvað það er sárt. Á meðan líða tækifæri dagsins framhjá og við missum af þeim.

Velkomnir í ESB, Íslendingar!

UMRÆÐAN

Carl B. Hamilton skrifar um Ísland og Evrópusambandið

Fréttastofan Bloomberg greinir frá því að Rússar hyggist lána fé til Íslands vegna þess að þeir „vilji vera hluti af Evrópu og að stöðugleiki ríki í Evrópu“.

Látum ekki eins og einfelðningar! Ég leyfi mér að efast um að það sem vakir fyrir Rússum með lánveitingavilja sínum séu einvörðungu göfug markmið. Sennilegra er að það sem vakir fyrir þeim sé von um ítök.

Við Norðurlandþjóðirnar – ekki bara í nafni samstöðu heldur ekki síður eigin hagsmuna – ættum að vinna að því að aðildarríki ESB bjóði Íslandi miklu betri valkost en að leita auðmýkt bönleið til rússneska bjarnarins.

Stækkunarmálastjóri ESB, hinn finnski Íslandsvinur Olli Rehn, lét nýlega svo um mælt að það ætti að vera unnt að afgreiða aðildarsamninga við Ísland á skömmum tíma, á innan við ári, ef aðildarumsókn bærst frá Íslendingum. Það væri mjög æskilegt!

Það blasir við að aðild bæði að ESB og evrunni



CARL B. HAMILTON

kæmi Íslandi til góða. Sterkari vörn á innri markaðnum og þátttaka í sameiginlegu myntinni væri vafalaust ómetanlegt bæði fyrir efnahagslegan stöðugleika og hagvöxt. Þar að auki ykist fullveldi Íslands með aðild að töku ákvarðana í ESB og í myntsamstarfinu í stað þess ósjálfstæðis sem felst í EES-samningnum.

Við hinar þjóðirnar í Evrópu viljum sjá fulla þátttöku Íslands nútímans í Evrópusamstarfinu – ekki bara í nafni hagsmuna Íslands heldur í nafni heildarhagsmuna Evrópu! Og trúið mér – það er enginn vafi á því að í aðildarviðræðum er hægt að finna lausn á fiskveiðimálanum sem allir geta vel við unað.

Íslendingar geta gripið tækifærið til að koma á stöðugleika í efnahags- og atvinnulífinu sínu með því að setja stefnuna á að sækja um aðild að ESB og myntbandalaginu.

Velkomnið, Ísland, í ESB og evruna!

Höfundur er prófessor í alþjóðahagfræði og þingmaður fyrir Þjóðarflokkinn á sænska ríkisþinginu. Greinin er þýdd úr sænsku og lítillaga stytt.



PILLUÁMINNINGIN er tilraun til að hagnýta netið og SMS-sendingar til að minna á reglulega og hversdagslega hluti sem annars gætu gleymst. Megináherslan er á getnaðarvarnir kvenna en hægt er að nýta áminninguna í nánast hvað sem er. SMS er sent þegar taka skal pilluna og hægt er að skrá sig á <http://www.p.molar.is/pilluform.shtml>.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447

Flott í vetur...
Stinnari líkamni á aðeins 4 vikum

Alhliða dömupakki
Slendertone belti + buxur + armar þjálfa og stinnir allan líkamann
kr. 42.900.-

System belti fyrir kviðvöðva dömu / herra kr. 24.900.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

BORÐAÐU ÞIG HOLLARI!

Auðveldar þér að léttast

Losaðu þig við 5 kíló á 5 vikum

Nýtt og yfirfarið matarþrógram, sem hjálpar þér við að losa þig við aukakilóin.

Lærðu um það hvernig þú borðar fjölbreyttar máltíðir með hollum og góðum mat.

NÝTT MATAR-ÞRÓGRAM

Léttast um 30 kíló á 30 vikum

GARÐABÆ
REYKJAVÍK
REYKJANESBÆR
AKUREYRI

865-8407 vigtarradgjafarnir.is



Stefán Máni rithöfundur býr á Kjalarnesi og hleypur yfir sólpallinn hjá sér og ofan í fjöru þegar hann vill fá sér sundsprett.
FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Svellkaldur í sjósundi

Sjósund er allra meina bót að mati þeirra sem það stunda. Stefán Máni Sigþórsson rithöfundur syndir reglulega í köldum sjónum og segist ekki hafa fengið pestir eða kvef síðan hann stakk sér í sjóinn.

Von er á nýrri skáldsögu frá rithöfundinum Stefáni Mána Sigþórssyni á morgun. Hann hefur því setið undanfarið við skrifrit en segist halda sér í líkamlegu formi með því að synda í sjó.

„Ég byrjaði úti á Gróttu í hitabylgju sem var í júlí árið 2003 og fékk þá bakteríuna. Þetta er alveg magnað og kannski erfitt að lýsa því en ég hef tekið marga með mér í sjóinn og fólki líst aldrei á blikuna fyrst, en er svo í algerrí vimu á eftir,“ segir Stefán. Hann fullyrðir að sjósund sé allra meina bót og segist ekki hafa fengið kvef síðan hann byrjaði á því.

„Þegar ég stunda þetta þá fæ ég engar pestir. Ég veit ekki alveg af hverju. Það fylgir þessu ofboðs-

leg vellíðan og eins hefur maður stigið inn í óttann og gert eitthvað sem maður átti ekki von á að geta gert og það spilar líka inn í.“

Stefán segir alla geta stundað sjósund en ráðleggur fólki að fara ekki í fyrsta skiptið út í yfir veturinn. Betra sé að nota hlýjan sumardag, fara sér hægt og trúa því að maður geti þetta. „Þetta geta allir og konur eiga auðveldara með þetta en karlmenn. Svo borgar sig að vera sem minnst klæddur því kuldinn loðir við flíkurnar. Á sumrin er maður eins lengi og maður nennir ofan í en styttra þegar fer að kólna. Maður syndir svona eins langt og maður þorir, maður verður að komast til baka.“

Hann segist stundum fara einn í sjóinn en öruggara sé þó að vera í félagsskap. „Það er líka bara skemmtilegra. Við konan mín erum saman í þessu og löbbum bara hérna yfir sólpallinn og niður að sjó. Þegar við löbbum niður í fjöruna hugsum við oft: „Hvað erum við að fara að gera?“ En svo er þetta alltaf jafn gaman.“

Stefán er duglegur að hreyfa sig þess utan og notar sundlaugarnar og gengur enda kalla ristörfin á miklar kyrrsetur. „Vöðvabólgan er fljót að koma ef ég geri ekki neitt svo hreyfingin borgar sig. Ég ætla mér að halda sjósundinu áfram, það er ekki aldurstakmark í þetta frekar en annað.“
heida@rettabladid.is

OKTÓBER

Kafbátur mánaðarins

PIZZABÁTUR

...með öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða og ljúffengum sósum

6 tommu bátur

329 kr.

Gildir í október 2008
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnunumáli

SUBWAY
í fínu formi



REKKJAN er með afmælistilboð í tilefni af 15 ára afmæli sínu. Rekkjan selur meðal annars heilsurúm frá King Koil en þau eru með vottun frá Alþjóðasambandi kíröpraktora og Good Housekeeping, stærstu neytendasamtökum Bandaríkjanna.

Næstu fyrirlestrar og námskeið

Heilsuvörumarkaður

- 15. okt. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari
- 16. okt. Kólur og effiréttir
Auður I. Konráðsdóttir heilsukokkur
- 18. okt. Hláturjoga með jákvæðu ívafi
Ásta Valdimarsdóttir jógakennari
- 21. okt. Fitur í mataræði
Haraldur Magnússon osteópatí
- 28. okt. Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangsruslaskrímli
Edda Björgvinsdóttir leikkona
- 29. okt. Hvað á ég að gefa litla barninu mínu að borða?
Ebba Guðný Guðmundsdóttir kennari

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

Úrræði í þrengingum

Í þeim efnahagsþrengingum sem nú ganga yfir íslensku þjóðina er ekki úr vegi að huga að úrræðum sem í boði eru fyrir þá sem missa vinnuna. Ýmislegt er í boði, bæði hagnýt ráð og andlegs eðlis.

Vinnumálastofnun hefur yfir ýmsum úrræðum að ráða þegar atvinnuleysi knýr dyra. „Ég vil byrja á því að benda á að atvinnuleysi er sem stendur einungis 1,3 prósent,“ segir Húgrún Jóhannsdóttir, forstöðumaður Vinnumiðlunar höfuðborgarsvæðisins. Sjálfsagt er þó að búa sig undir meiri þrengingar og þá er gott að vita hvert skal snúa sér.

„Daginn sem fólk hættir að fá laun á það að koma og skrá sig hjá Vinnumálastofnun og þá fær það upplýsingar um hvaða gögn þarf að koma með. Við reynum að flýta þessu ferli eins og hægt er svo menn fái sem fyrst þær bætur sem þeir eiga rétt á og það þarf enginn að vera feiminn við að sækja þann rétt,“ útskýrir Húgrún.

Hún bendir á að Vinnumálastofnun bjóði upp á fjölmörg námskeið og úrræði sem kynnt eru á fyrsta fundi. „Þar má nefna ýmis starfs- tengd námskeið eins og tölvunámskeið og meiraprófsnám, sjálfstærkingu, kvíðameðferðarnámskeið, fjármálaráðgjöf og margt fleira. Námskeiðum verður fjölgað verulega núna.“

Það er alltaf áfall að missa vinnuna en er það annars eðlis á þeim umrótartímum sem Íslendingar ganga nú í gegnum? „Þetta er svo yfirþyrmandi. Fólki finnst allt vera að fara á hliðina. Venjulega er það þannig að þegar bara einum er sagt



Húgrún segir að þótt fólk geti þurft að skipta um starf og lífsstíl þá séu þær uppsagnir sem nú eru í bígirð enginn heimsendir. „Virða þarf þó þær tilfinningar og ótta sem vaknar hjá fólki. Astandið er yfirgengilegt en það mun líða hjá.“ FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

upp þá er það meira áfall fyrir viðkomandi heldur en þegar hópi er sagt upp. En þegar þetta er orðið svona víðtækt og allt annað virðist líka vera komið á hliðina, þá er fólk skelfingu lostið,“ segir Húgrún.

Hún tekur sem dæmi að það bankafólk sem nú missir störf sín sé jafnvel í mjög erfiðum málum þar sem það hefur fengið hagstæð lán til að kaupa skuldabréf. Nú þegar skuldabréfin eru verðlaus þá situr skuldin eftir og viðkomandi

hefur auk þess misst vinnuna. „Annars er enn óvíst hvernig málum verður háttáð og óvissan er verst. Hún er jafnvel verri en óþægilegur sannleikur. Því er mikilvægt að virkja sig og velta fyrir sér hvort hægt sé að skipta um starfsvettvang. Það er töluvert af störfum í boði, til dæmis í umönnunar- og þjónustugeira og hjá EURES, sam-evrópskri vinnumiðlun, sem býður upp á ýmsa möguleika.“

hrefna@frettabladid.is



ALLT HEIMILI
Mánudaga og fimmtudaga

Viltu tala meiri íslensku?
Viltu kynnast nýju fólki?

Czy chciałbys mowic wiecej po islandzku?
Chcesz poznac nowych ludzi?

Do you want to speak more Icelandic?
Do you want to get to know new people?

Sjálfbóðaliðar **Kópavogsdeildar Rauða krossins** hitta fólk sem vill æfa sig í íslensku eða tala saman á öðru tungumáli. Hægt er að gera eitthvað skemmtilegt saman eins og að fara á kaffihús og í gönguferðir. Sama fólk hittist einu sinni í viku eða eftir samkomulagi.

Ef þú hefur áhuga hafðu þá samband í síma 554 6626 eða á kopavogur@redcross.is.

Ef þú vilt gerast sjálfbóðaliði hafðu einnig samband.

Wolontariusze **Czerwonego Krzyza w Kópavogur** spotykaja ludzi, którzy pragna pocwiczyz mowe w jezyku islandzkim badz chca porozmawiac w innym jezyku. Jest wiele mozliwosci, jak pojscie do kawiarni badz spacer. Grupy spotykaja sie raz w tygodniu lub po wczesniejszym umowieniu sie.

Jesli jestes zainteresowany, mozesz zadzwonic na nr.554 6626 badz wyslac e-mail na kopavogur@redcross.is.

Czy chciałbys zostac wolontariuszem? Jesli chcesz zoztac wolontariuszem i spotykac ludzi, ktorym potrzebne jest towarzystwo, nie wahaj sie z nami skontaktowac.

You can meet a volunteer of the **Red Cross from the Kópavogur branch** and speak Icelandic or another language together. You can do something fun together like go to a café, for a walk etc. The same people meet once a week or make their own agreement.

If you are interested contact us by calling 554 6626 or write to kopavogur@redcross.is.

Please contact us also if you are interested in being a volunteer.

 **Rauði kross Íslands**
Kópavogsdeild

forvarnir


ÞRIÐJUDAGUR 14. OKTÓBER 2008

Ólafur Þór Ævarsson
Kennir fólki að fyrirbyggja streitu
SÍÐA 2



FRÉTTABLAÐIÐ

NORDICPHOTOS/GETTY



Flott
án fíknar
www.umfi.is



Hollráð og upplýsingar

Mikið mun reyna á félagsþjónustu sveitarfélaga í þeim efnahagsþrengingum sem nú ríða yfir þjóðina. Þar starfa meðal annars félagsráðgjafar og sálfræðingar og víða er áætlan í gangi um aukinn viðbúnað. Við heyrðum í Sigtryggi Jónssyni, framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða, og spurðum út í helstu ráðstafanir þar á bæ.

„Það má búast við að versnandi efnahagur fjölskyldna komi víða fram og geti meðal annars bitnað á börnum í skólum. Eins reiknum við með að sá hópur sem við veitum daglega fyrirgreiðslu stækki, hvort sem það er vegna atvinnuleysis, húsnæðis, framfærslu eða andlegrar aðstoðar. Því erum við að velta fyrir okkur hverju við þurfum að breyta til að geta

mætt aukinni þörf fyrir þjónustu og ráðgjöf. Ekki síst munum við reyna að sjá til þess að hér verði alltaf þekking á því hvert fólk geti leitað með hin ólíkustu vanda-mál, hvort sem þau tengjast fjárhag, andlegri líðan eða fjölskylduvanda af einhverju tagi.“

Þjónustumiðstöðvar borgarinnar eru sex talsins. Auk þess að sinna fólki sem þangað leitar sjá þær um alla sérfræðiþjónustu við grunn- og leikskóla af hálfu sálfræðinga, og félags- og sérkennsluráðgjafa.

Sigtryggur bendir á heimasíðu Reykjavíkurborgar, www.rvk.is, og segir endurskoðun í gangi á heimasíðum velferðarsviðs og þjónustumiðstöðva með það í huga að geta veitt holl ráð og upplýsingar.

-gun



„Það má búast við að versnandi efnahagur fjölskyldna komi víða fram,“ segir Sigtryggur Jónsson, framkvæmdastjóri þjónustumiðstöðvar Miðborgar og Hlíða.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

Vonin sterkasta aflið

„Við lifum í óvissuástandi og þótt Íslendingar búi við ýmsa óvissuþætti í sinni tilveru, eins og náttúruhamfarir, jarðskjálfta og eldgos, skilja fæstir hinn alþjóðlega, stóra viðskiptaheim og hvaða afleiðingar hann hefur á lífsviðurværi okkar til framtíðar, en það er óvissan um framtíðina sem er verst,“ segir séra Gunnar Kristjánsson, prófastur á Reynivöllum í Kjós.

„Fjölskyldan er aldrei mikilvægari en þegar á móti blæs og saman missir fólk síður móðinn. Ráðamenn þjóðarinnar sendu strax þau skilaboð að þeir myndu standa vörð um fjölskyldur og einstaklinga þessa lands, og mér fannst virðingarvert að taka þann pól í hæðina strax,“ segir séra Gunnar sem í samanburði minnst kreppunnar sem skall á þjóðinni á fjórða tug síðustu aldar, þegar flestir bjuggu við allsleysi og örbirgð. „Nú ríður kreppa yfir þjóð sem lifir að stórum hluta í

allsnægtum og því hljótum við að vera betur undir hana búin. Svo er að sjá hvernig ráðamenn heims taka á þessum vanda og vera vongóð, því vonin er sterkasta aflið sem býr með manningum og kemur fram þegar á móti blæs,“ segir séra Gunnar og bendir á kreppu sem tíma nýrra tækifæra; þegar einar dyr lokast, opnast aðrar.

„Kreppan fær okkur til að endurmeta grundvallarþætti lífsins og koma sterkar út. Þá leiðum við hugann að því hvernig við ætlum að vinna okkur út úr kreppunni, lifa eftir hana og hver séu okkar helstu lífsgildi; hvað maður getur misst og vill alls ekki missa,“ segir séra Gunnar og minnir á boðskap jólanna, því senn fer í hönd útgjaldafrekur tími, sem margir bera kvíðboga fyrir nú.

„Jólabarnið átti ekkert. Sá boðskapur nær enn betur til okkar og verður sterkari og skýrari þegar við glímum sameiginlega við þjóðfélagslegt mótlæti.“

-þlg



Gunnar Kristjánsson prófastur við kirkjuna á Reynivöllum í Kjós. Hann segir dýrmtæt tækifæri felast í kreppunni, því þegar einar dyr lokast, opnast aðrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Ólafur Þór Ævarsson fyrirbyggir streitu landsmanna með námskeiðahaldi á vegum Streituskólans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Þekking þarf streituvaldinn

Í Streituskólanum er einstaklingur og hópum boðið upp á kennslu í því hvernig fyrirbyggja má streitu og vinna gegn áhrifum hennar í hversdeginum.

Ólafur Þór Ævarsson geðlæknir er einn stofnenda Streituskólans, en þar hefur í tæp tíu ár verið boðið upp á fræðslu fyrir bæði einstaklinga og hópa um streitu, áhrif hennar á heilsu og hvernig má fyrirbyggja hana. Einnig býður skólinn upp á ráðgjöf fyrir stjórnendur stofnana og fyrirtækja varðandi streitu og mannauðsmál.

„Við bjóðum upp á námskeið sem sniðin eru að þörfum hvers og eins,“ segir Ólafur. „Í sumum tilfellum bjóðum við upp á lítill námskeið, til að mynda einn fyrirlestur. Einnig höfum við fylgt sumum fyrirtækjum eftir í mörg ár og

boðið upp á reglubundna fræðslu fyrir starfsmenn og aðstandendur. Þannig er starfið sem fer fram innan skólans býsna fjölbreytt, en grunnhugmyndin að baki starfseminni er þó ávallt sú að nota fræðslu til forvarna.“

Streituvaldar geta verið ólíkir í lífi hvers og eins og segir Ólafur lykilatriði í baráttunni gegn vanlíðan og álagi að staðsetja uppsprettu streitunnar. „Eitt af því sem er kjarnaatriði í fræðslunni er að hjálpa fólki að átta sig á því hver er streituvaldur í þeirra lífi; sumir vinna með viðkvæmar upplýsingar, aðrir starfa við tímaleysi og sumir vinna hreinlega hættuleg störf. Þessir þættir valda ólíku álagi og því er mikilvægt að fólk geti staðsett þá til þess að geta svo brugðist við á réttan hátt.“

Ólafur segir þá aðila sem sækja í þjónustu skólans vera jafn fjölbreytta og þeir eru margir.

„Þau fyrirtæki og einstaklingar sem sótt hafa námskeið Streituskólans koma af öllum sviðum þjóðlífsins. Fyrirtæki og vinnustaðir sem leitað hafa til okkar eiga það þó sameiginlegt að vera meðvitund um mannauðinn sinn. Við höfum til að mynda verið kölluð inn í fyrirtæki þar sem mikið ber á veikindum og fjarveru vegna álags; þá reynum við að efla starfsfólkið og vekja það til umhugsunar. Það hefur reynst vel og hefur dregið úr fjarverum vegna þess á þessum vinnustöðum. Í allt hafa um 120 fyrirtæki leitað til skólans og um 6.000 manns á þeirra vegum sótt námskeið hjá okkur. Því er ljóst að þessi fyrirtæki hafa gert mikið fyrir lýðheilsu meðal sinna starfsmanna.“

Upplýsingar um Streituskólann og starfsemi hans má nálgast á vefsíðunni www.forvarnir.net.

-vp

Mikilvægt að hugsa í lausnum

Aldraðir fá aukna ráðgjöf og stuðning frá Reykjavíkurborg vegna efnahagskreppunnar. Aðgerðaráætlun var kynnt fyrir starfsfólki síðastliðinn föstudag.

„Aldraðir, rétt eins og aðrir, eru uggandi yfir sparnaði sínum og efnahagnum. Og þó enn sem komið er hafi ekki borið á því að þeir þurfi á auknum stuðningi að halda, búum við okkur undir það,“ segir Líney Úlfarsdóttir, öldrunarsálfræðingur hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, í tengslum við áætlunina sem hefur verið hrint af stað.

Líney segir starfsfólk, þar á meðal það sem starfar við heimaþjónustu, vel í stakk búíð að takast á við hugsanlega aukinn kvíða hjá öldruðum. Afar mikilvægt sé að miðla upplýsingum til fólks. Það sé besta leiðin til að koma í veg fyrir ótta og kvíða.

Spurð hvernig áhrif þrengingar sem þessar hafi á aldraða segir Líney tímamót verða að leiða það í ljós.

„Þetta er alveg ný staða sem er komin upp og það eru engar rannsóknir sem segja okkur hvað muni gerast. Allir glíma við þennan vanda, sama á hvaða aldri þeir




„Hugsanlega eru aldraðir betur í stakk búin til að takast á við efnahagskreppuna þar sem þeir hafa lifað tímana tvenna,“ segir Líney Úlfarsdóttir öldrunarsálfræðingur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eru. Eldra fólk er aftur á móti í þeirri stöðu að það getur kannski ekki rétt sparnaðinn af. Hins vegar er þetta fólk sem hefur lifað tímana tvenna og jafnvel betur í stakk búíð til að takast á við þetta en þeir sem yngri eru,“ segir hún og bætir við að rannsóknir sýni að þunglyndi sé algengara meðal fólks á miðjum aldri en hjá öldruðum.

Þá segir Líney mikilvægt að á tímum sem þessum sé mikilvægt að fólk tali saman og hugsi í lausnum og forðist að ýta undir bölsýni. „Með aukinni ráðgjöf og þjónustu opnum við á mannlega þáttinn og gefum fólki tækifæri á að tala. Það er mikilvægt að hlusta og gefa fólki kost á að hringja aftur og aftur.“

-kep



Hefur þú hugmynd um hvað virkar best?

Rannsóknir sýna að ein besta forvörnin gegn fíkniefnum er
**þátttaka í skipulögðu
íþróttá- og æskulýðsstarfi**
Kynntu þér málið á www.forvarnardagur.is



Fimmtudagurinn 6. nóvember er forvarnardagur í öllum grunnskólum landsins. Ofangreind fullyrðing er byggð á áralöngum rannsóknum fræðimanna við Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík á hegðun ungmenna og hvað skilar árangri í forvörnum. Forvarnardagurinn er samstarfsverkefni eftirfarandi aðila:





Börnin fá að upplifa náttúruna og fullorðnir fylgjast með.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Út í bláinn

Gönguferðir á vegum Félagsmiðstöðvar Reykjavíkurborgar í Hæðargarði 31 sameina samverustundir fjölskyldna og holla útvist. Þær eru farnar klukkan tíu á laugardagsmorgnum undir styrkri stjórn Þórdísar Ólafsdóttur. Yfirskriftin er Fjölskyldan saman út í bláinn og þar er fagnað fólki á öllum aldri.

Gangan er ekki hugsuð sem kraftganga heldur miklu fremur sem félagslegt rölt fólki til andlegrar og líkamlegrar hressingar og gleði. Á eftir eru teygjuæfingar, vatn og huggulegheit í Betri stofunni. -gun

Næturathvarf fyrir konur í neyð

Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Konukots, segir sjálfboðavinnu tækifæri til að láta gott af sér leiða í samfélaginu.

„Nú er kjörið tækifæri fyrir nema í félagsfræði eða aðra þá sem vilja láta gott af sér leiða að koma og starfa í athvarfi eins og Konukoti. Það er alltaf mjög gefandi að gefa af sér og ekki síst í ríkjandi aðstæðum,“ segir Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Konukots, sem er næturathvarf fyrir heimilislausar konur, og er við Eskihlíð í Reykjavík.

Konukot var upphaflega tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurdéildar Rauða krossins en frá árinu 2006 hefur athvarfið verið rekið í samstarfi við velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Að sögn Kristínar Helgu er því ætlað að sinna grunnþörfum einstaklingsins; það er að segja að sjá honum fyrir húsaskjól, mat og hreinlæti. En mannúð er eitt af grunnmarkmiðum Rauða krossins sem felur í sér að vernda líf og heilsu og skapa virðingu fyrir mannlegu lífi.

Kristín Helga segir að ekki megi gleyma því að Konukot er ekki heimili heldur neyðarathvarf, þótt markmiðið sé auðvitað að hafa aðstöðuna heimilislega. „Flestar konur sem leita til athvarfsins eru yfirleitt í neyslu,“ bendir hún jafnframt á og bætir við að sömu konurnar sækja athvarfið aftur og aftur.

„Mikilvægt er að manneskja sem komin er á þann stað í lífinu að hún felur sig fyrir umhverfinu hafi aðgang að athvarfi eins og Konukoti,“ bendir Kristín Helga á, en að hennar sögn eru konurnar sem sækja athvarfið í mjög mismunandi líkamlegu og andlegu ástandi.

Konukot er nú opið frá klukkan fimm á daginn, en ætlast er til að konurnar séu komnar í hús fyrir klukkan eitt á nóttunni. Aðkoma sjálfboðaliða að starfsemi Konukots hefur gert það að verkum að unnt hefur verið að lengja opnunartímann. -vg

„Sjálfboðaliðar geta valið um vaktir frá allt að þremur klukkustundum einu sinni í mánuði eða oft,“ segir Kristín Helga Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Konukots, næturathvarfs fyrir heimilislausar konur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



Sinna öllum sviðum

Dr. Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur sálfræðipjónustu LSH, endurhæfingarsviði og dósent í sálfræði við læknadeild Háskóla Íslands, mun flytja erindið Sálfræðipjónusta á almennum deildum Landspítala, miðvikudaginn 15. október klukkan 12 til 13 í stofu 101 í Odda, húsi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands. Þar kynnis hann þá sálfræðipjónustu sem í boði er á Landspítala – háskólasjúkrahúsi en allir sem eru á almennum deildum spítalans eiga kost á sálfræðipjónustu.

Markmiðið er að auka lífsgæði sjúklinga og aðstandenda. Sálfræðipjónustan felur meðal annars í sér stuðningsviðtöl, sálfræðilega meðferð, greiningu og fræðslu af ýmsu tagi. Um er að ræða einstaklings- og hópmeðferð, para- og fjölskylduviðtöl. Einnig eru í boði námskeið fyrir sjúklinga og aðstandendur.

Á umrótatímum í samfélaginu, líkt og nú eru, eykst álag til muna og þá ekki síður hjá þeim sem eru veikir fyrir. Því er gott að vita af því að sálfræðipjónusta er í boði fyrir alla sjúklinga Landspítalans.



Dr. Eiríkur Örn Arnarson flytur erindi um þá sálfræðipjónustu sem í boði er.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Sálfræðingum hjá sálfræðipjónustu LSH er ætlað að sinna öllum sviðum sjúkrahússins nema geðsviði. Auk þess sjá sálfræðingarnir um ráðgjöf og handleiðslu annarra fagaðila, kennslu háskólanema og handleiðslu þeirra í starfsnámi og stunda rannsóknir.

-hs



Sálfræðipjónusta stendur til boða á öllum almennum deildum Landspítalans.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÍTTU Í EIGIN BARM

Nú stendur yfir lokaáfangi söfnunarátaks Krabbameinsfélags Íslands til að fjármagna kaup á tækjum sem geta greint brjóstakrabbamein á frumstigi betur en eldri búnaður.

Einn liður í átakinu er sala á Bleiku slaufunni sem hönnuð er af Henrikku Waage skartgripahönnuði. Til að ná takmarki okkar þurfum við að selja 40.000 slaufur. Sýndu stuðning þinn í verki og settu slaufu í barminn.




FORVARNASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Leiðarljós

Að skapa öllum börnum og ungmennum
uppeldisaðstæður og umhverfi sem eflir
sjálfstraust þeirra og sjálfsmynd,
einkennist af samkennd og býr yfir
viðeigandi stuðningsúrræðum þegar þörf
krefur

Reykjavíkurborg leggur áherslu á að
forvarnir hefjist strax í æsku, séu
heildstæðar, víðtækar og sameini krafta
og störf borgarbúa og
borgarstarfsmanna





Allir geta hringt í Hjálparsímann þegar þeim líður illa og er fullum trúnaði heitið.

NORDICPHOTOS/GETTY

Nafnlaus vinur í raun

Hjálparsími Rauða krossins, 1717, er gjaldfrjáls sími sem er opinn allan sólarhringinn fyrir þá sem þurfa aðstoð vegna ýmiss konar vanlíðunar. Á heimasíðu Rauða krossins segir að tilgangurinn með Hjálparsímanum sé „að vera til staðar fyrir þá sem finnst þeir vera komnir í öngstræti en vilja þiggja aðstoð til að sjá tilgang með lífinu“.

Starfsmenn og sjálfboðaliðar svara í Hjálparsíma Rauða krossins. Þeir hafa reynslu af að svara slíkum símtölum og fá reglulega þjálfun í samvinnu við geðsvið Landspítala háskólasjúkrahúss og Landlæknisembættið. „Síminn er alltaf opinn, hann er ókeypis og hann er fyrir alla. Við heitum fullum trúnaði og er hlutleysis og nafnleyndar gætt í hvívetna,“ segir Fjóla Einarsdóttir, verkefnastjóri Hjálparsímans.

Síminn er aðalstyrktaraðili Hjálparsíma Rauða krossins. Auk Símans gefur Og Vodafone eftir gjald vegna símtala í 1717. Allar hringingar í 1717 eru því gjaldfrjálsar fyrir þá sem hringja. Ekki kemur fram á símreikningum að hringt hafi verið í 1717 og er því ekki hægt að rekja símtöl í hann.

-hs



Allar hringingar í 1717 eru gjaldfrjálsar.

Hert á öllum skrúfum

Gripið hefur verið til þeirra ráða hjá SÁÁ að veita aukinn stuðning og þjónustu á göngudeild í ljósi ríkjandi aðstæðna.

„Að sjálfsögðu höfum við af því áhyggjur að fólk með fíknsjúkdóm rati í erfiðleika við þessar aðstæður,“ segir Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, spurð hvort áfengis- og vímuefnaneysla hafi aukist í efnahagskreppunni.

„Við höfum á tilfinningunni að aðsókn sé að aukast um þessar mundir, en það er ekki hægt að segja til um það fyrr en betur er að gáð. Álagið hefur verið talsvert meira á göngudeildum okkar síðustu daga. Sumir eru í meiri klemmu en áður út af þessum sveiflum og hremmingum í þjóðfélaginu,“ segir hún en gripið hefur verið til þeirra ráða hjá SÁÁ að veita fólki aukinn stuðning og þjónustu á göngudeildum í ljósi ríkjandi aðstæðna.

Valgerður segir ytri aðstæður, eins og þær sem Íslendingar eru að kljást við þessa stundina, geta ýtt undir að alkóhólistar og fólk með aðra fíknsjúkdóma beygi af. „Sjúkdómurinn er svo langvarandi og þrálátur og þegar þrengir að í kring þá stendur fólk oft verr.“

Hún bendir jafnframt á að hjá SÁÁ sé reynt að taka á móti fólki



Valgerður Rúnarsdóttir, læknir hjá SÁÁ, ráðleggur fólki með fíknsjúkdóm í bata að herða á sínu bataprógrammi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

eftir bestu getu, en því miður sé það hægara sagt en gert að auka plássíð. Til þess þurfi aukna fjármuni. „Ég ráðlegg fólki sem er með fíknsjúkdóm í bata að herða á sínu bataprógrammi, og herða á öllum skrúfum,“ segir hún. „Það getur vel verið að margir þeir sem hafa farið í gegnum meðferð séu betur í stakk búnir til að

takast á við þær þrengingar sem þjóðfélagið er að fara í gegnum, því þeir hafa svo marga möguleika í hendi sér.“

Aukin þjónusta er nú á göngudeild SÁÁ hjá Von, Efstaleiti 7, og stendur öllum opin, jafnt sjúklingum sem aðstandendum. Einnig er starfrækt göngudeild á Akureyri.

-kep

ER LÍFIÐ ERFITT?
HJÁLPARSÍMI
RAUÐA KROSSINS
ER OPINN



1717

Síminn  er bakhjarl Hjálparsíma Rauða krossins

 Rauði kross Íslands

Gott fjölskyldu- líf - okkar ábyrgð!

aukið aðgengi að
áfengi = aukin neysla
www.iogt.is

Áfengi er engin venjuleg vara

- Áfengi hefur mikla sérstöðu sem neysluvara og fráleitt að um hana þurfi að gilda sömu viðmið og ýmsar aðrar vörur.

Meira en eitt af hverjum fjórum dauðsföllum meðal ungra karlmannna (á aldrinum 15-29 ára) í aðildarríkjum Evrópusambandsins, og eitt af hverjum tíu dauðsföllum meðal ungra kvenna á sama aldri, eru vegna áfengisneyslu (s.s. vegna umferðarslysa, sjálfsvíga, ofbeldis o.s.frv.).

HEIMILD:

Alcohol in Europe: A public health perspective. A report for the European Commission. Institute of Alcohol Studies, UK, June 2006.

Aukið aðgengi – Aukin neysla – Aukinn vandi

Samþykkt frumvarps um sölu áfengis í matvöruverslunum mun leiða til mikillar fjölgunar dreifingarstaða áfengis og auka aðgengi að áfengi gífurlega.

Einkasala ríkisins á áfengi er dæmi um víðtæka leið til að stýra aðgengi að áfengi.

Sú tilhögun að smásala áfengis sé í höndum verslana ÁTVR, sem eru í eigu og ábyrgð stjórnvalda, er mikilvægur þáttur í forvörnum sem óráðlegt er að fórna.

HEIMILD:

Alcohol: No Ordinary Commodity – Research and Public Policy (Oxford University Press, 2003) eftir 15 sérfræðinga í rannsóknum og lýðheilsumálum.


IOGT Á ÍSLANDI
... til framtíðar

+ Hugaðu að heilsunni í vetur



Við bólusetjum gegn inflúensu

Hjúkrunarfræðingar Heilsuverndar munu annast bólusetningar í Lyfju sem hér segir:

Tímabil: 8. – 17. október

Lyfja Lágmúla - alla virka daga milli kl. 17.00 og 19.00

Lyfja Smáralind - alla virka daga milli kl. 13.00 og 15.00

Lyfja Laugavegi - föstudaga milli kl. 16.00 og 18.00

Verð fyrir sprautun og bóluefni er **1.950 kr.***

Einfalt, árangursríkt og ekkert sárt.

* Allir eldri en 60 ára fá afslátt sem nemur andvirði bóluefnisins.



Verð 820 kr.

PANODIL HOT – VERKJALYF



Verð 598 kr.

STREPSILS HÁLSTÖFLUR



Verð 798 kr.

BENYLAN HÓSTAMIXTÚRA

Lágmúli - Smáratorg - Laugavegur - Smáralind - Spöngin - Garðatorg - Setberg - Keflavík - Grindavík - Selfoss - Laugarás - Borgarnes - Stykkishólmur
Grundarfjörður - Búðardalur - Ísafjörður - Bolungarvík - Patreksfjörður - Sauðárkrúkur - Blönduós - Hvammstangi - Skagaströnd - Húsavík - Kópasker
Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstaðir - Seyðisfjörður - Fáskrúðsfjörður - Höfn - Neskaupstaður - Reyðarfjörður - Eskifjörður

www.lyfja.is

 **LYFJA**
- Lifið heil

ALLT SEM ÞIG VANTAR

Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. **8-17**

Smáauglýsingasíminn er **512 5000** smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin: alla virka daga **8-17**

BÍLAR & FARATÆKI



GOTT VERÐ 299 þús
MMC LANCER WAGON GLXI/ STW 4WD 7/2000 Ný tímareim - Ný skoðaður - Ný smurður - 100% Lán mögulegt þús uppl: 580-8900/ 699-5801 / 699-6661 www.bilalind.is

Bílalind
Stórhöfða 24, 110 Reykjavík
Sími: 580 8900
www.bilalind.is



Dodge Stratus SE, árg. 2004, Ek. 44þús.km, Sjálfsk., rafmúður og spælar, Cruise, loftkæling ofl. Tilboðs verð 1250þús.kr!!! 100%fjármögnun fánalegt!

100 bílar ehf
Funahöfða 1, 110 Reykjavík
Sími: 517 9999
Opíð virka daga 10-18.30 og laugardaga 12-16
www.100bilar.is

Breiðan ehf
821-6292



Kia K2500, árg. 2006, vinnuflokkabíll, diesel, 6 manna, pallur, ekinn 52 þús. sk.'09, 100% lánað, verð kr. 1.590.000, m.vsk. S. 821 6292.



Toyota Hilux árgerð 1995, diesel, double-cab, ekinn aðeins 117þús.km., ryðlaus, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 650.000 S. 821-6292.



Ford Transit árgerð 2004, 16 manna, ollumiðstöð, ekinn 130 þús., sk.'09, 100% lánað, verð kr. 2.250.000 S. 821-6292

Breiðan ehf
Sími: 821 6292



Nissan double-cab diesel, árgerð 2004, ekinn 130 þús., pallhús, álfelgur, 32" dráttarkúla, sk.'09, 100% lánað, verð kr. 990.000 S. 821-6292

Bílar til sölu



Netbilar.is
Stórlækka þinn sölukostnað. Verð frá aðeins kr. 29.000 fyrir þitt ökutæki. Kynntu þér málið á Netbilar.is Gerðu verðsamanburð.



BrunaÚtsala
Bílar á Gömlu Gengi
Hringdu Núna
552 2000

islandus.com
www.islandus.com - Sími 552 2000



Toyota Corolla 2005, ekinn 69 þús. Verð 1.450 þús. Uppl. í s: 844-4959



Skoda Octavia station árg.'99. 1.6 bsk. Ek. 155 þ. Ný vél, tímareim, kúpling, Toppbíll. Listaverð 430 þ. Tilboðsverð 330 þús. S. 892 7852.

T. Avensins Station árg. '99. Ek. 157 þ. Nýlega skoðuð. Tilboð 425 þ. Uppl. í s. 898 1944.

0-250 þús.



MMC lancer 4X4 1.6 árg'99 sk 09 ekin156þús km verð 220 þús uppl í 8652377



Til sölu Can Am Limited fjórhjól, árgerð 2007, spil, GPS, auka dekk á felgum, eins og nýtt. Verð 1.850 þús. Uppl. í síma 820-7385.



Musso árg. '98. Sjálfsk., bensín. Góður bíll. V. 180 þ. Uppl. í s. 845 2321.



Til sölu Daewoo Nubira árg 99, ný tímareim og kúpling, ný skoðaður, toppluga, ath skipti, uppl 892-4559



SPARIBAUÐUR Á TILBOÐI!
Opel Astra'00 1,2 3ja dyra, nýskoðaður '09 ,eyðir sirka 6 í blönduðum akstri, bgs listaverð er 527 þús TILBOÐ 245 ÞÚS!!! s.841 8955

Hyundai Accent '95. Ekinn 152þús. Verð 100þús. Uppl. í 866-0322 eða eydish@hotmail.com.

Nissa Almera 1.4 16V,ek. 145 þ. árg. '99, sk 09,Verð 180þ Upplí síma 823 6567

1-2 milljónir



Til sölu Ford F 150 '03 ek. 145.000 km. verð tilboð. skoða öll skifti. uppl. 8657255



Útsala á Alfa Romeo 147 Classic. Árg. '05 ek. 37 þús. Gullfallegur og sparneytinn. Ásett v. 1.600.000 kr. tilboð 1.300.000 kr. S. 898 9490.

2 milljónir +



Toyota Sienna 2004, Ekin 52 Km V6, 3,3L. Sjálfskiptur, 7 manna.Vetrardekk Ásett 2.9 Tilboð aðeins 2.2. Uppl. í síma 822 8808, Svenni.

Bílar óskast

Ódýr bifreið óskast! Má þarfnast smá aðhl. Stgr. ca. 25-60 þ. S. 844 6609.

Jeppar



Til sölu Toyota LC, árg 87, turbo diesel, 36-38" breyttur, verð ca 500,000, ath skipti, uppl 892-4559

Hóperðabílar



Til sölu M-Benz Mantra 4x4 '06, 39" dekk,16 farþ + 1, læstur framan og aftan, ek. 97þ, gæðakerfi og fl. Uppl, s. 660 1303 & 660 1305 og www.ruta.is

Vörubílar



Í landi tækifæranna
Til sölu kranabíll með 72tm palfinger. Stíll undir palli omfl. Uppl. í síma 897 2289.

Vinnuvélar

ARMAR
GRÖFUR og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armor.is

VARAHLUTIR Í LIEBHERR BOMAG SKYJACK Genie
Sími 892-6800

Lyftarar

ARMAR
SKOTBÓMULYFTARAR og ýmis önnur tæki til byggingaframkvæmda til leigu.
S. 565 4646
www.armor.is

Bílaþjónusta

GÆÐABÓN ÁRMÚLA 17A Opíð Mán-fös 8-18 S. 568 4310
KRINGLUBÓN ekið inn stórlitli turn. Opíð mán-fös 8-18 Lau 10-18. S. 5342455
GÆÐABÓN Hafnarfirði bílajak. Fríðinum (undir verslunum.)
ÞAD BESTA FYRIR BÍLINN ÞINN
ALDRIF, MÖSSUN, TEFLON, BRYNGLIÁI, DJÚPHREINSUN.

Hjólbarðar

Green Diamond Kynningarverð
BYLTING í dekkjum
Miklu meiri ending. allt að 65.000 km

Heilsársdekk með kvartskornum. Mun betra grip en hefðbundin dekk. Umhverfisvæn og hjóllát. Aukið öryggi í háku og bleytu. Styttri hemlunarvegalegd. Meira öryggi í beygjum. Amerísk gæðadekk. Söluaðilar; Efnir ehf, Vesturhraun 3, Garðabær S. 555 1122 - Nýbarði Lyngási 8 - Garðabæ S. 565 8600.

285-70-19,5 6 stk nelgd vetrard undir vörubílinn eða sendibíl. Uppl í s. 770 2175.

Varahlutir

Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eignum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

Japanskar Vélar/Bílastart, Bílapartasala

Erum að rífa Swift '07, L200 '07, D-Max '07, Mazda Tribute '05, Captiva '05, Tucson '05, HRV '04, C3 '04, Focus C-max '04 og flestar tegundir japanskra og kóreskra bíla. Einnig VW og Opel. Opíð 08-18. S. 565 3400, partasalur.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, Renault og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar í VW og Skoda. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

Bílapartar ehf S. 587 7659.

Eignum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

Varahlutir í Impreza '97. Accent '95. Vinstra framljós á BMW X3 '03-'06. Uppl. í s. 896 8568.

ÞJÓNUSTA

Hreingerningar

Atilö
Þrif & Viðhald
Sími: 662 0 662
Flutningsþrif • Hreingerningar
Teppahreinsun • Gluggapvottur
Reglubundin þrif fyrir fyrirtæki
Létt viðhald á eignum fyrir einstaklinga & fyrirtæki

Hreingerningar ehf.
Sími: 868 5599
Gólfbónun - Bónleysing
Hreingerningar - Flutningsþrif
Gluggapvottur - teppahreinsun
Reglulegar ræstingar í sameignum og fyrirtækjum.
www.hreingerningar.is
Hreingerningar ehf. S: 868 5599

Vy-þrif ehf.
Öll almenn þrif, regluleg ræsting sameigna. Verðtilboð. Sími 512 4010. www.vy.is

Garðyrkja

Smágröfuleiga
Drenlagnir
Skolplagnir
Jarðvegsskipti
Upplýsingar í síma:
824 7565 Beggi
696 6676 Bjóssi

DAX VERK
Hellulagnir, Jarðvinna,
Smágröfþjónusta.
S: 698-0098 • dax@dax.is

Parf að slá eða klippa?
GARDAR BEST
sími 698 9334

Skýggðu trén á þig í sumar? Nú er rétti tíminn að fella tré og snyrta runna fyrir veturinn. Við tökum einnig að okkur alla almenna garðvinnu. S.s. sólpalla og grínverkasmiði, hellulagnir, þöklagnir, garðslátt (já enþá), jarðvegsskipti og svo sjáum við líka um að setja upp jólaljósir fyrir þá sem vilja aðstoð við það. Kíkið á heimasíðuna gardarbest.is og sendið póst eða hringið í s. 698 9334 / 660 9347.

Garðþjónusta Íslands

Haustklippingar, haustþrif, trjáfellingar og öll önnur almenn garðvinnu. S. 866 9767.

Hellulagnir, smágröfþjónusta, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sannaþjórnun verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Bókhald, VSK, laun, framtöl, ársreikningar ofl. S. 696 3969 og á www.ulfurinn.is

Fjármál

Áætlanagerð, ársreikningar, skattskil og bókhald. Lipur þjónusta - áratuga reynsla. Arfar ehf. Sími 897 5520.

Málarar

Múrum og málum!
Tökum að okkur múr- og málingarvinnu, stór og smá verk. Örug þjónusta, vanir menn vönduð vinna. Gerum verðtilboð þér að kostnaðarlausu. Upplýsingar gefur Sverrir s. 661 7000.

Málningarvinna

Getum bætt við okkur innverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896-5758

Málarar Málarar

Alhliða málingarþjónusta, hagstæð verð. Fagmennska. S. 615 2016.

Ódýr sandspörlun. Ódýr málingarvinna. Góð og vönduð þjónusta. TS Málun ehf. Sími 663 3393.

Málaranemi á lokaári getur tekið að sér verkefni. Fagmennska og gott verð. 6979867

Málarameistari

Tek að mér að spartla og mála. S. 895.2281.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjaff., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Flutningaþj. Mikaelis. S. 894 4560 www.flytja.is

Búslóðaflutningar!

Búslóða flutn., vöruf., pianó flutn. og aukamenn ef óskað er. Hvert á land sem er. Sama verð alla daga !! Uppl. í síma 555 6363.

Búslóðaflutningar

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Einnig aukamenn ef óskað er. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 659 4403.

Húsviðhald



Parketslípun
sólpataslípun | parketlagnir
551 1309 / 400 5115
gofflist@gofflist.is
www.gofflist.is



Múrverk og málun
Getum bætt við okkur verkefnum í Húsviðgerðum, Öllu almennu múrverki, Flísalögnum, Múrklæðningum, Sandspörslun og málun. Erum einnig farin að bóka verkefni fyrir næsta ár.
Upplýsingar gefa Kolbeinn múrarmeistari í s: 8966614 og Helena framkvæmdastjóri í s: 843 3230 / 562 1300
m1@m1.is
m1.is

Glerjun/gluggaviðgerðir! Móðuhreinsun glerja

Sjám um öll glerskipti, viðgerðir og breytingar utanhúss sem innan. Fyrir húseigendur og húsfélög. Tilboð þér að kostnaðarlausu. Fagþjónustan ehf, s. 860 1180.

Þjónusta

♦ STEYPUSÖGUN
♦ KJARNABORUN
♦ MÚRBROT
LÍNUBORUN EHF
820 0070 577 5177

HB-MÚR ehf.
Öll almenn múrvinna,
flísalagnir, steining og mynstursteypa

Sími: 899 9701 • Sími: 691 0036 • Sími: 692 8962
Fífurimi 5 • 112 Reykjavík
brynjarolafss@yahoo.com

Til sölu

MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI
Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fánleg í netverslun Fleshlight.is
FLESHLIGHT.IS



Húsviðgerðir og málun
Málum þök, skiptum um bárujárn á þökum og smávægilegar múrviðgerðir og fl. Uppl. í s. 659 3598.

Viðhald - gluggar - hurðir - veggir - sólpallar. Smíðalausnir. S. 899 3011.

Múrverktakar

Múrvertakar geta bætt við sig allt alment múrverk eða múrviðgerðir. Margt kemur til greina. S. 865 2782.

RemontMax ehf.

Sérhæfa sig í að flísaleggja - sparsla - mála. Einnig viðgerðir á gömlum húsum Komum og gerum tilboð ef óskað er. S. 849 9301 - www.flisa-rogmalun.is

Pípulagnir

Getum bætt við okkur verkefnum í pípulögnum. Upplýsingar í síma 663 5315.

Stíflubjónusta

Stíflulosun Rörmyndun
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-föllum. Rörmyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
Skolphreinsun Ásgeirs sf.
S.892 7260 & 567 0530

Spádómar

www.ortagalinn.is
Örtaga línán
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opíð öll kvöld í síma 595 2001 & 908 1800

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sírý í s. 552 4244 & 823 6393

Ólöf spámiðill

Er á landinu. Leiðsögn, spádómar. Vantar þig hlustanda eða ráðgjöf. Spá í spil, tarrot ofl. S. 901 5000 frá kl. 17-23, helgar 11-24. Geymið auglýsinguna.

Símaspá-draumráðningar: 9086414, 5535395 (Visa/MC), Símat. 10-24. Spák. Yrsa. Hringdu núna!

Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

KEYPT & SELT

Til sölu

Nú á allt að seljast!!
Grindur fyrir upphengd salerni verð 20 þús. barskápar, sturtuklefar með gufu, fluurlampar 2x58w IP65 - verð 4000 þús. og mfl. Baðinnréttingar frá 68 þús.
Sími 849 7813
ISmart



Stubbastandar

Burt með sóðaskapinn! Utanhúss öskubakkar, bæði standar og á vegg. Standur ehf. S. 842 2535 stubbastandar@gmail.com

10 Þús. Evrur til sölu í reiðufé. Áhugas. sendi netpóst á gjaldreyrir@gmail.com

Gefins

Óska eftir ísskáp og þvottavél gefins, má vera bílað. Uppl. í s. 896 8568.

Óskast keypt

Vantar ísskáp og eða frystikistu sem fyrst. Ódyrt eða gefins. Er í Rvk. S. 691 9939. Gúmmi.

Hljóðfæri

Tilboð
Dúndurtílbóð!

Klassískur gítarpakki frá 12.900 kr. Þjóðlagagítar frá kr. 9.900. Rafmagns Gítarpakki frá kr. 19.900. Bassag. pakki frá 29.900 kr. Trommuset frá kr. 49.900 með diskum. Gítarinn Stórhöfða 27. S. 552 2125 www.gitarinn.is

Vélar og verkfæri



PON TRUCK WP60 - 1300kg 24V/70Ah Verð: 311.250 með VSK. PON ehf, S: 552 0110 http://www.pon.is

Til bygginga

Allmand Nigh-Lite Pro ljósamastur með rafstöð
- 4 x 1000W kastarar
- 6 kw rafstöð með Kubota dieselhól
- Eyðir aðeins 1,7 ltr á klukkustund
- Einfalt í notkun
STÉLBRUNN

Krossviður, timbur, dokar og fl. til sölu. S: 840-7273 og á www.ulfurinn.is

Óskum eftir að kaupa stillansa, palla og fleira sem við kemur byggingarvinnu. S. 865 2782 eða á redon@simnet.is

Óska eftir að kaupa notuð steypumót „Doka“ eða sambærilegt 3ja m.langa 100 stk einnig uppistöður 2"x4" lengd 3,90 óheflað ca.130 stk. Uppl. í s. 897 1139.

Verslun

Stærri limur betri limur
Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannaðu málið á bathmate.is
bathmate.is

Heildsala

Fyrirtæki - Verslanir
Júlalína 2008. Mikió úrval umbúðalausna fyrir fyrirtæki og verslanir. Pappír á rullum, krullubönd, pokar, körfur, sellofan og fl.
S: 575-0200 www.danco.is **DANCO**

HEILSA

Heilsuvörur

5-7 Kíló í Burtu?
Sjálfsæður dreifingaraðili FLP

9 Daga hreinsiprógram frá Aloe Vera NÝTT NR. 772 2885, Sigríður & Kristján
Árangur með Herbalife í 28 ár. Pantaðu fráan prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfæðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

HERBALIFE VEFVERSLUN Snögg og góð þjónusta! www.betriheilsa.is

Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

www.perform.is - Mesta úrval landsins af fæðubótarefnum.

Herbalife vörurval. Pantaðu; dagamunur.is Ásta S. 891 8902. Visa/Euro. Póstsent

Líkamsrækt

Snyrtinámskeið.
Vantar þig 30-50 þús?
1. Semi perm... tattoo Leirmeðferðir
2. Spa+stinningar
3. Augnháralengingar
4. Neglur Þetta getur þú gert heima!
Spennandi tækifæri!
S:5618677

Nudd

Thailenskt heilsunudd
Joom nuddari Bolholti 4, S. 892 3899

Whole body massage Telephone 841 8529.

Svæðameðferð

Betri heilsa. Ert þú í líkamlegu og andlegu ójafnvægi? Svæðameðferð gæti hjálpað þér. Tímabantanir í s. 848 7367, Ásta. ATH. ekki er um erótískt nudd að ræða!!!

HEIMILIÐ

Húsgögn

Eitt herb. & Eldh. til leigu v. Barónsstíg. 55 þ. á mán + hiti og rafm. Uppl. í s. 895 5730.

TÓMSTUNDIR & FERÐIR

Gisting

Íbúðir í Barcelona, hagstætt verð. Menorca Mahon, Costa Brava, Playa De Aro. Valladolid og Reykjavík, sv.101 Uppl. í s. 899 5863, www.helenjons-son.ws & www.starplus.info

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

husaleiga.is
Leigjandi skráðu þig frítt á óskalistann. www.husaleiga.is. Sími 471 1000.

www.heimkynni.is
Til leigu 3ja og 4ja herbergja íbúðir, lausar strax.
Allar frekari upplýsingar á heimasíðu okkar **www.heimkynni.is**

Til leigu 325 fm. verslunar og skrifstofuhúsnæði í Kópavogi. Húsnæðið er í góðu ástandi. Upplýsingar í síma 824-0220

Gistiheimili langtímaleiga Funahöfða 110 Rvk. / Dalshraun 220 Hfj. S. 824 4530.

Íbúðir til leigu

Skrifstofa Leiguliða auglýsa lausar nýjar og notaðar íbúðir til leigu í Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfirði. www.leigulidar.is eða S. 517 3440.

101/miðbær

Til leigu rúmgott herb. Á góðum stað í miðbænum. Aðgangur að eldhúsi,bað og þvottavél. Laust strax. Uppl. í s 863 3328/846 0408.

Falleg 130fm 3 herb. íbúð í nýlegri blokk með lyftuhúsi v/Laugarnesveg til leigu á 170 þ. á mánuði. Állt innifalið. Bílastæði í bílahúsi. Engöngu reyklaust, reglusamt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 899 7397. Jenny.

Til leigu 107 fm 3ja herbergja íbúð á svæði 203 með aðgang að bílskily. Leiguverð 140 þ. á mán. + rafmagn og hiti. Uppl. í s. 699 5552.

Flott 2 herb. íbúð í 104 Rvk til leigu 1.nóv. Leiga 100 þús. Birna nr. 8213879

Til leigu glæsilegt 170 m2 nýtt raðhús m/bísk í Mosfellsbæ. leiga 230þ. S 7720009

Til leigu 4 herbergja íbúð á þriðju hæð í Hraunbæ Rvk. 140 þús. + húsgögn. Upplýsingar í síma 864 8351 eftir kl 18.00. Til leigu 8 m2 herbergi í Hraunbæ Rvk með aðgangi að snyrtingu. 20 þús. á mánuði. Upplýsingar í síma 864 8351 eftir kl. 18.00.

2. herb. íbúð í nýju fjölb. Á Arnarneshæð Gb. Bílskily. Leiga samkomulag. 8497209

Stór og sólrík 3 herb íbúð 90m2 til leigu í Miðtúni 82 105 reykjavík. Laus nú þegar, upplýsingar á staðnum frá 12 - 19

Rúmlega 40fm nýstandsett stúdíó íbúð til leigu á sv. 105. Leiga 98 þús + trygging. Uppl. í s. 849 6816.

Einstaklingsherb. til leigu með húsgögnum & eldhúsaðgangur með öllum áhöldum. Þvottabjónusta fylgir. Leigist reglusömum & skilvísnum karlmanni í fastri vinnu. Uppl. í s. 557 2183.

2 herb. íbúð í Hraunbæ til leigu í 6 mán. Leiga 80 þ. á mán. Uppl. sendist á bimamagg@internet.is

Vantar meðleigjanda að 80 fm íbúð við Vífilsstötu, 105 Rvk. Verð 65 þús, fullbúin húsgögn og laus strax. Uppl. í síma 840 3358.

4ra herb. 112 fm. sérhæð sv. 105 rétt við Laugardalinn. Sér innng. og bílast. 2 stór sv. herb. Björt falleg nýuppgerð íbúð, leigð m. búslóð og tækjum í amk. 1 ár, framlenging möguleg. Laus í nóv. Sanngjörnt leiga f. góða leigjendur. sími 842-5447

2 herb. 57 fm íbúð á besta stað í 101. Leigist m. húsgögnum (ef óskast) & þvottavél + þurrkara. Laus strax, Langtímaleiga 120 þús. S. 865 5390.

3ja herb kj.íbúð í R-109. V. 108.000 kr. rvk109@yahoo.com & Gsm.695 1790.

Húsnæði/herbergi til leigu í Sviþjóð rétt við Kastrup. S. +46462406929.

Vaktavinnu maður (algjör reglu maður) óskar eftir stórru stofu með sérinnngangi og sér baði eða lítilli íbúð fljótleiga, (hugsanlega í hálf ár). Helst miðsvæðis í Reykjavík á rólegum stað. S. 692 4510 Ánni.

Húsnæði óskast

Lítill stúdíó-íbúð í 103/108 rvk óskast til leigu strax, til langtíma. Góðri umgengni og skilvísnum gr. heitið. S. 659 8931.

Sumarbústaðir

Sumahús til leigu í Brekkuskógi. Glæsilegt hús í alla staði. Heitur pottur. Sími 8410265

Atvinnuhúsnæði

Til leigu c.a. 30-40fm upphitað húsnæði. Uppl gefur Hjörtur í s:8952136

VÍSIR.IS
„..ég sá það á vísi“

Geymsluhúsnæði

Geymslugámar
Gámar af ýmsum stærðum til sölu og leigu.

HAFNARBAKKI FLÚTINGATÆKI

Hringhellu 6 • 221 Hafnarfirði
S. 535 2350 • www.hafnarbakki.is

Til leigu sér geymslubíl 7, 10 og 17 m², og bretti á 2900.- kr stk. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vakt. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

Eigum ennþá nokkur upphituð rými f. fellihýsi, tjaldv. hjólh. ofl. í Borgarfirði. Gott verð. S. 663 2130.

Geymsluhúsnæði

Upphitað húsnæði fyrir hjólhýsi, tjaldevagna, fellihýsi ofl. aðeins 100 km frá Rvk. Dæmi um verð fellihýsi 35þ. - hjólhýsi 70þ. - tjaldvagn 25þ. fyrir veturinn! S. 898 1990. & 894 4489.

Gisting

Gisting í Kaupmannahöf

Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufærni frá miðbænum, skammtímaleiga. Nánari uppl. í s. 822-7303, 891-8612, +45 27111038 eða annalilja@stracta.com.

ATVINNA

Atvinna í boði



Störf hjá Select

Óskum eftir að ráða starfsmann á næturvaktir á Select Suðurfell. Einnig leitum við eftir aðila í hlutastarf á Select Hraunbæ en unnið er aðra hvora viku frá fimmtudegi til sunnudags, 15:30 - 23:30.

Nánari upplýsingar veitir Sigurborg stöðvarstjóri Suðurfelli í síma 557 4060 eða Helga stöðvarstjóri Hraunbæ í síma 567 1050. Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða senda ferilskrá á starf@skeljungur.is.

Skalli Vesturlandsvegi
Starfsfólk óskast í fullt starf. Upplýsingar á staðnum.



Panorama Veitingastaður. Nýr, spennandi og glæsilegur staður óskar eftir flottu og duglegu starfsfólki, þjónum, barþjónum, og aðstoð í sal og í eldhúsi. Umsóknir sendist á fb@centerhotels.is

HENDUR.IS

Tugir starfa í boði á vefsíðu okkar.

Stýrimann og vanan háseta

Stýrimann og vanan háseta vantar á Mörtu Ágústsdóttir frá Grindavík til netaveiða strax. Uppl. í s. 426 8286 & 894 2013.

Spennandi upptökur óskast

Rauða Torgið vill kaupa spennandi hljóðritanir kvenna, 18 ára og eldri. Nánari uppl. á vef okkar, www.raudatorgid.is

Heimilishjálpar óskast! Fjölskylda í Garðabæ leitar að góðri konu til að sjá um heimilishaldið og annasta tiltekt, þrif og þvotta - 10 - 15 tíma í viku. Áhugasamir hafi samband við Ásdísi í síma 898-9830 eða sendi póst á undur@internet.is

STARFSFÓLK VANTAR Í ELDHÚS Á VEITINGASTAÐ. AÐEINS FÓLK MEÐ REYNISLU AF VEITINGASTÖÐUM EÐA MÖTUNEYTUM KEMUR TIL GREINA. MIKIL VINNA Í BOÐI. ÁHUGASAMIR SENDI UPPLÝSINGAR Á maria151174@hotmail.com

Vantar vélstjóra eða mann með samþæfilega menntun til í vinnu á landi. S: 841-1360

Grillhúsið

Óskar eftir þjónum í hlutastarf á kvöldin og um helgar. íslenskukunnátta skilyrði. Vinsamlegast hafið samband við Lindu í s. 697 6797 eða 562 3456.

Óskum eftir öflugri sölumanneskju í kvöld og helgarvinnu við sölu á barnafatnaði. Uppl. í s. 697 7709 & 865 8576.

Atvinna óskast

Vantar þig Smiði, múrara eða járnabindingamenn?

Höfum á skrá menn sem að óska eftir mikilli vinnu. Getu hafið störf nú þegar. Proventus starfsmannaþjónusta s. 661 7000.

HENDUR.IS

Auglýstu FRÍTT eftir starfskrafti á vefsíðu okkar.

Trésmiður

Óskar eftir vinnu úti sem og inni. Uppl. í s. 869 6244.

TILKYNNINGAR



Við bjóðum velkomna til starfa **Þórhildur Einarsdóttir (Tótu)**

Tímamantanir í síma 544-4900 kornet.is



Tilkynningar



Bjóddu upp dótið þitt. selt.is Uppboðs- og auglýsingavefur.

Er þinn hópur að fara í fjárföflun? Allt um styrktarsölu á www.papco.is

Einkamáll

SÍMAPJÓNUSTUR

- Stefnumót**
905-2000 (simatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (fritt, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Spjall**
904-5454 (simatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (fritt, konur)
- Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
- Sögur**
905-2002 (simatorg)
535-9930 (kreditkort)
- Spjaldómur**
908-6000 (simatorg)
535-9999 (kreditkort)

Símapjónusta

Spjaldómur S. 908 6666, opið allan sólarhringinn.
Öll stærstu símafyrirtækin ná nú í gegn.

Kona óska eftir herbergi til leigu í Hafnarfirði. S. 690 0218 eða 690 0360.

ALLT FERÐIR

Miðvikudaga og laugardaga

Tilkynning



Félag sjálfstæðismanna í Grafarvogi

Aðalfundur



Aðalfundur Félags sjálfstæðismanna í Grafarvogi verður haldinn þriðjudaginn 21. október. Fundurinn er í félagsheimili okkar að Hverafold 5 og hefst klukkan 20.00.

Gestur fundarins er Illugi Gunnarson alþingismaður

Dagskrá:

- Venjuleg aðalfundarstörf.
- Ávarp fundargests.
- Önnur mál.

Stjórnin

Tilboð

Glæsilegt tilboð á Dong Fang Salon:

Allar vaxmeðferðir með 20% afslætti! Gildir í október.

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Opnunartími:
Mánmiðfos. 9.00-18.00
Þriðm 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
message@dongfang.is
www.dongfang.is

東方

DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

SNYRTISTOFAN DONG FANG SALON
HÓTEL LOFTLEIDIR

Opnunartími:
Mánmiðfos. 9.00-18.00
Þriðm 9.00-21.00
Laugard 10.00-18.00

Sími 444-4085 / 662-0485
message@dongfang.is
www.dongfang.is

IH ICELANDAIRHOTELS LOFTLEIDIR

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki

Blaðberinn bíður þín

Þú færð **Blaðberinn** þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... ..góðar fréttir fyrir umhverfið

DWIGHT D. EISENHOWER FÆDD-
IST PENNAN DAG ÁRIÐ 1890

„Fólk sem telur forréttindi
sín mikilvægari en hugsjón-
irnar tapar hvoru tveggja.“

Eisenhower var forseti Banda-
ríkjanna á árunum 1953 til
1961.



tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 14. OKTÓBER ÁRIÐ 1964


King hlýtur friðarverðlaun Nóbels

Pennan dag árið 1964 hlaut Martin Luther King friðarverðlaun Nóbels. Hann varð þar með yngsti maðurinn til að hljóta verðlaunin, aðeins 35 ára að aldri.

Martin Luther King yngri fæddist 15. janúar árið 1929. Mannréttindamál urðu honum snemma hugleikin og fór hann fyrir mannréttindabaráttu þeldökkra á sjötta og sjöunda áratug síðustu aldar.

Framganga hans varð til þess að þúsundir manna söfnuðust saman í göngu í Washington þar sem barist var fyrir frelsi þeldökkra. Þar flutti King hina frægu ræðu – „I have a dream“.

King var ráðinn af dögum í Memphis 18. júní árið 1968. Hann var kvæntur Coretta Scott og eignuðust þau fjögur börn. Martin Luther Kingdagurinn var gerður að frídegi í Bandaríkjunum árið 1986.



MERKISATBURÐIR

- 1953 Núverandi merki Atlantshafsbandalagsins er tekið upp.
- 1961 Aldarfræðingur séra Bjarna Þorsteinssonar, prests og tónskálds, er minnst en hann er einkum þekktur fyrir söfnun og útgáfu íslenskra þjóðlaga.
- 1964 Rafreiknir Háskóla Íslands kemur til landsins. Hann þótti afkastamikill tæki en var þó mun afkastaminni en venjuleg borðtölva er í dag. Í Vísi sagði: „Fyrsti rafheilinn kominn. Vinnur verk hundraða skrifstofumanna.“
- 1981 Hosni Mubarak er kjörinn forseti Egyptalands.
- 1982 Ronald Reagan, forseti Bandaríkjanna, lýsir yfir stríði gegn fíkniefnum.

SÖGUSETUR 1627: ALÞJÓÐLEG RÁÐSTEFNA UM ÓLAF EGILSSON OG TYRKJARÁNIÐ

Sjóræningjar í Norðurhöfum

„Sjóræningjar í Norðurhöfum – Ólafur Egilsson og Tyrkjaránið í sögulegu samhengi“ er yfirskrift alþjóðlegrar ráðstefnu sem verður haldin í Vestmannaeyjum helgina 17. til 19. október næstkomandi.

Ráðstefnan er haldin á vegum Söguseturs 1627 en það var stofnað fyrir tveimur árum. Markmið þess er að byggja upp fræða- og menningarsetur í tengslum við Tyrkjaránið sem framið var í Eyjum árið 1627. „Tilgangurinn með ráðstefnunni er að koma starfsemi setursins í gang og vonumst við til þess að hún verði reglulegur viðburður,“ segir Sigurður E. Vilhelmsen, formaður Sögusetursins.

Á laugardag verður fyrirlestraröð í Alþjóðhúsinu þar sem fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara stíga á svið. Fyrir hádegi verður fjallað um fræða- og menningarsetur á Íslandi í viðum skilningi og meðal fyrirlesara eru þeir Kjartan Ragnarsson, sem rekur Landnámssetrið í Borgarnesi, og Þorsteinn Ingi Sigfússon, forstöðumaður Nýsköpunarmiðstöðvar, sem ræðir um menningartengda ferðaþjónustu og hvernig menningarsetur geta gagnast smærri sveitarfélögum úti á landi. „Þá flytur Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur, sem er einn af okkar helstu sérfræðingum í Tyrkjaráninu, erindi um trúverðuleika íslenskra frásagna um ránið,“ segir Sigurður.

Eftir hádegi verða fluttir fyrirlestrar á ensku. Meðal fyrirlesara eru Þorsteinn Helgason, sem fjallar um Tyrkjaránið, og Robert C. Davis og Torbjörn Ødegaard, sem fjalla um sjórán á Atlantshafi. Þá fjallar Mohamed Magani, rithöfundur og



FRÆÐANDI STEFNUMÓTUNARRÁÐSTEFNA Sigurður E. Vilhelmsen, formaður Söguseturs 1627, á Tyrkjaránssýningunni í Byggðasafni Vestmannaeyja, en hún var sett upp vorið 2007 þegar 380 ár voru liðin frá ráninu.

MYND/ÚR EINKASAFNI

háskólakennari frá Alsír, um það hvernig ránið snúa við hans menningarheimi en þetta er í fyrsta sinn sem fræðimaður frá Alsír kemur til Íslands á slóðir ránsins.

„Eftir því sem maður kafar dýpra í þessi mál kemst maður að því að Tyrkjaránið er langt frá því að vera einangrað fyrirbæri því um er að ræða nokkur hundruð ára sögu sjórána á Norður-Atlantshafi þar sem ræningjarnir voru bæði frá Tyrkjaveldi og Evrópu,“ segir Sigurður.

Hann segir ráðstefnunni ætlað að vera fræðandi fyrir almenning en auk

þess sé ætlunin að vinna stefnumótunarvinnu fyrir sögusetrið. „Við munum setjast niður með fræðimönnum til að skiptast á hugmyndum um framtíð setursins.“

Ýmsar aðrar upptökur verða í tengslum við ráðstefnuna og má nefna svokallaða matargöngu í Höllinni. Þá verður Ólafi Egilssyni fylgt með hjálp bragðlaukanna frá Norður-Afríku í gegnum alla Evrópu og upp til Danmerkur en hann var sendur heim frá Alsír til að krefjast lausnargjalds fyrir fjölskyldu sína og aðra samfanga.

vera@frettabladid.is

Óttinn við kreppuna greindur

„Atburðir síðustu daga og vikna hafa hrífsað efnið úr höndunum á mér. Ég ætlaði að fjalla um annað en stóratburðirnir sem í gangi eru tóku völdin. Ég mun því skoða kreppuna sem við erum að fara inn í,“ segir Guðmundur Jónsson sagnfræðingur. Hann flytur fyrirlestur í dag hjá Sagnfræðingafélagi Íslands og fjallar um efnahagskreppur og óttann við þær.

„Ég mun fjalla um þann hagvöxt sem verið hefur í gangi á undanföllum árum og þessa nýju aflið sem komin er í þjóðlífið; fjármálakerfið. Ég ætla að draga upp mynd af fjárfestingum Íslendinga og ekki

siður skuldunum.“ Guðmundur leitast við að setja kreppuna í sögulegt samhengi. „Ég mun bera hana saman við stærstu áföllin í íslensku efnahagslífi; kreppuna miklu sem hófst 1929 og ekki síður kreppu sem var hér 1914 til 1923 og var í raun mun alvarlegri en hin.“

Aðspurður hvort við getum lært eitthvað af fyrri kreppum segir Guðmundur hverja kreppu hafa sinn feril og orsakir. „Það er hins vegar ljóst að kreppuviðbrögðin ein og sér ráða ekki úrslitum um hvernig fer, heldur tíminn eftir kreppu. Staða útflutningsgeirans og mannaútsins, hvort orðið hefur



GUÐMUNDUR JÓNSSON Segir stöðu útflutningsveganna að kreppu lokinni skipta gríðarlega miklu máli.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

fólksflótti, sem og hvort við eigum ónýtt sóknarfæri í viðskiptum og atvinnulífi ræður mestu.“ Fyrirlesturinn verður í Þjóðminjasafni Íslands og hefst klukkan 12.05. - kóp



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Kristínar Pálsdóttur

Ægisgötu 17, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks gjörgæsludeildar Landspítalans fyrir frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

Páll Baldursson

Erla Hrund Friðfinnsdóttir

Erla Baldursdóttir

Steindór Sigursteinsson

ömmu og langömmubörn.



Hólmfríður Jónsdóttir

frá Ystafelli í Kinn,

lést á Landspítalanum laugardaginn 11. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Kristján Árnason

Arna Emilia Vigfúsdóttir

Jón Árnason

Sigríður Traustadóttir

Sigríður Árnadóttir

Kristján Pétur Guðnason

Knútur Árnason

Valgerður Árnadóttir

Durao Manuel Durao

barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður minn,

Högni Guðjónsson

Hjallabraut 33, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum föstudaginn 10. október. Útförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Ragnheiður Benediktsdóttir.



Ástkær faðir okkar,

Jónas R. Jónasson,

fyrirverandi fulltrúi hjá Landsíma Íslands, síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1a,

verður jarðsönginn frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 15. október kl. 15.00.

Fyrir hönd aðstandenda,
Erla, Sigrún og Fanney Jónasdætur.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Gunnar Reynir Bæringsson

Laugarásvegi 55, Reykjavík,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 9. október. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 17. október kl. 13.00.

Guðrún Arnfinnsdóttir

Elín Arndís Gunnarsdóttir

Einar Helgason

Gunnar Már Gunnarsson

Helga I. Sigurbjarnadóttir

Kolbrún Ýr Gunnarsdóttir

Daníel Þorsteinsson

barnabörn.



Okkar ástkæra móðir, tengdamóðir og amma,

Viviann Mary Jónsson

Gjöveraa

Jötunsölum 2, Kópavogi,

lést hinn 7. október á Landspítalanum Fossvoggi. Jarðarförin fer fram í Fossvogskirkju hinn 15. október kl. 13.00.

F.h. aðstandenda,
Erik Vilhelm Gjöveraa
Geir Gjöveraa

MATARKARFAN



TILBOÐIN



MENNINGARVIÐBURÐIR



FYRIR BÖRNIN

NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR

– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM

SPARNAÐUR



UPPSKRIFTIR




FATNAÐUR



FYRIR VEISLUNA

LÍKAMSRÆKT

HEIMILIÐ



FASTEIGNIR

TÓNLEIKAR

HEIMILISTÆKI

BORGARFERÐIR

BÍLAR



Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

MARKAÐSTORG HEIMILANNA

HEROES AREN'T BORN. THEY ARE MADE



ÚTGÁFUDAGUR 16.10.08

**IRON
MAN**

**SENDU SMS BTC MSB
Á NÚMERIÐ 1900!
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!**

VINNINGAR ERU IRON MAN Á DVD, DVD MYNDIR,
FULLT AF PEPSI, TÖLVULEKIR, DVD...OG MARGT FLERA!

9.
HVER
VINNUR!

**SMS
LEIKUR**



NOKKUR ORÐ
Freyr Gíjja
Gunnarsson

Eurovision-æðinu lokið

Fyrir kreppuna ræddi íslenska þjóðin sín á milli um íslensku athafnamennina sem „snillinga“. Þeir hefðu jú einstaka þekkingu á fjármálamörkuðum sem ætti eftir að nýtast íslensku þjóðinni þegar hún tæki yfir heiminn. Þeir gætu hafið þjóðina til álíka mikillar virðingar og Íslendingasögurnar eða Halldór Laxness.

Og hvað með það þótt einhverjar erlendar eftirlitsstofnanir hefðu sitthvað við aðferðafræði þeirra að athuga? Íslensk stjórnvöld slógu skjaldborg – svo notað sé orðfæri stjórnmálamanna – um þá. Stemningin hefur eilítið minnt á tíu ára Eurovision-æði þar sem íslenska lagið er um það bil að fara að vinna stóru keppnina og leggja heiminn að fótum sér. Þessi núll stig sem Ísland

hefur að undanförunu fengið frá öllum nema Rússum er ekkert síður falleinkunn fyrir íslenska stjórnmálamenn. Þá sem völdu lagið. Í heilan áratug hafa þeir talað og talað, malað og malað en útsetning lagsins var alltaf sú sama. Sléttir og vel greiddir mættu þeir, reiðubúnir til að kaffæra öllum lausnum í blaðri um allt og ekki neitt. Lagahöfundarnir voru vita vonlausir og textasmíðin minnti helst á barnalegan ljóðabálk.

Það er eilítið merkilegt að hugsa til þess að stjórnu-hagfræðingar skuli hafa varað við íslenska efnahagskerfinu. Og það er svólítið merkilegt að viðvörnum þeirra skuli hafa verið mætt með andúð og hörku. En svona er nú íslenska þjóðarsálin, reiðubúin til að verja sitt vonda lag þrátt fyrir að erlendir lagahöfundar og spekulantar hafi séð það fyrir að það kæmi heim með núll stig í farteskinu.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



> VILL FULLKOMNA MENN

Kelly Brook segist aðeins vilja vera í sambandi við menn sem eru góðir í rúminu. Hin 28 ára leikkona er nú í sambandi við hinn 20 ára gamla ruðningskappa Danny Cipriani. Hún víðurkennir fúslega að hún sé yfirborðskennnd manneskja með langan lista af hlutum sem hún leiti eftir í fari karlmanna. Þar á meðal er hún og bólfimi, en henni þykir gott útlit þó skipta mestu máli.



Tjáir sig um plötu Radiohead

Jane Dyball, sem er háttsett hjá útgáfufyrirtæki Radiohead, Warner Chapell Music, hefur í hyggju að greina frá nýjum upplýsingum um útgáfu plötunnar In Rainbows á ráðstefnunni You Are In Control, sem hefst á Íslandi á morgun.

Mikil leynd hefur hvílt yfir útgáfu þessarar nýjustu plötu Radiohead, bæði hvernig staðið var að henni og hvernig hún hefur í raun selst. Platan var gefin út á netinu í lok síðasta árs og gátu aðdáendur sveitarinnar ráðið því hvort þeir borguðu fyrir hana, sem var algjör nýlunda á þeim tíma. Uppátækið vakti gríðarlega athygli á plötunni og er Dyball talin hafa átt hvað mestan heiðurinn að því.

Að sögn Hauks S. Magnússonar, sem undirbýr ráðstefnuna, standa

nú yfir samningaviðræður á milli Dyball og Warner Chappell Music um það hversu mikið hún má segja á ráðstefnunni. „Fólk hefur haft áhuga á að fréttu hvernig að þessu var staðið,“ segir Haukur um In Rainbows-plötuna. „Hún ætlar að uppljóstra nýjum upplýsingum í ávarpi sínu á miðvikudaginn og það hefur rignt yfir okkur fyrirspurnum frá erlendu miðlum sem ætla að gera þessu skil.“

Um tvö til þrjú hundruð manns eru væntanlegir á ráðstefnunni, sem verður haldin á Hótel Sögu. Með ráðstefnunni vill Útflutningsráð Íslandar tónlistar vekja athygli á nýjum viðskipta-háttum og miðlum á hvers kyns menningarefni. - fb



THOM YORKE Yorke og félagar í Radiohead gáfu á síðasta ári út plötuna In Rainbows.

JANE DYBALL Dyball mun greina frá mikilvægum upplýsingum varðandi útgáfu plötunnar In Rainbows á ráðstefnunni You Are In Control.

fólk
folk@frettabladid.is



ÖFLUGT LIÐ Íslenska kokkalandslíðið er eitt öflugasta lið leikanna og hefur nú þegar fengið silfur og brons á Ólympíuleikum matreiðslumeistarara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Pressa að fá gullið

Íslenska kokkalandslíðið er á leið á Ólympíuleika matreiðslumeistarara. Erfið keppni er fram undan.

„Við fengum silfur síðast þegar við fórum og brons þarsíðast, svo nú er pressan að fá gullið,“ segir Ragnar Ómarsson, þjálfari kokkalandslíðsins, sem heldur út á Ólympíuleika matreiðslumeistarara næstkomandi föstudag. Leikarnir fara fram í Erfurt í Þýskalandi dagana 20. til 24. október og eru ávallt haldnir sama ár og Ólympíuleikar í íþróttum fara fram.

„Við byrjum á því að keppa í „Restaurant of nations“ þar sem öll keppnislöndin elda þriggja rétta hádegisverð fyrir 110 manns. Við fáum fimm klukkutíma til að undirbúa okkur áður en staðurinn er opnaður og fólk kemur inn til að velja sér hjá hvaða landi það vill borða,“ útskýrir Alferð Ómar Alfredsson matreiðslumeistari

sem var að ljúka við síðustu æfingu liðsins þegar blaðamaður náði tali af honum, en landsliðið samanstendur af níu afburða matreiðslumeisturum. „Við erum meðal sex til átta sterkustu þjóða heims og það hefur alltaf verið uppselt hjá okkur í keppninni,“ bætir Ragnar við. Fólk greiðir um 3.500 krónur íslenskar fyrir hádegisverðinn, en 90 prósent af hagnaðinum rennur til liðsins og tíu prósent fara í þjónustuna.

Tveimur dögum síðar er næsti liður á leikunum sem kallast „kalda borðið“ og krefst mikils undirbúnings. „Á kalda borðinu er konfekt, fiskmeti og pinnamat, en borðið sjálft er hannað í samstarfi við Marel. Undirbúningurinn tekur tvo sólarhringa svo það er oft aðeins sofið í fimm tíma á þessum fjórum sólarhringum sem keppnin stendur yfir,“ segir Alferð að lokum, vongóður um framtíðina liðsins í Erfurt.

alma@frettabladid.is

Jákvæð skilaboð á erfiðum tíma

Fjöldi fólks mætti á Hótel Borg síðastliðið fimmtudagskvöld til að hlusta á uppbyggilegan boðskap sem er byggður á nýttkominni bók Maxine Gaudio, Ferðalagið að kjarna sjálfsins. Salka forlag gefur bókina út í íslenskri þýðingu Malínar Brand og að sögn Hildar Hermóðsdóttur, eiganda og framkvæmdastjóra Sölu, var stemningin góð.

„Jón Ólafsson, athafnamaður og vatnsbóndi, sagði frá kynnum sínum af Maxine. Hún hefur verið að hjálpa honum með sín andlegu mál og hann hældi bæði henni og bókinni mikið. Malín var einnig með upplestur og Diddú söng nokkur lög af væntanlegri plötu sinni áður en Maxine sagði frá sér og bókinni,“ segir Hildur, en Maxine er heilari og orkumeistari sem býr til skiptis á Íslandi og í Bandaríkjunum. Hún hefur stúderað íslenska þjóðarsál og leiðbeint mörgum hérlendis í átt til betra lífs.

„Bókin er í raun ævisaga sem fjallar um hvernig fólk getur tekið á sínum vandamálum, unnið úr þeim



ÁNÆGD MEÐ ÚTKOMUNA Jón Ólafsson, Þóra Guðmundsdóttir, Maxine Gaudio og Hildur Hermóðsdóttir fögguðu nýttkominni bók Maxine á íslensku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

og látið sér líða betur svo hún ber mjög jákvæð og góð skilaboð á þessum erfiðu tímum,“ segir Hildur.

- ag



HAGVÖXTUR Á HEIMASLÓÐ

FERÐAÞJÓNUSTA TIL FJÁR

Fyrirtæki og hagsmunaaðilar í ferðaþjónustu sem vilja efla markaðssetningu, vörubrún og stefnumótun eiga erindi í verkefni Hagvöxtur á heimaslóð (HH).

Hagvöxtur á heimaslóð (HH) er hagnýtt verkefni sem samanstendur af ráðgjöf og vinnufundum. Verkefnið hefst í Reykjavík í nóvember.

Umsóknarfrestur er til og með 3. nóvember nk.

Skráning og nánari upplýsingar hjá Útflutningsráði Íslands gefa Andri Marteinson, andri@utflutningsrad.is, og Hermann Ottósson, hermann@utflutningsrad.is, eða í síma 511 4000.

Hagvöxtur á heimaslóð er þróunarverkefni Útflutningsráðs Íslands í samvinnu við:



ÚTFLUTNINGSRÁÐ ÍSLANDS
Borgartún 35 • 105 Reykjavík • sími 511 4000 • www.utflutningsrad.is

Nám í Danmörku

Hefur þú iðnmenntun eða stúdentspróf og hyggur á frekara nám.

Odense Tekniske Skole heldur kynningu á námi við skólann fimmtudaginn 16. október kl. 20.30 í Húsi Meistaranna að Skipholti 70 þar sem eftirfarandi námsgreinar verða kynntar.

- Byggingaiðnfræði
- Byggingafræði
- Rafmagnsiðnfræði á sterkstraumssviði
- Rafmagnsiðnfræði á veikstraumssviði
- Framleiðslutækni
- Margmiðlunarhönnun

Odense Tekniske Skole er gamlgróinn skóli sem leggur mikinn metnað í að bjóða nemendum sínum allt það besta á hverjum tíma. Komandi og kynnið ykkur möguleika sem eru í boði varðandi nám við skólann. Frekari upplýsingar í síma 862 9131 eða á reynir@verksyn.is



Flott hátíð fram undan

Fjöldi innlendra sem erlendra tónlistarmanna kemur fram á tónlistarhátíðinni Iceland Airwaves annað kvöld og stendur yfir til sunnudags.

Að sögn tónleikahaldara mun erfitt efnahagsástand lítil sem engin áhrif hafa á hátíðina. Það eru ákaflega góð tíðindi fyrir þann fjölda tónlistaráhugamanna sem hefur fylgst með henni undanfarin ár.

Flytjendurnir í ár eru hátt í tvö hundruð talsins auk þess sem hópur erlendra blaðamanna er væntanlegur í höfuðborgina eins og svo oft áður. Iceland Airwaves verður haldin á eftirtöldum stöðum: Listasafni Reykjavíkur, Nasa, Tunglinu, Hressó, Organ, 22 og Iðón. Einnig verður svokölluð „off-venue“ dagskrá á fjölmörgum stöðum í miðbænum. Miðasala fer fram á midi.is og kostar armbandidið 8.900 krónur. Upplýsingamiðstöð hátíðarinnar er í þetta sinn í Skífunni við Laugaveg.

Hér gefur að líta sex af þeim flytjendum sem eiga vafalítið eftir að láta mikið af sér kveða á hátíðinni.

YOUNG KNIVES



Breska rokktríóð Young Knives er þekkt fyrir öflugna sviðsframkomu og nördalegan klæðnað sinn, þar sem skyrtur og bindi eru ofarlega á blaði. Sveitin braust fram á sjónarsviðið árið 2002 með mini-skífu sinni, The Young Knives... Are Dead. Smáskífan The Decision sem kom út nokkrum árum síðar vakti á henni enn þá meiri athygli.

Fyrir tveimur árum kom síðan út fyrsta stóra platan, Voices of Animals, sem var tilnefnd til Mercury-verðlaunanna í fyrra. Önnur plata Young Knives, Superbundance, kom svo út í vor.

Hvar? Nasa
Hvenær? Fimmtudag kl. 24.00

CSS



Brasílska elektro-rokksveitin CSS hefur vakið mikla athygli að undanförmu. Sveitin þykir sérlega kröftug á tónleikum og eiga margir vafalítið eftir að dilla sér rækilega við tóna hennar á Airwaves. CSS var stofnuð í Sao Paolo árið 2003 og hefur síðan þá gefið út tvær plötur. Fyrst kom út Cansei de Ser Sexy sem vakti gríðarlega lukku og fyrr á árinu kom síðan út önnur plata, Donkey, sem þykir einnig vel heppnuð.

Hvar? Listasafn Reykjavíkur
Hvenær? Laugardagur kl. 24.00

FM BELFAST



Elektró-indísveitin FM Belfast er talin ein sú efnilegasta á landinu í dag. Á hátíðinni mun hún kynna sína fyrstu plötu, How To Make Friends, sem margir hafa beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Sveitin var stofnuð árið 2005 sem dúett þeirra Árna Rúnars Hliðverssonar og Lóu Hlínar Hjalmtýsdóttur en núna eru meðlimirnir á bilinu þrjú til átta talsins.

Hvar? Tunglið
Hvenær? Fimmtudagur kl. 24.00

LAY LOW



Tónlistarkonan Lay Low sló rækilega í gegn með fyrstu plötu sinni, Please Don't Hate Me, sem kom út fyrir tveimur árum. Önnur sólóplata hennar, Farewell Good Night's Sleep, kemur út hérlendis 21. október, og á svipuðum tíma kemur hún út í stafrænu formi á iTunes víða um heim. Hér á landi kemur hún út rafrænt á fimmtudag. Sama kvöld heldur hún útgáfutónleika í Frikirkjunni og spilar á Airwaves þar sem margir munu vafalítið leggja við hlustir.

Hvar? Nasa
Hvenær? Fimmtudagur kl. 23.45

DR. SPOCK



Rokkarnir í Dr. Spock hafa farið á kostum á Airwaves undanfarin ár með hressilegri sviðsframkomu og um helgina verður engin undantekning á því. Þriðja plata sveitarinnar, Falcon Christ, er væntanleg og verður hún rækilega kynnt á hátíðinni. Sveitinni hefur margt verið boðið að spila á erlendum tónlistarhátíðum eftir frammistöðu sína á Airwaves, þar á meðal á Eurosonic-hátíðinni í Hollandi og South By Southwest-hátíðinni í Texas.

Hvar? Listasafn Reykjavíkur
Hvenær? Föstudagur kl. 21.30

VAMPIRE WEEKEND



New York-sveitin Vampire Weekend er sérlega áhugaverð fyrir þær sakir að hún blandar afrískum áhrifum saman við indí-popptónlist sína. Fyrsta plata sveitarinnar kom út í byrjun ársins og vakti hún strax mikla athygli. Hefur hún fengið fina dóma víðast hvar og sumir hafa líkt henni við frumburð The Strokes, Is This It. Áhrifavaldar á borð við The Kinks, The Walkmen og Paul Simon hafa einnig verið nefndir til sögunnar.

Hvar? Listasafn Reykjavíkur
Hvenær? Laugardagur kl. 23.00

NÝTT Í BÍÓ!

STIMORÓ!
HÚN MUN UPPLIFA ÞAÐ SEM ENGIN PLAYBOY KANÍNA HEFUR UPPLIFAÐ ÁÐUR... HÁSKÓLA!

HOUSE BUNNY

REYKJAVÍK ROTTERDAM
"MÖGNUÐ MYND SEM HELDUR ÁHORFENDUM ALLAN TÍMANN S.M.E. - MANNLÍF"
"REYKJAVÍK ROTTERDAM ER ÁVÍSUN UPP Á ÚRVALSKEMMUN" DÓRI DNA - DV
"REYKJAVÍK - ROTTERDAM ER EIN BESTA ISLENSKA MYNDIN: "EVEY" "SNOTHELDUR ISLENSKUR KRIMMI" - T.S.K. - 24 STUNDIR"

HAMLET

LUXUS
20% afsláttur af miðaverði sé greitt með greiðslukorti Vildarklúbbs Áltínis.

BURN AFTER READING

PINAPPLE EXPRESS

MAMMA MIA!

GRÍSIRNIR 3

LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR

SMÁRRÁ BÍÓ	SÍMI 564 0000	REGNBÖGINN	SÍMI 551 9000
HOUSE BUNNY	kl. 5.45 - 8 - 10.15	HOUSE BUNNY	kl. 5.45 - 8 - 10.15
REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10	REYKJAVÍK-ROTTERDAM	kl. 5.50 - 8 - 10.10
BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15	BURN AFTER READING	kl. 5.45 - 8 - 10.15
PINAPPLE EXPRESS	kl. 8 - 10.30	PINAPPLE EXPRESS	kl. 5.30 - 8
MAMMA MIA	kl. 5.30	STEP BROTHERS	kl. 5.45 - 8 - 10.15
GRÍSIRNIR 3	kl. 3.45	MIRRORS	kl. 10.20
LUKKU LÁKI OG DALTON BRÆÐUR	kl. 4	RAFMOGNUÐ REYKJAVÍK	kl. 10.15
		BABYLON A.D.	kl. 5.45 - 8

650 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

50 KR. AFSLÁTTUR EF ÞÚ KAUPIR BÍÓMIÐANNA **mid.is**

5% AFSLÁTTUR EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANNA MED KREDITKORTI

Nýtt í bíó

LAUGARAS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

RIGHTEOUS KILL

REYKJAVÍK ROTTERDAM

LUKKU LÁKI

MAMMA MIA!

SÝNINGARTÍMAR

RIGHTEOUS KILL	kl. 6, 8 og 10	16
REYKJAVÍK ROTTERDAM	kl. 6, 8 og 10	12
LUKKU LÁKI - Ísl. Tal.	kl. 6 (650 kr.)	L
MAMMA MIA	kl. 8 og 10	L

SAMBÍÓN

NIGHTS IN RODANTHE

QUEEN RAQUELA

PATHOLOGY

WILD CHILD

GEIMAPARNIR

JOURNEY 3D

TROPIC THUNDER

ALFABAKKA

SELFÖSS

AKUREYRI

KEFLAVÍK

KRINGLUNNI

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Í TÍMA Á **mid.is**
www.osk.is - stendur fyrir sýningunni.

TEKJUHÉSTA MYND ALLRA TÍMA

SYNGDU MEÐ

ALLRA SÍÐASTA SÖNGSÝNING

MAMMA MIA! THE MOVIE

18 ÁRA ALDURSTAKMARK NEMA Í FYLGD MEÐ FULLORDNUM VEITINGASALA OPIN

LAUGARDAGINN 18. OKTÓBER KL. 20.30

Tvenn verðlaun í Barcelona

Stuttmynd Daggar Mósesdóttur, Eyja, hlaut tvenn verðlaun á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni Sitges í Barcelona. Dögg hlaut verðlaun fyrir bestu leikstjórnina og þeir Hilmar Örn Hilmarsson og Örn Eldjárn fyrir bestu tónlistina.

Verðlaunin voru afhent síðastliðinn laugardag en Dögg sá sér ekki fært að mæta vegna efnahagsástandsins hérlendis. „Það var mikil pressa á mér að fara út en ég treysti mér ekki til að fara úr landi,“ segir hún. „Vinir mínir úti fögnuðu mikið fyrir mig og tóku á móti verðlaununum. Það er gaman að leyfa þeim að fá smá hrós.“

Myndin, sem var tekin upp í Grundarfirði árið 2006, var verð-



DÖGG MÓSESDÓTTIR Stuttmynd Daggar vann til verðlauna á kvikmynda-hátíðinni Sitges í Barcelona.

launaverkefni sem Dögg fékk við útskrift úr kvikmyndaskóla sínum í Barcelona. „Við gátum gert stuttmynd og máttum ráða efnistöfum. Ég ákvað að gera hana á Íslandi og taka með mér

sautján bekkjarfélaga til Grundarfjarðar,“ segir hún. „Þetta var algjört ævintýri. Við gerðum þessa mynd með Ilmi Kristjánssdóttur í einu af aðalhlutverkunum og hinir leikararnir voru ættingjar og vinir og fólk úr Grundarfirði.“

Myndinni verður nú dreift um kvikmyndahátíðir víða um heim og segir Dögg að verðlaunin um helgina eigi eftir að hjálpa til við kynningu hennar. „Yfirleitt þegar maður fær verðlaun á einhverri hátíð fara hinir að taka við sér,“ segir hún. Þess má geta að ein þeirra mynda sem hafa unnið á Sitges-hátíðinni var síðar meir tilnefnd til Óskarsverðlauna og því ljóst að um virta og vel heppnaða hátíð er að ræða. - fb

Reiður McDonald's

Bítillinn fyrrverandi og grænmetisætan Sir Paul McCartney hefur hvatt almenning til að sniðganga skyndibitakeðjuna McDonald's. Ástæðan er óánægja með að einn McDonald's-staður í heimaborg hans, Liverpool, skuli nota ljósmynd af Bítlunum til að laða að fleiri gesti.

„Hvers konar vitleysingar heldur McDonald's að Bítlaaðáendur séu?“ sagði talsmaður McCartney. „Það er bæði fáránlegt og móðgandi að nota svona ljósmyndir til að selja hamburgara. Aðdáendur Bítlanna ættu að sniðganga McDonald's, ekki bara í Liverpool.“

Talsmaður McDonald's hefur neitað því að hafa notað Bítlana til að auka sölu á hamburgurum.



SIR PAUL MCCARTNEY Sir Paul McCartney hefur verið grænmetisæta í fjölmörg ár og er ekki sáttur við hegðun McDonald's-keðjunnar.

Staðurinn sé einungis að viðurkenna hið ótrúlega framlag Bítlanna til menningarmála í Liverpool og víðar um heiminn.



RINGO STARR Bítillinn fyrrverandi er hættur að gefa eiginhandarítanir.

Hættur að gefa áritanir

Bítillinn fyrrverandi, Ringo Starr, ætlar að hætta að gefa eiginhandarítanir frá og með 20. október. „Getið þið vinsamlegast hætt að senda mér aðdáendapóst. Ekkert verður áritað eftir 20. október. Ef það er dagsetningin á bréfinu verður því hent,“ sagði Ringo í myndbandi á heimasíðu sinni. „Ég er að vara ykkur við með ást og frið í huga en ég hef bara alltof mikið að gera.“

Síðasta plata Ringo, Liverpool 8, kom út í janúar og er hann nýkominn heim eftir tónleikaferð um Norður-Ameríku til að fylgja henni eftir. Trommarinn býr á þremur stöðum, Los Angeles, í suðurhluta Frakklands og Surrey á Englandi.



HANA-NÚ Plata Vilhjálmssonar, Hana-nú, hefur loksins verið endurútgefin.


Hana-nú endurútgefin

Viðhafnarútgáfa á sígildri plötu Vilhjálmssonar, Hana-nú, er nýkomin út. Á plötunni er að finna lagið Tölum saman sem átti að vera á upphaflegu plötunni árið 1977 en heltist úr lestinni.

Lagið hefur hljómað ótt og títt í útvarpi að undanfögnu enda var það endurrunnið með þessa útgáfu í huga. Platan Hana-nú kemur út á hárréttum tíma því um síðustu helgi voru haldnir þrennir tónleikar í Laugardalshöllinni til heiðurs Vilhjálmí í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá dauða hans.



Jólahlaðborð á Hótel Örk



Eigðu ógleymanlega kvöldstund á okkar sívinsæla jólahlaðborði

- Stórsöngvararnir og skemmtikraftarnir í duett.is sjá um veislustjórn af sinni alkunnu snilld
- Opinn bar og lifandi tónlist að borðhaldi loknu
- Tónlistarflutningur í höndum Hreims og félaga
- Tilvalið fyrir fyrirtæki, hópa, pör og einstaklinga

Verð:

Gisting, borðhald og skemmtun
11.900 kr. á mann í tvíþýli

Borðhald og skemmtun
6.900 kr. á mann

Farðu inn á jolahladbord.is til að skoða matseðilinn, fá nánari upplýsingar og panta.



10bestu

HVER ER BESTUR?

Í kvöld verður besti knattspyrnumaður Íslands frá upphafi valinn í beinni útsendingu á Stöð 2 Sport og Sport 2 kl. 20:00.

ÁSKRIFENDUR STÖÐVAR 2
GETA NÚ NÝTT SÉR FRÁBÆRT
KYNNINGARTILBOÐ
Í BÓÐI BAKHJARLA STÖÐVAR 2 SPORT

BÆTTU VIÐ STÖÐ 2 SPORT
FYRIR AÐEINS

2.655 KR.*



* Á mánuði miðað við tveggja mánaða bindingu.



KJÓSTU ÞANN BESTA Á VISIR.IS



> Kaley Cuoco

„Í framtíðinni vil ég opna athvarf fyrir heimilislausa hunda. Ég elska dýr heitar en fólk.“ Couco leikur hina einlægu Penny í þættinum The Big Bang Theory sem sýndur er á Stöð 2 í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ VIGDÍS ÞORMÓÐSDÓTTIR FAGNAR VÍSINDASKÁLDSKAP

Dularfullt, óskiljanlegt, ógnvekjandi, ljómandi

Jibbíkóla! Á sunnudagskvöld hóf göngu sína á Stöð 2, hæfilega seint, þáttaröðin Fringe. Hún á sér því miður ekki íslenskt nafn.

Auglýsingar fyrir þættina höfðu æst upp í unndendum vísindaskáldskapar temmlega eftirvæntingu; hún virtist fjalla um einhverjar vafasamar líffræðilegar tilraunir og vera svolítið ógeðsleg. Fyrsti þátturinn brást svo ekki væntingum, hæfilega dularfullur og blóði drifinn til að halda manni við efnið. Fyrsta atriði þáttarins sýndi ólánsama flugvélaferga sem urðu fyrir því að bráðna alveg eins og nasistarmir í myndinni um Indiana Jones og týndu örkinu. En í þessu tilfalli var ekkert yfirsíkilvitlegt við bráðnunina; þau voru fórnarlömb brjálaðra vísindamanna með eitthvað vafasamt á þrjónunum. Föngulegur kvenfulltrúi frá FBI er fenginn til að rannsaka málið og hún er ekki lengi að sanka að sér sérkennilegum en elskulegum persónum sem hjálpa henni áleiðis. Enn sem komið er líta þessir þættir út fyrir að vera einmitt það sem raunamæddir aðdáendur torræðra sjónvarpsþátta þurftu á að halda til þess að hressa upp á grámóskulegan hversdaginn.

Þættirnir uppfylla sum sé allar væntingar sem til þeirra var hægt



að gera og því lítið út á þá að setja á þessu stigi málsins. Aftur á móti er sorglegt að hugsa til þess að svo gott sem óhjákvæmilegt er að þáttanna biði önnur hvor örlogin: annaðhvort munu þeir ekki njóta nægilegra vinsælda til að framleidd verði meira en ein upp lýsingaryr þáttaröð, eða að þeir verða afar vinsælir og framleiddar verða alltof margar þáttaraðir með tilheyrandi útdúrdum, vífillengjum og rugli. Ef lítið er til þess að gulldrengurinn J.J. Abrams er einn af framleiðendum þáttarins verður að teljast líklegt að síðari kosturinn verði ofan á. Sem er synd, því það væri óneitanlega gaman að komast til botns í dularfullri þáttaröð, bara svona einu sinni.

EKKI MISSA AF



▶ **20.00 Bigger Than the Sky**
STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.30 Ally McBeal**
STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.05 Chuck**
STÖÐ 2



▶ **21.25 Viðtalið - Amr Moussa**
SJÓNVARPIÐ



▶ **21.50 In Plain Sight**
SKJÁR EINN

SJÓNVARPIÐ

- 16.05 Sportið (e)
- 16.35 Leiðarljós (Guiding Light)
- 17.15 Tákn málsfréttir
- 17.25 Púkka
- 17.50 Latibær (e)
- 18.15 Sunnudagskvöld með Evu Maríu (e)
- 19.00 Fréttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Everwood (17:22) Bandarísk þáttaröð um heilaskurðlækni og ekkjumann sem býr ásamt tveimur börnum sínum í smábænum Everwood í Colorado.
- 20.55 Hljá ísland - Hitaveita í heila öld Heimildamynd um sögu hitaveitu á Íslandi.
- ▶ 21.25 Viðtalið - Amr Moussa Bogi Ágústsson ræðir við Amr Moussa, framkvæmdastjóra Arababandalagsins.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.25 Rannsókn málsins - Málalok (Trial & Retribution XI: Closure) (2:2) Bresk spennumynd frá 2007 í tveimur hlutum. Skólastúlku er nauðgað og hún síðan myrt og rannsókn málsins reynist lögreglunni erfið. Aðalhlutverk: David Hayman, Victoria Smurfit og Dorian Lough.
- 23.35 Njósnaeildin (Spooks) (e)
- 00.30 Kastljós (e)
- 01.00 Dagskrárlok

BÍÓ

- 08.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinosauruses
- 10.00 The Family Stone
- 12.00 Bigger Than the Sky
- 14.00 Blue Sky
- 16.00 Land Before Time XI: Invasion of the Tinosauruses
- 18.00 The Family Stone
- ▶ 20.00 Bigger Than the Sky Peters Rooker hættir í vinnunni til þess að taka þátt í áhugamannaleikriti. Þar kynnist hann mörgu góðu fólki og þar á meðal hinni hrifandi Grace.
- 22.00 Cool Money
- 00.00 My Date with Drew
- 02.00 Carried Away
- 04.00 Cool Money
- 06.00 Vanity Fair

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2 Krakkamir í næsta húsi, Justice League Unlimited, Tommi og Jenni og Kalli kanína og félagar.
- 08.15 Oprah
- 08.55 Í fínu formi
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 La Fea Más Bella (169:300)
- 10.15 Grey's Anatomy (14:36)
- 11.10 Hæðin (9:9)
- 12.00 Hádegisfréttir
- 12.35 Neighbours
- 13.00 The Madness Of King George
- 14.55 The Complete Guide To Parenting (2:6)
- 15.20 Sjáðu
- 15.55 Saddle Club
- 16.18 Tutenstein
- 16.43 Ginger segir frá
- 17.03 Hvolpurinn Scooby-Doo
- 17.28 Bold and the Beautiful
- 17.53 Neighbours
- 18.18 Markaðurinn og veður
- 18.30 Fréttir
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.17 Veður
- 19.30 The Simpsons
- 19.55 Friends (20:24)
- 20.15 Two and a Half Men (11:19)
- 20.40 The Big Bang Theory (9:17) Leonard og Sheldon eru klárir eðlisfræðingar en óttalegir klaufar þegar kemur að mannlegum samskiptum og þá sérstaklega við hitt kynið. Þetta breytist þó þegar þeir kynast nágretta sínum, Penny, sem er einlæg, fögur og skemmtileg.
- ▶ 21.05 Chuck (7:13) Chuck Bartowski er ósköp venjulegur og lifir frekar óspennandi lífi allt þar til hann opnar tölvupóst með öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þar með er hann orðinn mikilvægasta vopn sem til er og örlog heimsins hvíla á herðum hans.
- 21.50 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (5:9)
- 22.35 Murder Hotel
- 23.30 Kompás
- 00.00 Prison Break (2:22)
- 00.45 Peter's Friends
- 02.25 Mrs. Harris
- 04.00 The Madness Of King George
- 05.45 Fréttir og Ísland í dag

SPORT

besta sætið

- 17.30 Þýski handboltinn - Hápunktar Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.
- 18.10 Undankeppni HM 2010 Útsending frá leik Hollendinga og Íslendinga í undankeppni HM.
- 20.00 10 bestu Bein útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslendinga fyrr og síðar verður valinn.
- 21.30 Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu Fréttabáttur Meistaradeildar Evrópu þar sem hver umferð er skoðuð í bak og fyrir. Viðtöl við leikmenn liðanna og komandi viðureignir skoðaðar.
- 22.00 PGA Tour 2008 - Hápunktar Farið er yfir það helsta sem er að gerast á PGA-mótaröðinni í golfi.
- 22.55 Fittnesshelgin 2008 Sýnt frá Fittnesshelginum þar hraustasta fólk landsins var samankomið.
- 23.55 Spænsku mörkin Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport kryfja alla leiki helgarinnar ásamt þeim Ólafi Kristjánssyni og Heimi Guðjónssyni.

SPORT 2

enski boltinn

- 17.20 Premier League World Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hlífum.
- 17.50 Coca Cola mörkin Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessu magnaða markaði.
- 18.20 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Manchester City og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
- 20.00 10 bestu Bein útsending frá lokafögnuðinum á 10 bestu þar sem besti knattspyrnumaður Íslands verður valinn.
- 21.30 Enska úrvalsdeildin Útsending frá leik Chelsea og Man. Utd í ensku úrvalsdeildinni.
- 23.10 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 23.40 PL Classic Matches Hápunktarnir úr bestu og eftirminnlegustu leikjum úrvalsdeildarinnar.
- 00.10 Ensku mörkin Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrífín á einum stað.

SKJÁREINN

- 06.00 Óstöðvandi tónlist
- 07.15 Rachael Ray (e)
- 08.00 Dr. Phil (e)
- 08.45 Vörutorg
- 09.45 Óstöðvandi tónlist
- 16.20 Vörutorg
- 17.20 America's Funniest Home Videos (e)
- 17.45 Dr. Phil Sjónvarpsálfraeðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frá bærar sögur og gefur góð ráð.
- 18.30 Rachael Ray Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
- 19.20 Singing Bee (e)
- 20.10 Survivor (3:16) Vinsælasta raunveruleikasería allra tíma, Að þessu sinni fer leikurinn fram innan um villt dýr í frumskógum Gabon í Afríku.
- 21.00 Innlit / Útlit (4:14) Hönnunar- og lífsstílsþáttur þar sem Nadia Banine og Amr Gauti koma víða við.
- ▶ 21.50 In Plain Sight (4:12) Sakamála-sería um hörkukvendi sem vinnur fyrir bandarísku vitnaverndina. Mary og Marshall eru send til að flytja fanga yfir eyðimörkina. Hann býr yfir mikilvægum upplýsingum um hættulegan leigumorðingja og fljótlega kemur í ljós að þau eru ekki ein á ferð.
- 22.40 Jay Leno Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á léttu strengi.
- 23.30 CSI: New York (e)
- 00.20 Law & Order (e)
- 01.10 Vörutorg
- 02.10 Óstöðvandi tónlist

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

- 18.15 Fréttir og Að norðan Endurtekið á klist fresti til 12.15 daginn eftir.
- 21.00 Bæjarstjórnarfundur á Akureyri

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.



SUNNUDAGSMORGUNN MEÐ HEMMA

VIÐ FYRSTA HANAGAL KL. 8

Notaleg stund með Hemma á ljúfum og vinalægum nótum í morgunsárið. Enginn hamangangur og læti, bara notaleg tónlist, fróðleikur og góðir gestir.

„Góðan daginn“

BYLGJAN

989

- ALLIR ERU AÐ HLUSTA!

Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT, BEINT KL. 20.00

10 bestu

Þá er komið að því að velja besta knattspyrnumann Íslands fyrr og síðar. Lokabáttur 10 bestu fer fram í beinni útsendingu í kvöld þar sem mættir eru allir bestu knattspyrnumenn þjóðarinnar.

Þjóðin hefur valið þann besta, það voru margir sem komu til greina en því miður er aðeins hægt að velja einn. Það má enginn láta þennan lokabátt framhjá sér fara.



ÞIÐ MÆLUM MED

Hljáa Ísland - hitaveita í heila öld Sjónvarpið kl. 20.55.

Ný heimildarmynd um brautryðjendastarf Íslendinga við nýtingu jarðvarma til hitunar. Hér leiðir Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur áhorfendur allt frá Grettislaug til nýjstu verkefna við nýtingu jarðhitans. Fjallað er um ávinning landsmanna af nýtingu jarðhitans, þau lífsgæði sem hitaveitunum fylgja, söguna og margvíslega nýtingu auðlindarinnar.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.05 Morgunvaktin
- 06.40 Veðurfreginir
- 06.50 Bæn
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfreginir
- 10.13 Stakir sokkar
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Fréttayfirlit
- 12.02 Hádegisútlarp
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfreginir
- 12.50 Dánarfreginir og auglýsingar
- 13.00 Vött og breitt
- 14.03 Stef
- 15.03 Útlarpssagan: Sveigur
- 15.30 Heimsauga
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.10 Veðurfreginir
- 16.13 Hlaupanótan
- 17.03 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.25 Spegillinn
- 18.50 Dánarfreginir og auglýsingar
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Lostafulli listræninginn
- 21.00 Í heyranda hljóði
- 22.07 Veðurfreginir
- 22.12 Orð kvöldsins
- 22.15 Fimm fjórðu
- 00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (36:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (37:260)

17.00 Seinfeld

17.30 Ally McBeal (17:23)

18.15 Smallville (9:20)

19.00 Hollyoaks (36:260)

19.30 Hollyoaks (37:260)

20.00 Seinfeld Jerry Seinfeld er uppi-standari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er svo smámunarsamur og sérvitur.

20.30 Ally McBeal (17:23) Gamanþættir sem unnu til fjölda verðlauna á sínum tíma. Þættirnir fjalla um lögræðinginn Ally McBeal og samstarfsfólk hennar en einkalíf þeirra og ástarmál eru drepfyndin og stórfurðuleg.

21.15 Smallville (9:20) Sjöunda þáttaröðin um ofurmennið Superman á unglingsárum. Clark Kent heldur áfram að berjast við ill öfl sem ógna honum og framtíð heimsins.

22.00 Men in Trees (2:19) Önnur þáttaröð um indæla sambandsfræðinginn og rithöfundinn Marin Frist sem nú hefur komið sér vel fyrir í smábænum Elmo í Alaska eftir erfið sambandsslit. Hún virðist hafa fundið hinn eina sanna í Jack sem er hlédrægur en afar heillandi og myndarlegur maður.

22.45 Journeyman (1:13)

23.30 Help Me Help You (1:13)

23.55 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

INN

20.00 Hrafnáping í umsjón Ingva Hrafn Jónssonar. Ingvi Hrafn tjáir sig um viðhorf sín til stjórnmála líðandi stundar.

21.00 í kallfæri Jón Kristinn Snehólm ræðir við gesti sína.

21.30 Guðjón Bergmann Heilsufar Íslendinga er til umræðu hjá Guðjóni Bergmann sem fær til sín góðan gest.

Dagskrá INN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

DR 1

10.00 DR Update - nyheder og vejr 10.10 Horisont 10.35 Aftenshowet 11.00 Aftenshowet med Vejret 11.30 Skibet skal sejle 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 14.00 SPAM 14.30 Hannah Montana 15.00 På flugt 15.30 Biernes By 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport 17.00 Aftenshowet med Vejret 17.30 Ha' det godt 18.00 Sporløs 18.30 Mig og min familie 19.00 TV Avisen 19.25 Kontant 19.50 SportNyt 20.00 Wallander. Det svage punkt 21.30 Sommer 22.25 Seinfeld

NRK1

11.00 NRK nyheter 11.05 Jessica Fletcher 12.00 NRK nyheter 12.05 Barmeny 12.30 ,Allo, Allo! 13.00 NRK nyheter 13.05 Ávd. Barn 13.30 Ace Lightning 14.00 NRK nyheter 14.10 Hannah Montana 14.35 Mona Mørk 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Hund i huset 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Dora utforskeren 16.25 Dykk Ölli, dykk! 16.40 Distriktnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Ut i naturen 17.55 Ansikt til ansikt 18.25 Redaksjon EN 18.55 Distriktnyheter 19.00 Dagsrevyen 21 19.30 Brennpunkt 20.20 Extra-trekning 20.30 Bokprogrammet 21.00 Kveldsnytt 21.15 Heroes 21.55 Løvebakken 22.20 4-4-2. Bakrommet. Fotballmagasin 22.50 Viten om 23.20 Kultumytt

SVT 1

10.00 Rapport 10.05 Hockeykvall 10.35 Toppform 11.35 Sommaren med Monika 13.10 Gomorron Sverige 14.00 Rapport 14.05 Hannah Montana 14.30 Lilla sportspegeln 15.00 Tess och Ubbe 15.10 Yoko! Jakamoko! Toto! 15.15 Slut för idag... tack för idag 15.30 Piggley Winks äventyr 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kultumyheterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Packat & klart 18.30 Andra Avenyn 19.00 Videokväll hos Luuk 19.30 Morgonsoffan 20.00 Mistänkt för mord 22.05 Kultumyheterna 22.20 Höök 23.20 Sändningar från SVT24

Castello
PIZZERIA

Castello 1. árs
PIZZERIA

Af því tilefni eru allar pizzur á matsedli á kr. 1.550,- dagana 13. - 19. okt.

Ekta eldbakaðar ítalskar pizzur

Sími 577 3333

Opnunartími
Sunnud.- fimmi. 11-1
föstud. og laugard. 11-3

Castello Pizzeria
Sími 577 3333
Dalvegi 2
201 Kópavogi

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Ég bý á Seyðisfirði og þar er allt farið í vetrardvala nema sjoppa. Þeir eru með hamborgara sem mikil alúð er lögð í. Þetta eru tvímælalaust bestu landsbyggðar-hamborgarnir.“

Svavar Pétur Eysteinnsson í hljómsveitinni Skakkamanage.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. kirkjuleiðtogi, 6. óreiða, 8. verslun, 9. heyskaparamboð, 11. mun, 12. sljógva, 14. einkennis, 16. tvíhljóði, 17. gagn, 18. suss, 20. hljóta, 21. faðmrag.

LÓÐRÉTT

1. gleðimerki, 3. í röð, 4. flokkur sýklalyfja, 5. svelg, 7. niðurstaða, 10. fálæti, 13. of lítið, 15. málmur, 16. í viðbót, 19. gylta.

LAUSN

LÁRÉTT: 1. brot, 3. áb, 4. fúkalýf, 5. íðu, 7. úrlausn, 10. fæð, 13. van, 15. stál, 16. auk, 19. sú.

LÓÐRÉTT: 2. páfí, 6. rú, 8. búð, 9. of, 11. ku, 12. slæva, 14. aðals, 16. au, 17. nýt, 18. uss, 20. fá, 21. knús.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- 1 Björgvin G. Sigurðsson.
- 2 Klaufar.
- 3 Auðun Helgason úr Fram.



Skilningsríkir Kínverjar bjarga áramótum Íslendinga

„Þessi viðskipti byggjast að miklu leyti upp á trausti en ekki peningum,“ segir Kristinn Ólafsson, framkvæmdastjóri slysavarnafélagsins Landsbjargar. Þrátt fyrir gjaldeyrisskort íslensku þjóðarinnar hefur flugeldainnflutningi verið bjargað fyrir horn. „Við höfðum miklar áhyggjur af flugeldaskorti en erum búnir að tryggja viðskiptin og fá flugeldana.“

Kristinn segir að kínverski innflytjandinn hafi staðið þétt við bakíð á íslensku björgunarsveitunum og sýnt erfiðleikum íslensku þjóðarinnar mikinn skilning. Ljóst er að ef hoggjó yrði skarð í flugeldasöluna myndu björgunarsveitir landsins bera af því mikinn fjárhagslegan skaða enda hefur flugeldasalann verið einn öflugasti þátturinn í fjárflyunarstarfi þeirra. „Kínverjar líta svo á að þessir erfiðleikar muni ganga yfir og vilja

halda viðskiptum sínum við okkur áfram,“ segir Kristinn.

Kristinn tekur fram að þeir í Landsbjörg hafi sýnt því skilning. Hann bjóst þó við að sprengjuglaða þjóðin í norðri ætti eftir að finna fyrir breytingum á framboði.

„Við aðlöguðum okkur auðvitað aðstæðum og það verður eflaust ekki jafn mikið um að menn kaupir dýrar og stórar sprengjur heldur verði meira um fjölskyldupakka,“ útskýrir Kristinn sem óttast ekki hrun í flugeldasölu. „Baráttan við náttúruöflin á ekkert eftir að breytast og við höldum úti sjálfbodaliðum um land allt. Menn verða auðvitað að stíga varlega til jarðar og endurmeta sínar áætlanir en að sjálfsögðu þarf að reka hér áfram björgunarsveitir.“



FLUGELDUNUM BJARGAÐ FYRIR HORN Með góðum stuðningi frá Kínverjum og miklu trausti tókst að tryggja að flugeldasala Landsbjargar verður með eins eðlilegu móti og hugsast getur. Kristinn Ólafsson er framkvæmdastjóri Landsbjargar.

- fgg

HALLA VILHJÁLMSDÓTTIR: UNDIRBÝR LÖGSÓKN EFTIR ÚTBURÐ FÓGETA

Halla Vilhjálmsdóttir borin út úr íbúð sinni í London

„Leigusali minn hefur ekki staðið í skilum við hið opinbera og fyrir klukkutíma komu hér menn frá fógötunum og báru mig út,“ segir leikkonan Halla Vilhjálmsdóttir.

Leikkonan góðkunnna hefur verið búsett í London um skeið en í gær lenti hún í óvæntri uppákomu þegar hún var borin saklaus út úr íbúð sinni. Halla er því heimilislaus á götum London. Hún kemst ekki einu sinni inn í íbúðina því fulltrúar fógötans skiptu um lása á henni. „Það er því bara eitthvert ókunnugt fólk í íbúðinni minni í kringum dótið mitt.“ Leikkonan viðurkennir að þetta sé undarleg tilfinning, hún sé í raun að upplifa á eigin skinni smækkaða útgáfu af raunasögu Íslands; einhver standi ekki í skilum og það bitni á henni.

Tímasetningin á þessum „hamföllum“ Höllu gætu varla verið óheppilegri. Hún var nýkomin heim eftir erfiðar tölur á kvikmynd þar sem hún var nánast í fangelsi í heilan mánuð. Og hafði hlakkað mikið til að eiga rólega og notalega stund í íbúðinni sinni. Ofan á þetta bætast síðan milliríkjadeilur Íslendinga og Breta. „Ég veit ekki hvort leigusali minn hafi átt eitthvað í Icesave og sé að hefna sín á mér,“ segir Halla og reynir að sjá spaugilegu hliðina á þessu öllu.

Leikkonan hefur þó í húsaskjól að vanda hjá vinum sínum í Bretlandi. Og þeir voru ekki lengi að hringja í þarlenda lögfræðinga enda hyggst Halla leita réttar síns fyrir breskum dómstólum. „Þetta er náttúrliga klárt brot á mínum mannréttindum,“ segir Halla. Aðspurð svo hvernig það sé að vera Íslendingur í Bretlandi um þessar mundir segir Halla að hún fái reglulega fræðslu frá ókunnugu fólk um Ísland og fjármálakreppuna þar. „Fyrir rúmri viku voru allir mjög upprifnir yfir því að maður væri frá Íslandi. Í dag er manni eiginlega bara vorkennt.“

freyrgjia@frettabladid.is




HEIMILISLAUS HALLA Leikkonan bar sig vel og sagðist eiga í önnur hús að vanda. Hún ætlar að höfða mál á hendur leigusalanum og er komin með lögfræðinga í málið.

FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

FRÉTTIR AF FÓLKI

Stefán Karl Stefánsson, leikarinn góðkunnur, er mættur til New York þar sem hann undirbýr sig fyrir söngleikinn um Grinch, eða Tröllla. Stefán er því staddur í háborg verslana og viðskipta og ætti því að vera upplýstur um hvernig gangi hjá hans gömlu þjóð. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er Stefán hættur hjá Latabæ og er væntanlega ánægður með það enda yrði það væntanlega erfitt að semja við leikara um laun í íslenskum krónum sem býr í dollara-landinu.



Einar Bárðarson hefur fundið rétta manninn í framkvæmdastjóra-stöðu Concert, umboðsskrifstofu stjarnanna, eins og það er orðað í fréttatilkyngningu. Sá ætti ekki að vera á flæðiskeri staddur þegar kemur að gleði og glaum því framkvæmdastjórinn er **Atli Rúnar Hermannsson**, oftast nefndur Atli skemmtanalögga. Þeir Atli og Einar hafa komið sér fyrir í Reykjanesbæ þar sem Concert verða með skrifstofu og velta menn því nú fyrir sér hvort Einar sé að hefja innrás frá Keflavík í stað útrásar frá Íslandi.

Það vakti nokkurn leiða hjá mörgum þegar Ípoddarnir í Gljúfrasteini, sem eiga að leiða gesti um heimili Nóbelskaldsins **Haldórs Laxness**, voru merktir í bak og fyrir með lógó Glitnis. Svo fór þetta í taugarnar á hópi áhugafólks um íslenska menningu að hann keypti nýja Glitnis-lausa Ípödda og gaf safninu. Á heimasíðu Gljúfrasteins má nú lesa þessa tilvitnun í Sölu Völku: „...þegar öllu er á botninn hvolft þá er lífið þó umfram alt saltfiskur en ekki draumaring!“

- fgg. drg



Skjöldur endurgerir Bubba-lag

„Mig hefur langað til að prófa að vera söngvari síðan ég var sextán ára, en aldrei haft drifkraftinn til að láta það verða að veruleika,“ segir Skjöldur Eyfjörð hárgreiðslumeistari sem hefur endurgerð lag Bubba Morthens, Fjöllin hafa vakað. Lagið kom á Egó-plötunni í mynd árið 1982. Spurður um lagavalið segir Skjöldur það hafa komið til fyrir hálfgerða slysi.

„Ég var í söngtímum í fyrra þar sem við áttum meðal annars að taka íslenskt lag með nýrri nálgun. Við píanóleikarinn vorum að fiflast eitthvað og prófuðum þetta lag. Það kom svo vel út að ég varð alveg ástfanginn af því og fékk leyfi hjá Bubba til að taka lagið og breyta því. Ég fékk Hara-systur til liðs



LEGGUR SÖNGINN FYRIR SIG Skjöldur Eyfjörð hefur breytt laginu Fjöllin hafa vakað í ballöðu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

við mig í bakróddum, en ég og Örlygur Smári, lagahöfundur og útsetjari, erum búnir að taka nýja nálgun á lagið svo Fjöllin hafa vakað er orðið að ballöðu. Það er

mjög dreymið svo ég vildi bíða með það fram á haustið því það er svo kósi tími,“ bætir hann við.

Skjöldur hefur mörgum hnöppum að hneppa því hann á og rekur Hár og tískuhúsið 101 Skjöldur. Aðspurður útilokar hann ekki að gefa út plötu upp á eigin spýtur ef lagið leggst vel í landann. Skjöldur lauk nýverið við gerð myndbands við lagið. „Myndbandið er gert af David Terrazas og er tekið upp á „green screen“ svo allt verður tölvuteiknað á bak við. Það fjallar svoltið um baráttu góðs og ills, því við höfum öll þessa innri baráttu, svo er bara spurning hvora leiðina maður fer,“ segir Skjöldur, en lagið og myndbandið er væntanlegt í spilun eftir tvær vikur.

- ag

FISKBÚÐIN HAFBERG Gnóðarvogi 44, s. 588 8686.

VIÐ LÆKKUM ÝSUFLÖKIN
verð með roði aðeins **990 kr kg**
Mikið úrval fiskrétta

Veljum íslenskt

opið
mán-fös 10-18:15
og lau 11-14:00

HAUSTÚTSALA

50-80%
afsláttur

Aðeins í nokkura daga!

Regatta 
GREAT OUTDOORS[™]
www.utivistogsport.is

OPIÐ
VIRKA DAGA 10 – 18
LAU. 11-16

ÚTIVIST&SPORT
verslun/heildverslun

Reykjavík Faxafen 12 S. 533-1550. Keflavík Hafnargata 25 S. 421-3322

BAKÞANKAR
Jóns Sigurðar
EyjólfssonarSirkus Geira
smart


Ég hef verið að reyna að átta mig á því hvernig við komum okkur í þessa krísu sem nú hefur kverkatak á þjóðinni. Ég fæ ekki betur séð en að við höfum mistigið okkur líkt og sirkus einn sem starfaði við fádæma vinsældir þar til efinn sáði frækornum sínum þar eina kvöldstund.

SVOKALLAÐ útrásargengi var með fádæma tilkomumikla sýningu í þessum sirkus þar sem fill, ljón, sverðagleypir og línudansarar léku listir sínar. En þetta kvöld var sverðagleypirinn í miðju atriði þegar freknóttur krakki rekur upp úr sér þá fullyrðingu að þarna sé ekki um alvöru sverð að ræða. Sagði hann sverðið minnka uppi í manninum því annars væri það fyrir löngu komið út um afturendann á honum. Sirkusstjórinn varð stressaður og ekki léttist á honum brúnin þegar sá freknótti spurði fflinn af hverju hann léti binda sig við lítinn staur. „Þú sem getur rífið heilu trén upp með rótum.“

„**PEGI** þú krakki, hann fer ekkert því hann er taminn,“ segir sirkusstjórinn. „En af hverju þarf þú að binda hann?“ spyr drengurinn. Argentínski sálfræðingurinn og rithöfundurinn Jorge Bucay útskýrir þá að fillinn hafi verið bundinn við þennan staur frá því í frumbersku. Hafi hann þá gert tilraunir til að rífa staurinn upp en ekki tekist. Þá hafi hann ákveðið að það væri ekki hægt og breyttist sú trú hans ekki neitt þótt honum yxi fill um hrygg og væri orðinn sterkasta skepnan í sirkusnum.

SIRKUSSTJÓRINN verður illur þar sem verið er að ræða aðferðafræði hans opinberlega. Fillinn stressast og rífur sig óvart lausan og tekur sjálft sirkustjaldið niður í leiðinni. Flash Gordon verður alveg vitlaus þar sem fullt af Bretum voru búnir að borga rándýra aðgöngumiða á sýninguna.

DAVÍÐ, sem sá um aðgöngumiðana og leysti trúðinn stundum af, segist hafa haft orð á því að staurinn hafi verið of lítill fyrir fflinn. Yfirheyrslur eru reyndar ekki byrjaðar en búið er að slá þann tón að ekki sé rétt að leita að sökudólgum og að enginn hefði getað séð þetta fyrir. Það kæmi mér því ekki á óvart að málalok yrðu þau að sá freknótti verði rassskelltur.



GÓÐAN DAG!
Í dag er þriðjudagurinn
14. október, 287. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	8.16	13.14	18.10
Akureyri	8.05	12.58	17.50

Heimild: Almanak Háskólans

Borgarferðir
Plúsferða

Besta verðið bókast fyrst!

Bilbao

Verð frá:

59.900 kr.

16. og 30. október. Hotel Silken Indautxu. Innifalið: Flug og gisting í 3 eða 4 nætur, morgunverður, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Dublin

Verð frá:

58.560 kr.

23. október. Ballsbridge Inn. Innifalið: Flug og gisting í 4 nætur, morgunverður, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Madríd

Verð frá:

69.357 kr.

6. nóvember. Hotel Tryp Gran Via. Innifalið: Flug og gisting í 3 nætur, morgunverður, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Sevilla

Verð frá:

59.900 kr.

23. október. Hotel Don Paco. Innifalið: Flug og gisting í 3 nætur, morgunverður, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Prag - Nýtt

Verð frá:

59.900 kr.

19. nóvember. Movenpick Hotel. Innifalið: Flug og gisting í 5 nætur, morgunverður, flugvallaskattar og íslensk fararstjórn.

Plúsferðir leggja ávallt áherslu á að bjóða
utanlandsferðir á hagstæðu verði. Komdu út í Plús!Bókaðu strax á www.plusferdir.is

PLÚSFERÐIR – Lág múla 4 – 105 Reykjavík - Sími 535 2100

plús
FERÐIRwww.plusferdir.is